


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




## Gósenland í fjörunni

*Guðrún Hallgrímsdóttir leiðir fjöruferð við Hrakhólma á morgun og er sérstaklega hrifin af þörunganytjum.*

allt 2




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**13. maí 2011**
110. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Óréttlætið enn til staðar

*Eva Gabrielsson, ekkja Stiegs Larsson, segist seint munu geta fyrirgefið ættingjum hans.*

menning 30

## Nýr skemmtiþáttur

*Björn Bragi og Þórunn Antonía ráðin til að stjórna skemmtiþætti á Stöð 2.*

fólk 46



## Ekkert stress

*Matthías Vilhjálmsson segir að FH-ingar séu ekki að fara á taugum þrátt fyrir að hiksta í upphafi tímabils.*

sport 42

## veðrið í dag




**BJART MEÐ KÖFLUM** í dag verður yfirleitt hæg norðlæg átt og bjart með köflum en skýjað A-til. Hætt við stöku skúrum. Hiti breytist lítið.

VEÐUR 4









**VETTVANGSRANNSÓKN** Starfsfólk á bráðamóttökunni í Fossvogi gerði lögreglu viðvart á áttunda tímanum eftir að ungi maðurinn hafði gefið sig fram við það og vísað á líkið í farangursgeymslunni. Lögreglumenn sem komu á vettvang girtu bíl mannsins af með skilrúmum af sjúkrahúsinu. Að lokinni rannsókn tæknideildar lögreglunnar var lík stúlkunnar flutt á brott. Bifreiðin var síðan flutt af vettvangi í geymslu lögreglu til frekari rannsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Játar að hafa banað barnsmóður sinni

**Ungur maður kom akandi á Landspítalann í gærkvöldi með lík tvítugrar barnsmóður sinnar í skottinu. Talið er að konan hafi þá verið látin í nokkrar klukkustundir. Ekki var vitað í gærkvöldi hvar eða hvernig henni var banað.**

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður játaði fyrir lögreglu í gærkvöldi að hafa orðið barnsmóður sinni að bana. Hann hafði komið akandi að Landspítalanum í Fossvogi á áttunda tímanum með lík hennar í skotti bíls síns.

Maðurinn, sem er 25 ára, fæddur árið 1986, vísaði starfsfólki spítalans á líkið. Starfsfólkið kallaði umsvifalaust til lögreglu sem hafði mikinn viðbúnað, girti af bíl mannsins, steingráan Mitsubishi Galant, og rannsakaði vettvanginn gaumgæfilega áður en líkið var flutt á brott.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru litlir áverkar á líki stúlkunnar, sem var tvítug, fædd árið 1990. Læknum og lögreglu hafði í gærkvöldi ekki tekist að greina banamein hennar. Ljóst þykir þó að stúlkan hafi verið látin í nokkrar klukkustundir þegar maðurinn kom með hana á spítalann.

Maðurinn var handtekinn og fluttur á lögreglustöð. Þar sætti hann ströngum yfirheyrslum í gærkvöldi. Þegar blaðið fór í prentun lá ekki að fullu fyrir hvar stúlkunni var ráðinn bani eða nákvæmlega með hvaða hætti andlát hennar bar að.

Tveir ungir menn komu á vettvang skömmu eftir að lögregla girti svæðið af. Að sögn vitna á staðnum sögðust mennirnir vera bræður hins handtekna og að þeir hefðu fengið frá honum símtal um tveimur klukkustundum fyrr.

Maðurinn og stúlkan áttu saman tveggja ára son. **- sh, jss**





AUKASÝNINGAR!
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
Vesturport
Borgarleikhúsið
568 8000 | borgarleikhus.is

gróðurmold garðyrkjumannsins
flúðamold

enginn verksmiðjuáburður
100% íslensk ræktunarmold
lífræn
Úrvalsmold fyrir alla ræktun

Er svefninn vandamál?
Asphalia náttúrulega fæðubótarefnið hefur styrkt eðlilegan svefn hjá fjölda fólks sjá www.asphalia.co.uk
– Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum


FÆST Í FLESTUM APÓTEKUM OG HEILSUBÚÐUM

## SPURNING DAGSINS



*Hjálmar, er ekki verið að bera í bakkafullan lækinn að flytja enn eina styttu niður í miðbæ?*

„Nei, hún mun bera af í sinni síðbúnu fegurð.“

Hjálmar Sveinsson á sæti í skipulagsráði Reykjavíkur sem hefur ákveðið að flytja Vatnsberann, styttu Ásmundar Sveinssonar, frá Öskjuhlíð niður í Austurstræti.

Bandaríkjamenn skýra frá innihaldi dagbóka bin Ladens frá dvölinni í Pakistan:

# Gaf leiðbeiningar um árásir

**BANDARÍKIN, AP** Í dagbókum og öðrum skrifum Osama bin Laden, sem fundust á felustað hans í Pakistan, er að finna leiðbeiningar til hryðjuverkamanna þar sem þeir eru hvattir til að gera fleiri árásir á Bandaríkjamenn.

Meðal annars segir hann þeim að ráðast á Los Angeles ekki síður en New York, beina vopnum sínum að járnbrautum ekki síður en flugvélum, og velja helst mikilvægar dagsetningar til árása.

Þá hvetur hann mennina til



OSAMA BIN LADEN

að drepa sem flesta Bandaríkjamenn í einu, í von um að það dugi til að hrekja þá frá arabaheiminum. Hann segir að einungis ef mannfallið sé talið í þúsundum, eins og haustið 2001, geti það kallað fram raunverulega stefnubreytingu í Bandaríkjunum.

Bandarískir embættismenn segja þessi skrif og fleiri gögn sem fundust sýna að hann hafi áfram gegnt mikilvægu hlutverki í neti hryðjuverkamanna.

Samskipti hans við leiðtoga þeirra hryðjuverkasamtaka sem enn eru talin tengjast Al Kaída, til dæmis í Jemen, Alsír, Írak og Sómalíu, virðast einkum hafa farið fram með því móti að minnislyklar, sem hægt er að stinga í samband við tölvur, eru fluttir á milli með sendlum. Þessi aðferð er seinleg en hefur þann kost að erfitt er að rekja boðin. **- gb**

Ökumaður velti bíl sínum:

# Endurlífguðu mann á Sæbraut

**LÖGREGLUMÁL Sjúkraflutningamenn endurlífguðu mann í hjartastoppi á Sæbrautinni um miðjan dag í gær. Maðurinn hafði líklega misst stjórn á bílnum við hjartastoppið, með þeim afleiðingum að bíllinn fór yfir umferðareyju, á öfugan vegarhelming og valt.**

**Þegar sjúkraflutningamenn komu að honum var hann í hjartastoppi en ekki með alvarlega áverka af völdum bílveltunnar. Hann var endurlífgaður og færður til eftirlits á Landspítalanum.** **- þeb**

Starfsmannastjóri Powells:

# Bush vildi ekki ná bin Laden

**BANDARÍKIN** Lawrence Wilkerson, fyrrverandi starfsmannastjóri Colins Powell, sem þá var utanríkisráðherra í stjórn George W. Bush, segist telja að Bush og ríkisstjórn hans hafi ekki viljað hafa hendur í hári bin Ladens.



LAWRENCE WILKERSON

„Maður gæti verið mjög kaldranalegur og sagt að hann hefði ekki viljað ná honum vegna þess að þegar hann væri kominn í þeirra hendur væri stríðinu lokið og allt pólitíska forskotið þar með farið,“ sagði hann í sjónvarpsviðtali. „Eða maður gæti sagt að þeir hafi gert sér grein fyrir því að það væri nánast ómögulegt að ná honum vegna þess sem þeir höfðu gert bæði leyniþjónustunni og öðrum þeim stofnunum sem þurfti til að ná honum. Þeir voru nánast búnir að leggja það allt í rúst.“ **- gb**



**LEIF MAGNÚS** Leif ásamt Grétari föður sínum, Hildi Helgadóttur ömmu sinni og Valgerði Erlu Óskarsdóttur föðursystur sinni.

MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Leif Magnús flytur til Íslands í sumar

**Grétar Óskarsson hefur fengið úrskurðað fullt forræði yfir Leif Magnúsi syni sínum. Leif kemur til Íslands í júní þegar skólahaldi í Noregi lýkur. Leif hefur búið hjá ættingjum þar í landi frá því að norsk móðir hans var myrt í mars.**

**FÓLK** „Þetta eru mjög góð tíðindi. Það er þungu fargi af okkur öllum létt,“ segir Óskar P. Friðriksson, afi hins átta ára gamla Leifs Magnúsar Grétarssonar Thisland. Norskur dómstóll hefur samþykkt að veita Grétari, föður Leifs, fullt forræði yfir honum og er von á Leif til Íslands í byrjun júní þegar skólahaldi lýkur í bænum Mandal í Noregi. Þar hefur hann búið hjá norskum ættingjum frá því að móðir hans, Heidi Thisland Jensen, var myrt á hrottafenginn hátt af kærasta sínum í mars síðastliðnum.

„Ég talaði við Leif í gær og þá lá bara vel á honum, hann hlakkar mikið til að koma til okkar,“ segir Óskar og bætir við: „Við höfum auðvitað verið í miklu sambandi við hann en við pössum okkur þó að hringja ekki í hann allt of oft heldur. Hann er hjá mjög góðu fólki.“

Óskar á ekki von á því að það reynist Leif erfitt að aðlagast lífi á Íslandi. Hann hefur haft annan fótinn hér á landi undanfarin ár og bjó meðal annars hér frá júní 2008 til ágúst 2010. Íslensk fjölskylda Leifs býr í Vestmannaeyjum og þar gekk hann um tíma í skóla.

„Það er hins vegar skylda okkar núna að sjá til þess að hann fái áfram að umgangast og vera með sínum ættingjum í Noregi. Amma hans talar til dæmis enga íslensku og þess vegna höfum við ráðið manneskju til að kenna honum og halda við norskunni,“ segir Óskar og bætir við: „Núna horfum við bara björtum augum á framtíðina og vonandi gróa sárin með tímanum. Þetta var náttúrlega gríðarleg áfall. Fyrir utan það að missa Heidi stóðum við allt í einu frammi fyrir því að þurfa að sanna okkur fyrir ættingjum hennar úti. En með góðra manna hjálp og mörgum bænum hefur þetta farið svona.“

Grétar, sonur Óskars, kynntist Heidi þegar hún dvaldist á sveitabæ hér á landi árið 2002. Þau felldu hugi saman og eignuðust Leif Magnús í janúar 2003. Heidi fluttist aftur til Noregs með drenginn en þau komu reglulega í langar heimsóknir til Íslands.

Heidi fannst látin af völdum stungusára fyrir utan heimili sitt í Mandal hinn 20. mars síðastliðinn. Nokkrum klukkustundum síðar var kærasti hennar handtekinn en hann hefur síðan játað á sig morðið. **- mþl**

Ötull bruggari ákærður:

# Var með 1.100 lítra af bruggi

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært karlmann á fertugsaldri fyrir landabrugg. Manninum er gefið að sök að hafa á heimili sínu í Skólagerði í Kópavogi framleitt í söluskyni 850 lítra af gambra.

Gambrinn reyndist vera með 9 til 13 prósenta áfengisstyrkleika. Jafnframt er manninum gefið að sök að hafa framleitt 330 lítra af landa, með 34 prósenta og 58 prósenta styrkleika. Áfengið fannst við húsleit lögreglu á heimili mannsins í nóvember í fyrra. **- jss**



**Í ÚRSLIT** Dönsku keppendurnir voru að vonum lukkulegir með að komast í úrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Seinna úrslitakvöldið:

# Danir og Svíar í úrslitakeppnina

**EUROVISION Svíar og Danir voru meðal þeirra landa sem komust í úrslit Eurovision-söngvakeppninnar í gærkvöldi, þegar seinni undanúrslitakeppnin fór fram.**

**Ásamt þeim komust Bosnía og Hersegóvína, Austurríki, Úkraína, Moldóva, Slóvenía, Rúmenía, Eistland og Írland áfram í úrslitin. Þau bætast því í hópinn með Íslandi, Serbíu, Rússlandi, Sviss, Georgíu, Finnlandi, Ungverjalandi, Litháen, Aserbaídsjan og Grikklandi, sem komust áfram síðastliðinn þriðjudag.**

**Úrslitakeppnin fer fram á morgun og verða Íslendingar númer 21 í röðinni á svið.** **- þeb**

Rannsóknir í Danmörku:

# Drýgja tekjur sem tilraunadýr

**DANMÖRK Mikil ásókn er meðal Dana í að gerast tilraunadýr fyrir hinar ýmsu rannsóknir. Þetta kemur fram í þarlendum fjölmiðlum og eru leiddar líkur að því að peningaþóknun hvetji fólk til þátttöku.**

**Alls eru 3.500 manns nú skráðir inn á heimasíðu þar sem bjóðast allt að tíu þúsund danskar krónur, rúmlega 200 þúsund íslenskar, fyrir þátttöku.**

**Það þykir sumum skjóta skökku við þar sem lög kveða á um að peningar megi ekki vera ástæða þátttöku. Hefur siðanefnd vísindaráðs þar í landi ákveðið að skoða málið frekar.** **- þj**


Eftirlæti

...endilega fáið ykkur

Smámál frá MS hafa notið vinsælda hjá stórum og smáum í fjölda ára. Þau fást í tveimur gómsætum bragðtegundum, karamellu og súkkulaði.



...hvert er þitt eftirlæti?

ms.is


Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti karlmann og konu sem slösuðust í bílslysi:

# Fólkið er ekki talið í lífshættu

**SLYS** Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti mann og konu á bráðamóttöku Landspítalans eftir harðan árekstur á þjóðveginum við Skriðuland, nærri Búðardal, á fimmta tímanum í gær.

Ástand fólksins var stöðugt í gærkvöldi og það ekki talið í bráðri lífshættu, samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum.

Slysið virðist hafa orðið með þeim hætti að fólksbíl með hjólhýsi í eftirdragi hafi verið ekið í veg fyrir jeppa sem ók eftir þjóðveginum, samkvæmt upplýsingum frá vegfarendum sem komu á vettvang eftir slysið. Erfiðlega gekk að klippa karlmann sem slasaðist út úr bílnum, sem er gerónýtur eftir áreksturinn.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Borgarnesi tafðist umferð mikið í nokkra klukkutíma vegna slyssins. **- bj**



**SÓTT** Óttast var að maður og kona væru alvarlega slösuð eftir bílslys við Skriðuland og var þyrla Landhelgisgæslunnar kölluð til. FRÉTTABLAÐIÐ/GAR




## DAGSKRÁ HÁTÍÐARINNAR

**Laugardagur** Kaldalón og Norðurljós

Fram koma m.a.:

**Karlakórinn Fóstbræður**
**Gissur Páll Gissurarson/Caput-hópurinn**
**Kammersveit Reykjavíkur**
**Ólafur Arnalds**
**Kór Íslensku óperunnar**
**Kristinn H. Árnason**
**Björn Thoroddsen og Kazumi Watanabe**
**Tríó Tómasar R. Einarssonar í anddyri**

**Laugardagskvöld** Silfurberg kl. 19:30

**Apparat Organ Quartet**
**Mammút**
**Agent Fresco**
**Valdimar**
**Hjaltalín**
**Jónas Sigurðsson og ritvélar framtíðarinnar**
**Lights on the Highway**
**HAM**

**Sunnudagur**

Fram koma m.a.:

**Sinfóníuhljómsveit Íslands og Maxímús Músíkus (uppselt).**
**Herra Pottur og ungfrú Lok í Kaldalóni, tvær sýningar kl. 17:00 og 17:45.**
**Tónlistarhátíð barna og unglinga í Silfurbergi, kl. 13:00. 300 flytjendur - fjölbreytt efnisskrá.**

# LAUGARDAGUR

**Fjölbreytt tónlistardagskrá** í þremur sölum og í anddyri. Húsið verður opnað kl. 11:00. Dagskrá lýkur á miðnætti. Aðgangur ókeypis.

**ATH!** Hægt verður að fylgjast með **Evróvisjón** á skjá í Norðurljósum á meðan rokkhátíð fer fram í Silfurbergi.

# SUNNUDAGUR

**Barnadagur í Hörpu.** Fjölbreytt dagskrá fyrir börn í öllu húsinu. Húsið verður opnað kl. 11:00. Dagskrá lýkur kl. 19:00. Aðgangur ókeypis **(nema á Maxímús - uppselt).**

**Fylgstu með beinni sjónvarpsútsendingu** á RÚV frá opnunarhátíð Hörpu í Eldborg í dag kl. 17:55. Fjöldi listamanna kemur fram.

### Nánari upplýsingar um dagskrána

Athugið að í Hörpu-bæklingnum sem dreift hefur verið, má finna nánari upplýsingar um dagskrá helgarinnar.

Bæklinginn má einnig finna á **www.harpa.is**

**Harpa - húsið þitt**

www.harpa.is

HARPA
TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSIÐ Í REYKJAVÍK

ÍSLENSKA SIA.IS POR 54750 05/11

## GENGIÐ 12.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,35 | 115,91 |
| Sterlingspund | 187,50 | 188,42 |
| Evra | 162,95 | 163,87 |
| Dönsk króna | 21,853 | 21,981 |
| Norsk króna | 20,841 | 20,963 |
| Sænsk króna | 18,140 | 18,246 |
| Japanskt jen | 1,4249 | 1,4333 |
| SDR | 183,04 | 184,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

218,953

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Innanríkisráðherra um fjölgun kæra vegna kynferðisbrota til lögreglu:

# Tryggja þarf nægilegt fjármagn

**LÖGGÆSLUMÁL** „Við þurfum að sjálfsögðu að skoða fjárveitingarnar og tryggja nægilegt fjármagn til þessara mála. Þær hafa verið af skornum skammti eins og til annarra opinberra stofnana og starfsemi.“

Þetta segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, spurður um viðbrögð við fréttum af auknum fjölda kæra, til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, vegna kynferðisbrota.

„Svo er hitt, sem við hljótum að velta fyrir okkur líka, og það snýr að forgangsröðun á rannsóknum



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Segir að skoða þurfi fjárveitingar til þeirra sem rannsaka kynferðisbrot.

glæpamála,“ útskýrir Ögmundur.

Ráðherra segist telja skýringar á fjölgun kærumála vegna ofbeldisbrota af þrennum toga.

„Í fyrsta lagi skal nefna að það sé að eiga sér stað vitundarvakning í þjóðfélaginu, sem gerir fórnarlömbunum auðveldara að sækja rétt sinn. Í annan stað að um sé að ræða aukið traust til lögreglunnar og vaxandi traust til réttarkerfisins á þessu málasviði. Í þriðja lagi er náttúrlega sú skýring að í kreppuástandi kunni ofbeldisglæpum að fjölga.“

Ögmundur segir að séu tvær fyrstnefndu skýringarnar réttar þá eigi að kappkosta að halda áfram á þeirri braut. - jss

Hrottaskapur gegn hryssu:

# Lögregla rannsakar dýraníð

**LÖGREGLUMÁL Lögregla rannsakar nú dýraníðsmál sem komið er upp á Eskifirði, að sögn Óskars Bjartmarz yfirlögregluþjóns hjá lögregluembættinu á Seyðisfirði.**

**Grunur leikur á að eggvopni hafi verið beitt á kynfæri hryssu og hún skorin inni í skeiðinni, þannig að mikið blæddi úr. Málið var kært til lögreglu sem hóf þegar rannsókn. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var eggvopnið ófundið í gær.**

**Auk lögreglu hefur málið verið kært til Matvælastofnunar.** - jss

McCain ósáttur við Mukasey:

# Ekkert gagn að pyntingum

**BANDARÍKIN** John McCain, öldungadeildarþingmaður og fyrrverandi forsetaframbjóðandi Repúblikanaflokksins, segir ekkert hæft í fullyrðingum um að pyntingar á grunuðum hryðjuverkamönnum hafi gegnt lykilhlutverki í því að afla upplýsinga sem leiddu til þess að Osama bin Laden fannst og var síðan ráðinn af dögum. McCain segist hafa fengið staðfestingar á þessu hjá Leon Panetta, yfirmanni leyniþjónustunnar CIA, sem stangist á við fullyrðingar Michaels Mukasey, fyrrverandi dómsmálaráðherra í stjórn George W. Bush, um gagnsemi pyntinga.



**JOHN MCCAIN**

McCain er sjálfur fyrrverandi stríðsfangi frá Víetnam og mátti þá sæta pyntingum. - gb

Fyrrverandi fangavörður:

# Samsekur um morð nasista

**MÜNCHEN, AP John Demjanjuk var í gær dæmdur til fimm ára fangavistar fyrir aðild sína að dauða þúsunda manna í Sobibor-útrýmingarbúðum nasista á styrjaldarárunum.**

**Demanjuk var varðmaður í Sobibor um nokkurra mánaða skeið árið 1943 og þótti því samsekur um morð á þeim 28 þúsundum sem létust þar á þeim tíma.**

**Demjanjuk, sem er 91 árs, fæddist í Úkraínu en fluttist til Bandaríkjanna eftir stríð. Hann hefur um árabil neitað þáttöku í grimmdarverkum nasista og segir sönnunargögnin fölsuð.** - þj

# Rannsaka vinnubrögð siðanefndar HÍ í máli Vantrúar

**Óháð nefnd fer yfir störf siðanefndar Háskóla Íslands. Formaðurinn sakaður um þjónkun við Vantrú og óheiðarleg vinnubrögð en nýtur trausts rektors. Mikill titringur í skólanum. Kennari íhugar skaðabótamál.**

**MENNTAMÁL** Háskólaráð Íslands hefur skipað þriggja manna sérfræðinganefnd til að rannsaka vinnubrögð siðanefndar skólans þegar hún hafði til meðferðar kæru Vantrúar á hendur guðfræðikennara við skólann. Formaður nefndarinnar er meðal annars sakaður um að leka trúnaðarupplýsingum um málið til formanns Vantrúar og eiga við hann náin samskipti.



**BJARNI RANDVER SIGURVINSSON**

Málið á sér eins og hálfs árs sögu og hefur á síðustu stigum þess verið afskaplega viðkvæmt innan skólans og valdið miklum titringi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Tuttugu manna hópur kennara á hugvísindasviði hittist meðal annars á fundi vegna málsins, en einn úr þeirra hópi hefur mótmælt framferði siðanefndarinnar harðlega með bréfaskrifum til stjórnenda skólans og nemenda Bjarna.

Forsaga þess er sú að Vantrú kvartaði til siðanefndar yfir námsefni guðfræðingsins Bjarna Randvers Sigurvinssonar. Í glærukynningu námskeiðs sem Bjarni kenndi fjallaði hann um Vantrú á hátt sem félagsmönnum þótti ósæmilegur og birti meðal annars myndasyrpu af forvígismönnum félagsins sem þeim þóttu líkjast sakamannauppstillingu.

## Rannsakendurnir þrír

Þrennt hefur verið skipað í nefndina sem fara á yfir vinnubrögðin og leggja til úrbætur á starfsreglum siðanefndarinnar. Þau eru:

- Elín Díanna Gunnarsdóttir, sálfræðidósent við Háskólann á Akureyri.
- Sigurður Þórðarson, fyrrverandi ríkisendurskoðandi.
- Þórhallur Vilhjálmsson, aðallögfræðingur Alþingis.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Talsverðar ólgu hefur gætt í skólanum vegna málsins, ekki síst undanfarnar vikur og mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Siðanefndin, undir forystu Þórðar Harðarsonar læknisfræðiprófessors, tók málið til meðferðar eftir kvörtunina.

Gögn málsins, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, bera með sér að Þórður hafi í kjölfarið átt nokkur samskipti við formann Vantrúar og haldið honum vel upplýstum um gang málsins. Hann hafi jafnvel sent á hann trúnaðarsamskipti við stjórnendur í háskólanum. Á sama tíma var ekkert samband haft við Bjarna.

Þetta er Bjarni Randver afar óánægður með og lögmaður hans, Ragnar Aðalsteinsson, hefur gagnrýnt vinnubrögðin harðlega í greinargerðum sem hann hefur sent háskólarektor, siðanefndinni og fleirum.

Eftir að gagnrýnin kom fram sagði Þórður sig frá málinu og var nýr formaður settur yfir málið í hans stað. Þórður hefur síðan verið skipaður formaður siðanefndarinnar á nýjan leik.

„Ég tel að hann hafi brotið á mér með slíkum hætti að hann geti ekki verið í siðanefnd,“ segir Bjarni í samtali við Fréttablaðið. Hann bætir við að þegar niðurstaða þremenninganna liggi fyrir muni hann kanna mögulegan bótarétt sinn, enda hafi málið verið honum dýrt.

## Eitt margra erfiðra mála

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, vill ekki tjá sig efnislega um mál Bjarna og Vantrúar meðan á þessu ferli stendur. Spurð um áhrif málsins á andann í skólanum svarar Kristín: „Þetta er stór stofnun og það er ekkert óeðlilegt í svona umhverfi að fólk hafi sterkar og skiptar skoðanir. Það eru mörg erfið mál sem þarf að leysa og þetta er eitt af þeim.“



**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR**

Þórður Harðarson, formaður siðanefndarinnar, hefur hlotið talsverða gagnrýni vegna framgöngu sinnar í málinu. „Þetta er bara önnur hlið málsins og hann nýtur míns fyllsta trausts,“ segir Kristín.

Vantrú hefur síðan fallið frá málinu, að sögn vegna þess að ófriðurinn sem skapaðist í kringum málið hafi eyðilagt það. stigur@frettabladid.is


SUMARTILBOÐ

10" spjaldtölva 45.000.KR

(69.800)



10" Taska með lyklaborði 5.300kr

HUAWEI 3G netpungur 12.500





2b.is

Erum á móti IKEA í Gallery Art2b

Kauptún 3 - Garðabær - S.5 800 800 - www.2b.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**EVRÓVISJÓN-VEÐRIÐ** verður heilt á litið nokkuð gott og einkum suðaustanlands. Það eina sem gæti truflað gleðskapinn er væta um suðvestan og vestanvert landið seinna um kvöldið. Vindur verður þokkalega hægur og hitinn svipaður og í dag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 17° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 22° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 16° |
| París | 19° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# HJÓLAÐU Í VINNUNA Á HÁGÆÐA HJÓLI

**VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!**

* Frí heimsending á hjólum *

**RALEIGH**

**250.000.000 REIÐHJÓL SELD!**

**VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!**

RALEIGH hjólin hafa verið framleidd frá 1887 og í dag er Raleigh stærsta reiðhjólafyrirtæki í heimi.
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum






## RALEIGH 26" AVENUE

// **Gírar:** 7 gíra Shimano TX30/RS31-7 // **Bremsur:** Promax Alloy V-TX115C // **Aukahlutir:** Stál stell, keðjuhlíf, böglaberi, bretti að aftan og að framan, rafdrifið ljós að framan, 36 teina X-PERT double wall gjarðir, Kenda dekk, bjalla //

**49.999 kr**

## CROSS 28" ARROW/ARRINA

// **Gírar:** 21 gíra Shimano TX31 Gripshift // **Bremsur:** Promax Alloy V-TX115C // **Gaffall:** HL CL-T130 með dempara // **Aukahlutir:** Ál stell, böglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lukt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla //

**59.999 kr**

**VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!**

**CROSS** www.crosscycle.com

**GÆÐA MERKI Í HJÓLUM!**

CROSS hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum
- Álstell með innbrenndum lit





## CROSS 20" ROCKY/ALISSA

// **Gírar:** 6 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C // // **Aukahlutir:** Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

**29.999 kr**

## CROSS 24" ROCKY/ALISSA

// **Gírar:** 18 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C // // **Aukahlutir:** Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

**34.999 kr**

Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36. Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.

## GRILL Á GÓÐU VERÐI



**Grand**
Gasgrill
ER8102H-2
**14.999 kr**
TILBOÐ



2 BRENNARAR

**Grand**
Gasgrill
ER7802A
**39.999 kr**



4 BRENNARAR MEÐ HLIÐARHELLU

**grandhall** living style
Gasgrill
Xenon 223
**99.999 kr**

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

**HAGKAUP** Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Horfðir þú á undankeppni Eurovision á þriðjudag?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 70,5% |
| NEI | 29,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að horfa á aðalkeppni Eurovision annað kvöld?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Nefnd um framtíð verðtryggingarinnar vill vinna að leiðum til að draga úr vægi hennar hér á landi:

# Nefndin vill fjölbreyttari óverðtryggð lán

**EFNAHAGSMÁL** Tryggja ætti fjölbreyttara framboð á óverðtryggðum lánum til móts við þau verðtryggðu til að draga úr vægi verðtryggingar hér á landi. Þetta er niðurstaða nefndar um verðtryggingu sem skilaði í gær skýrslu til efnahags- og viðskiptaráðherra.

Í þessu augnamiði leggur nefndin til að Íbúðalánasjóður bjóði upp á óverðtryggð lán. Í skýrslunni kemur fram að óvarlegt sé að leggja blátt bann við notkun verðtryggingar. Ef stjórnvöld vilji banna verðtrygginguáhúsnæðislánum verði sú breyting ekki afturvirk og hafi ekki áhrif á gerða samninga.

Í skýrslunni segir að verðtryggingin sé í raun birtingarmynd vandans. Vandinn sé í raun verðbólgan. Afar illa hafi gengið að halda henni í skefjum hér á landi.

Nefndarmenn voru ekki sammála um möguleika á afnámi verðtryggingar án þess að auka óstöðugleika. Fulltrúar Framsóknarflokks og Hreyfingarinnar, auk Lilju Mósesdóttur vildu afnema verðtrygginguna í skrefum.

Fulltrúi Samfylkingarinnar vill stefna að inngöngu í Evrópusambandið og að upptöku evru til að vextir og verðbólga færist nær því sem gerist í sambandinu.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins styður ekki afnám verðtryggingar á þessari stundu þar sem byggja verði upp peningalegar eignir hér á landi með því að hvetja til sparnaðar. Hann lagði þó áherslu á að fráleitt væri að vera í raun með tvær myntir, verðtryggða og óverðtryggða krónu, í ekki stærra landi. **- bj**



**LÁNAMÁL** Nefnd sem fjallaði um framtíð verðtryggingarinnar klofnaði í afstöðu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jóhanna gagnrýnir frumvarp:

# Átelur brot á samkynhneigðum í Úganda

**ALÞINGI Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að Íslendingar hlytu að fordæma mjög harðlega mannréttindabrot gegn samkynhneigðum í Úganda.**



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

**Nokkrum sinnum hefur verið lagt fram frumvarp þar í landi sem gerir samkynhneigð refsiverða, ýmist með lífstíðarfangelsi eða dauðarefsingu. Vegna mótmæla utan úr heimi hefur frumvarpið nú verið dregið til baka en boðað að það verði lagt fram á nýjan leik.**

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, innti Jóhönnu eftir áliti sínu á málinu á Alþingi í gær. Jóhanna svaraði því meðal annars til að henni þætti rétt að utanríkisráðherra skoðaði hvort Íslendingar ættu að draga úr þróunaraðstoð við Úganda linnti brotunum ekki. Íslendingar hafa veitt yfir milljarð til Úganda á fjórum árum. - sh**

**DÓMSMÁL**

### Ákærð fyrir að sparka í bíl

Tæplega þrítug kona hefur verið ákærð fyrir að sparka og slá í bíl, sem beyglaðist við það. Bíllinn stóð við skemmtistaðinn Halann í Reykjanesbæ. Eigandi bílsins krefur konuna um tæplega 120 þúsund króna skaðabætur auk vaxta.

### Réðst á mann og slasaði

Tvítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að ráðast á mann fyrir framan Kaffi 59 í Grundarfjarðarbæ og kýla hann í andlitið. Árásin átti sér stað í desember á síðasta ári. Maðurinn sem ráðist var á féll til jarðar og hlaut áverka í andliti.

### Þóttust vera frá Svíþjóð

Þrír eþíópískir ríkisborgarar, tveir karlar og ein kona, hafa verið dæmdir í mánaðar fangelsi fyrir að framvísa fölsuðu vegabréfi við komuna til landsins á föstudaginn var. Fólkið var allt með sænskt vegabréf. Það játaði brotið greiðlega.

**VIÐSKIPTI**

### Steinn er stjórnarformaður

Steinn Logi Björnsson hefur verið valinn til að setjast í sæti stjórnarformanns Símans. Hann tók við forstjórastarfi hjá Skiptum í síðasta mánuði. Steinn Logi tók jafnframt við stjórnarformennsku í Högum af Jóhannesi Jónssyni, kenndum við Bónus, í ágúst í fyrra.

# Tímamótasamningur um leit og björgun

**Aðildarríki Norðurskautsráðsins hafa undirritað samning um öryggi á norðurslóðum. Siglingar nánast allt árið gætu orðið innan tíu ára. Samningurinn þykir mikilvægt fordæmi. Ísland vill samning um mengunarvarnir.**

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðherrar aðildarríkja Norðurskautsráðsins undirrituðu í gær í Nuuk á Grænlandi samning um leit og björgun á norðurslóðum.

„Þessi samningur skiptir miklu máli fyrir Ísland og aðrar þjóðir vegna þess að hann tryggir greiðara samstarf yfir lögsagnarmörk. Ef í nauðir rekur verður hægt að nýta getu annarra þjóða til þess að koma að leit og björgun,“ sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra að lokinni undirskrift samningsins.

Auk hans undirrituðu samninginn utanríkisráðherrar hinna aðildarríkja Norðurskautsráðsins, sem eru Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Rússland, Kanada og Bandaríkin.

Össur lagði áherslu á að gagnkvæmu skuldbindingunum fylgdi aukið öryggi. „Þær gera okkur sem höfum yfir stóru umdæmi að ráða miklu tryggari þegar umferð fer að aukast hér, til dæmis flutningar á stórum olíuskipum og þegar ný svæði til vinnslu fara að opnast.“

Siglingar allt árið á norðurslóðum verða miklu fyrr en áður var talið, að sögn Össurar. „Samkvæmt því sem vísindamenn sýndu hér á ráðstefnunni gætu siglingar nánast allt árið orðið innan tíu ára í stað þrjátíu til fjörutíu ára eins og áður hafði verið áætlað. Ástæðan er sú að stór svæði munu bráðna algjörlega. Það sem er að vetrinum er bara lagnaðarís liðins árs og þegar er verið að byggja skip sem hæfa til þess konar flutninga.“

Um tímamótasamning er að ræða að mati fulltrúa aðildarríkjanna.

„Þetta er mjög mikilvægur samningur, bæði vegna innihalds hans og vegna þess að eftir fundinn hér í Nuuk voru það almenn sammæli allra að samningurinn ætti að vera fordæmi fyrir fleiri samninga.“

Össur tók það fram að Íslendingar hefðu barist fyrir gerð samnings um mengunarvarnir.

„Ég átti til dæmis orðaskipti við Rússa og þeir lýstu því yfir að þeir litu svo á að þessi samningur væri gegnumbrot og að í anda hans ætti að gera fleiri samninga, til dæmis samning um mengunarvarnir ef olíuslys yrðu. Það má segja að þegar Rússar eru komnir um borð í þetta er björninn unninn. Þetta verður næsta verk.“

**ibs@frettabladid.is**

**Norðurslóðir**




„Þessi samningur skiptir miklu máli fyrir Ísland og aðrar þjóðir vegna þess að hann tryggir greiðara samstarf yfir lögsagnarmörk.

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
UTANRÍKISRÁÐHERRA

Verið var að hreinsa ofna í Munnhörpunni þegar hreinsiefni lak út í loftið:

# Níu á slysadeild eftir eitrun

**SLYS** Níu manns voru fluttir á spítala með misvæg eitrunareinkenni vegna ofnhreinsiefnis sem lak í tónlistarhúsinu Hörpu um miðjan dag í gær. Fólkið fann fyrir sviða, hósta og ógleði meðal annars.

Allt tiltækt slökkvilið var kallað að Hörpu og lögregla lokaði svæðinu í kringum húsið. Húsið var rýmt um stund en hættuástandi svo aflýst rétt fyrir klukkan sex.

Verið var að hreinsa ofna á veitingastaðnum Munnhörpunni og barst hreinsiefni í öryggiskerfi hússins, sem nam lekann. Að sögn Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur tónlistarstjóra mun atvikið ekki hafa áhrif á opnunarhátíðina í dag. **- þeb**



**Á SLYSSTAÐ** Lögregla tæmdi húsið en hundruð manna voru þar þegar lekinn varð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Nytjamarkaðurinn

INNFLUTNINGSTILBOÐ!

Í tilefni af flutningi Nytjamarkaðarins í nýtt húsnæði að **Súðarvogi 3** bjóðum við **50%** afslátt **föstudag og laugardag, 13. og 14. maí.**

Opið frá kl 12.00—18:00






TILBOÐ á 1 lítra Kókómjólk

Nýjar og betri umbúðir!



# Framkvæmdalán

## 5,5% óverðtryggðir vextir* og **engin** lántökugjöld

Framkvæmdalán er hagkvæm leið til endurbóta. Lánið er óverðtryggt skuldabréfalán með breytilegum kjörvöxtum samkvæmt vaxtatöflu bankans hverju sinni. Það býðst einstaklingum með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Framkvæmdalán geta numið allt að 1,5 milljónum gegn veði og allt að 750.000 kr. án veðs.

**Kynntu þér framkvæmdalánin á www.islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.**

*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 21.04.2011

ALLIR VINNA
ALLIRVINNA.IS

**Stjórnvöld hafa framlengt átakið ALLIR VINNA til 1. janúar 2012**

Þú getur fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti og allt að 300.000 kr. skattafrádrátt vegna framkvæmda. Allt um það á www.allirvinna.is.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-0196

alain
mikli

# Alain Mikli í Linsunni




Sýning á gleraugum frá Alain Mikli
í dag og á morgun

Einstök ný hönnun og fallegir litir
Komdu – Mátaðu – Upplifðu

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055



Neytendastofa bannar auglýsingar Morgunblaðsins rúmu ári eftir að þær birtust:

# Villandi og rangar fullyrðingar

**FJÖLMIÐLAR** Neytendastofa hefur bannað Morgunblaðinu að birta auglýsingar með samanburði við Fréttablaðið vegna villandi framsetningar og rangra fullyrðinga sem fram komu í auglýsingunum. Neytendastofa tók ríflega ár í að úrskurða um auglýsingarnar, sem hafa ekki verið í umferð í rúmt ár.

Í auglýsingum Morgunblaðsins voru að mati Neytendastofu rangar fullyrðingar um að Fréttablaðinu sé aðeins dreift á hluta höfuðborgarsvæðisins og Akureyri. Í ákvörðun Neytendastofu segir að hlutfallið sé svo hátt að orðalagið í auglýsingunum sé rangt.


**DAGBLÖÐ** Rúmlega ár tók að fá niðurstöðu Neytendastofu um auglýsingar um lestur dagblaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Neytendastofa telur einnig rangt að fullyrða að fólk verji stuttum tíma í að lesa Fréttablaðið en mun lengri tíma í að lesa Morgunblaðið. Munurinn sé minni en svo að þessi fullyrðing standist. Þá gerir Neytendastofa einnig athugasemdir við að borinn sé saman heildarlestur yfir vikuna á sex tölublöðum Fréttablaðsins en sjö tölublöðum Morgunblaðsins.

Að lokum telur Neytendastofa að framsetning í sjónvarpsauglýsingum á hraðabreytingum, sem sýna áttu muninn á lestrartíma blaðanna, hafi verið villandi. **- bj**

# Hagstjórnarmistök gætu leitt til hruns

**Allt að átta prósenta hagvöxtur hefði getað orðið hér í fyrra í stað 3,5 prósenta samdráttar. Þjóðin tapaði áttatíu milljörðum króna vegna hringlandaháttar og skattastefnu ríkisstjórnarinnar, að sögn Ragnars Árnasonar hagfræðiprófessors.**

**EFNAHAGSMÁL** Röng skattastefna vinstristjórnarinnar í dýpsta samdráttarskeiði landsins í tæp hundrað ár án hagvaxtar gæti valdið því að ríkið yrði gjaldþrota eftir þrjú til fjögur ár. Þetta fullyrðir Ragnar Árnason, prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands.

„Ríkið hækkar skatta og gjöld og leitar uppi nýja skattstofna. Það er ógn við framtak og atvinnurekstur,“ segir hann.

Ragnar var með erindi um tengsl skatta og hagvaxtar á morgunverðarfundi Deloitte í gær ásamt Völu Valtýsdóttur, sviðsstjóra skatta- og lögfræðisviðs fyrirtækisins.

Ragnar fór harkalegum orðum um stjórnvöld. Hann benti á að íslenskt hagkerfi hefði dregist saman um næstum ellefu prósent á síðastliðnum þremur árum, þar af um 3,5 prósent í fyrra. Hefði verið haldið rétt á spilunum hefði hagvöxtur þvert á móti getað orðið allt að 2,0 prósent í fyrra eins og í mörgum löndum hins vestræna heims. Háir vextir, gjaldeyrishöft, óstöðugleiki, árásir á grunnatvinnuvegi þjóðarinnar og ráðaleysi stjórnvalda í mörgum málum hefðu hins vegar gert illt verra, í raun valdið því að hagvöxtur hefði orðið 5,5 prósentum lægri en ella og landsmenn því tapað áttatíu milljörðum króna, samkvæmt útreikningum hans.

Ragnar sagði mikilvægt að gera allt til að byggja undir hagvöxt, þar á meðal að koma því fólki í vinnu sem vildi vinna. Hefði það verið gert í fyrra hefði hagvöxtur getað orðið sex til átta prósent, tekjur ríkisins aukist og stjórnvöld getað greitt niður skuldir.

„Það er nauðsynlegt að gera vinnu ábatasamari. Allir þurfa að sjá sér hag í því að fara út á vinnumarkað,“ sagði Ragnar og bætti við að í stað þess að lokka fólk út á vinnumarkað hefði bótakerfið verið styrkt og auknar byrðar verið lagðar á herðar atvinnurekenda. Það skilaði þveröfugum áhrifum, fólk sæi hag sínum betur borgið að vera á atvinnuleysisbótum en í vinnu og fyrirtæki gætu ekki ráðið fólk vegna hækkunar á sköttum og gjöldum.

**jonab@frettabladid.is**


**RANGT AÐ HÆKKA SKATTA Í MIÐRI KREPPU** Ragnar Árnason hagfræðiprófessor segir að allt hefði átt að gera til að koma fólki í vinnu. Þess í stað hafi bótakerfið verið styrkt og álögur á fyrirtæki verið auknar. Afleiðingin verði sú að atvinnuleysi aukist. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Skattaflóð hefur skollið á

„Það er goðsögn að hér séu lágir fjármagnstekjuskattar,“ segir Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte. Í erindi sínu tíndi hún til mýgrút skatta af ýmsum toga sem hefðu hækkað ört um tugi prósenta án þess að almenningur hefði gert sér grein fyrir því. Þar á meðal hefði erfðafjárskattur tvöfaldast, kolefnisgjald hækkað um tæp hundrað prósent, tólf aurar bæst við hverja kílóvattstund af seldri raforku, áfengisgjald hækkað, bankaskattur verið tekinn upp og allt að tuttugu prósenta afdráttarskattur verið lagður á vexti sem færu úr landi. Þá benti hún á að þótt álagningarprósenta á fjármagnstekjur kynni að vera hærri erlendis kæmu ýmsir liðir til lækkunar á skattinum. Því væri ekki til að dreifa hér og því væri hann með þeim hæstu.


**VALA VALTÝSDÓTTIR**

Sannir Finnar slíta stjórnarmyndunarviðræðum í Finnlandi:

# Finnar styðja björgunarsjóð ESB

**EVRÓPUMÁL, AP** Nú er líklegt orðið að Finnar styðji aðgerðir ESB um að veita portúgölskum stjórnvöldum lán til að bregðast við fjárhagsvandræðum sínum. Þrír af fjórum stærstu flokkum Finna eru orðnir ásáttir um að taka þátt í því.

Svokallaðir Sannir Finnar, flokkur efasemdamanna um Evrópusambandið, tilkynntu í gær að þeir hefðu dregið sig út úr stjórnarmyndunarviðræðum vegna þessa. Sönnum Finnum skaut upp á stjörnuhiminninn í þingkosningunum í síðasta mánuði og urðu óvænt þriðji stærsti flokkurinn.

Jyrki Katainen, væntanlegur forsætisráðherra Finna úr Samstöðuflokki, segir að samkomulagið um stuðninginn feli í sér að Portúgölum verði sett strangari skilyrði fyrir lánveitingunni.

„Sem ábyrg Evrópuþjóð vinnum við saman í þessari kreppu,“ segir hann.

Neyðarláninu, upp á 78 milljarða evra, hefur þegar verið heitið Portúgölum af ESB og AGS, en öll sautján evrulöndin hafa neitunarvald yfir aðgerðunum, þar á meðal Finnar.

Timo Suoini, leiðtogi Sannra Finna, er ósáttur við framvinduna.

„Það hefði verið gaman að vera í ríkisstjórn. Þetta var erfið ákvörðun,“ segir hann. **- kóþ**


**STYRKIR EVRUNA** Framkvæmdastjórn ESB fagnaði í gær ákvörðun Finna, og sagði hana verða til þess að tryggja fjárhagslegan stöðugleika í Evrópu og Finnlandi. NORDICPHOTOS/GETTY



THE NORTH FACE
ÚTILÍF
ÚT Á VIT ÆVINTÝRA
ÞEGAR KEMUR AÐ GÖNGUFERÐUM OG ÚTIVIST Á ÍSLANDI ER EKKERT MIKILVÆGARA EN AÐ BÚA SIG VEL.
THE NORTH FACE ER STÆRSTA ÚTIVISTARMERKI HEIMS.
VERÐ FRÁ 17.990 KR.
TNF BASE CAMP DUFFEL LEIÐANGURSPOKAR. Sterkir og traustir. Stærðir M-L-XL.
VERÐ 15.990 KR.
TNF RECON DAGPOKI. Með þægilegu baki og vel innréttaður.
VERÐ 59.990 KR.
TNF POINT FIVE 3 LAGA GTX JAKKI. Topp fjalla- og útivistarjakki. Mikil vatnsvörn og góð útöndun. Fáanlegur fyrir dömur og herra.
VERÐ 17.990 KR.
TNF RESOLVE ÚTIVISTAR-JAKKI. HyVent öndunarefni með góðri vatnsvörn. Ýmsir litir. Fáanlegur fyrir dömur og herra. Gott verð.
TILBOÐ: 4.990 KR.
TNF GLACIER FLÍSPEYSUR. Fáanlegar fyrir dömur og herra. Ýmsir litir. Gott verð. Almennt verð: 5.990 kr.
TILBOÐ: 22.990 KR.
TNF HEDGEHOG GTX III. Léttir, öflugir og þægilegir. GTX vatnsvörn. Fáanlegir fyrir dömur og herra. Almennt verð: 26.990 kr.
TILBOÐ: 38.990 KR.
TNF HOTLUM DÚNSVEFNPOKI. Frábær dúnpoki á góðu verði. Þyngd: 1311 g. Þolmörk: –10°C. Almennt verð: 44.990 kr.
VERÐ 26.990 KR.
TNF APEX TREKKING GÖNGUBUXUR. Vinsælustu göngu- og fjallabuxurnar. Fáanlegar fyrir dömur og herra.
TILBOÐ: 13.990 KR.
TNF TREKKER CONV. GÖNGUBUXUR. Hægt að renna skálmum af. Fljótþornandi létt stretch-efni. Fáanlegar fyrir dömur og herra. Almennt verð: 15.990 kr.
VERÐ 19.990 KR.
TNF STRIDER REGN-/ HLÍFÐARBUXUR. Vinsælar regnbuxur úr HyVent öndunrefni. Vatnsvarinn rennilás á hliðum. Fáanlegar á dömur og herra.
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 54875 05/11
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvað heitir ekkja sænska spennusagnahöfundarins Stiegs Larsson?*

**2** *Hvaða kempa var rekin af velli í leik Vals og ÍBV á Hlíðarenda á miðvikudagskvöld?*

**3** *Hvaða útvarpskona ritar nú ævisögu söngkonunnar dáðu Ellyjar Vilhjálms?*

**SVÖR**

*1. Eva Gabrielsson. 2. Tryggvi Guðmundsson. 3. Margrét Blöndal*

Skuldatryggingarálag á ríkissjóð hefur ekki verið lægra síðan fyrir bankahrun:

# Gæti bætt lánshæfismatið

**VIÐSKIPTI** „Það er fylgni á milli þess þegar Seðlabankinn kaupir aftur erlend skuldabréf ríkissjóðs og þess að álagið lækkar," segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur á greiningardeild Íslandsbanka.

Skuldatryggingarálag á ríkissjóð hefur lækkað jafnt og þétt frá því að Seðlabankinn keypti evrubréf fyrir 57 milljarða króna í síðustu viku. Það stendur nú í 214 stigum og hefur ekki verið lægra síðan um miðjan júní fyrir tæpum þremur árum. Hæst fór álagið í tæp 1.500 stig í bankahruninu 10. október 2008.



JÓN BJARKI BENTSSON

Álagið nú merkir að það kostar 2,14 prósent af nafnvirði skuldabréfa til fimm ára að tryggja þau gegn greiðslufalli. Þegar verst lét var álagið um fimmtán prósent.

Skuldabréfin sem Seðlabankinn keypti að hluta eru á gjalddaga á þessu ári og því næsta. Þau voru upphaflega jafnvirði 204 milljarða króna að nafnvirði. Bankinn hefur verið að kaupa bréfin jafnt og þétt. Eftir síðustu kaup standa eftir bréf upp á 73 milljarða króna.

Í Markaðsfréttum Íslenskra verðbréfa á dögunum sagði að kaupin ættu jafnframt að hafa jákvæð áhrif hjá matsfyrirtækjum þegar þau endurskoða næst lánshæfismat Íslands. Eitt matsfyrirtæki hefur sett lánshæfismatið í ruslflokk og hin tvö eru með það einu haki þar fyrir ofan hann. **- jab**

### Skuldatryggingarálag

**Þróun á skuldatryggingarálagi ríkissjóðs frá frá miðjum maí 2008 til maí 2011**




Heimild: Keldan



**FLEIRI SVÆFÐIR** Danir sækjast í síauknum mæli eftir því að vera svæfðir fyrir tannlæknatíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Danir leita í svæfingu:

## Svæfðir fyrir tannlæknatíma

**DANMÖRK** Mikil aukning hefur verið á því að þeir sem leita til tannlæknis í Danmörku biðji um að vera svæfðir.

Margir tannlæknar þar í landi auglýsa sérstaklega að boðið sé upp á svæfingu og eru það helst fólk sem þjáist af ótta við tannlækna sem sækir í slíkt, að því er segir í blaðinu 24timer. 20 svæfingalæknar fara á milli tannlæknastofa í þessum tilgangi.

Ekki eru allir tannlæknar þó sannfærðir um ágæti þess að svæfa sjúklinga og talsmaður lýðheilsustofnunar þar í landi segir að svæfing eigi að vera lokaúrræði í þessum málum. **- þj**

Danskir hjólreiðamenn:

## Vilja sjá lægri hámarkshraða

**DANMÖRK** Samtök danskra reiðhjólaeigenda vilja láta lækka hámarkshraða bifreiða í bæjum úr 50 kílómetra hraða á klukkustund niður í 40. Hjólreiðamenn vísa í nýja rannsókn sem sýnir fram á að 10 prósentum lægri meðalhraði fækki slysum um 40 prósent.

Samtökin þrýsta nú á þingmenn að koma þessu í kring en talsmaður stjórnarflokkanna er ekki á sama máli. Hann segir að sums staðar innan bæja skapist engin hætta af því að keyra á 50 eða jafnvel hraðar. Hins vegar gildi nú þegar lægri hámarkshraði þar sem aðstæður krefjist þess. **- þj**

# Kjötframleiðsla gæti aukist um fimmtung

**Á næstu fimm árum gætu sauðfjárbændur aukið framleiðslu sína um 10 til 20 prósent án þess að bæta við húsakosti. Horft er til möguleika tengdra auknum útflutningi afurða. Best að flýta sér hægt, segir formaður samtaka sauðfjárbænda.**

**LANDBÚNAÐUR** „Bændur segjast á næstu fimm árum treysta sér til að auka framleiðsluna um tíu til tuttugu prósent," segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda. Vegna horfa á auknum útflutningi segir hann möguleika til aukinnar framleiðslu hafa verið til umræðu á fundum með bændum.



SINDRI SIGURGEIRSSON

Samkvæmt upplýsingum sem Landssamtök sauðfjárbænda hafa frá sláturhúsum voru í fyrra framleidd 9.166 tonn af kindakjöti hér á landi (þar af voru 8.277 tonn lambakjöt). Fimmtungsframleiðsluaukning myndi því þýða að hér yrðu framleidd rétt tæp ellefu þúsund tonn af kindakjöti. Innan þeirrar aukningar myndi því rúmast sú 2.200 tonna útflutningstollkvótaaukning sem sláturleyfishafar hafa farið fram á að Íslendingar semji um við Evrópusambandið.

Í fyrra var hins vegar alls flutt út 3.571 tonn af heildarframleiðslunni, eða tæp 39 prósent.

Sindri segir bændur hins vegar leggja höfuðáherslu á að auka sjálfbærni í framleiðslunni, komi til aukningar. „Menn ætla ekkert að fara að ganga á landið. Við höfum snúið við þeirri þróun að gróðurþekjan eyðist og hún er nú í fyrsta sinn farin að stækka. Við viljum aldrei fá það í sama farið, þó svo að við kennum vitanlega ekki sauðkindinni um þetta allt saman," segir hann.



Bændur segir Sindri hins vegar mjög víða eiga byggingar sem nýta megi til framleiðsluaukningar. „Við höfum því hvatt menn til að auka framleiðsluna með ábyrgum hætti, nýta betur stofninn sem fyrir er og svo að skoða möguleika á að fjölga fénu og nýta byggingar sem eru á lausu eða eru í næsta nágrenni. Við erum ekki að hvetja til þess að menn fari að byggja fjárhús. Það teljum við ekki raunhæft."

Þá segir Sindri bændur ræða mikið um nauðsyn þess að sláturleyfishafar eigi í samstarfi um útflutning kjöts úr landi. „Við leggjum áherslu á að heimamarkaði sé sinnt fullkomlega. Svo geta hlutir náttúrlega farið á versta veg, krónan getur styrkst, eftirspurn breyst og allt hrunið á einni nóttu," segir hann og vísar til mögulegra áfalla á borð við fregnir af díoxínmengun og annað slíkt. „Menn þurfa að vera við öllu búnir og mikilvægt er að anda með nefinu í þessu eins og öðru."

Núna sjái íslenskir bændur hins vegar sóknarfæri í að koma íslensku lambakjöti á framfæri í þeim samdrætti sem nú sé á heimsmarkaði. Lykillinn að varanlegum árangri í því sé að marka íslensku kjöti sérstöðu. „Það kemur ekkert annað kjöt í staðinn fyrir það." **olikr@frettabladid.is**

### Sauðfjárbændur græða á ESB-aðild

Líkur eru á að afkoma sauðfjárbænda myndi batna til muna kæmi til Evrópusambandsaðildar Íslands. Þetta kemur fram í bakgrunnsskýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann sumarið 2009 fyrir nefnd stjórnvalda og hagsmunaaðila. Í skýrslunni var leitast við að leggja mat á stöðu íslenskra búa innan ESB miðað við þá lausn sem Finnland samdi um við aðild að sambandinu.

Í skýrslunni kemur fram að við aðild og gefnar forsendur yrði líkast til engin breyting á verði dilka- eða nautakjöts til neytenda, en líklegt væri að mjólk myndi lækka í verði um 56 prósent, svínakjöt um 35 prósent, egg um 59 prósent og kjúklingur um 73 prósent.

Við aðild myndu nær allar hömlur á út- og innflutningi landbúnaðarafurða falla niður hvað ríki ESB varðaði. Verðfall kjúklingakjöts myndi því eflaust valda samdrætti í neyslu kindakjöts hér á landi. „Ekki er hins vegar ástæða til að ætla að samdráttur leiði til lækkunar á verði kindakjöts, enda eru útflutningsmöguleikar íslenskra sauðfjárbænda umtalsverðir til lengri tíma litið eins og þróun undangenginna ára hefur sýnt," segir í skýrslunni. „Samdráttur í sölu innanlands myndi því að öllum líkindum leiða til aukins útflutnings en ekki verðlækkana."

Í bakgrunnsskýrslunni kemur einnig fram að breyting á styrkjaumhverfi sem yrði við aðild Íslands að ESB í „finnsku samningsumhverfi landbúnaðarmála" myndi engu breyta um afkomu sauðfjárbænda. „Norðurslóðastuðningur kæmi þar til viðbótar og myndi gera afkomu þeirra umtalsvert betri en nú er," segir þar.




Karlmanni dæmdar bætur í kjölfar mansalsmáls:

# Fann fyrir miklum kvíða eftir varðhald

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða íslenskum karlmanni 600 þúsund krónur í miskabætur. Maðurinn sat í gæsluvarðhaldi í um það bil tvo sólarhringa vegna rannsóknar lögreglu á mansalsmáli og hafði krafist sjö milljóna í bætur.

Málið sem um ræðir hófst þegar nítján ára stúlka frá Litháen kom hingað í október 2009. Fimm Litháar voru dæmdir í fangelsi fyrir mansal, en Íslendingur sýknaður.

Lögreglan á Suðurnesjum gerði húsleit hjá þeim sem nú fær bætur í tengslum við málið, hleraði síma hans og handtók hann síðan vegna gruns um aðild að mansalsmálinu.

Héraðsdómur úrskurðaði manninn í vikulangt gæsluvarðhald en Hæstiréttur felldi úrskurðinn úr gildi tveimur dögum síðar. Mál gegn manninum var síðan fellt niður.

**7** milljóna króna var krafist en dómur taldi 600.000 hæfilegt.

Í dómi héraðsdóms kemur fram að maðurinn hafi fundið fyrir miklum kvíða eftir að hann var látinn laus úr gæsluvarðhaldi og ekki getað sofið eftir það. Hann hafi verið í miklu tilfinningalegu uppnámi og notað um skeið svefnlyf og kvíðastillandi lyf.

Hann krafðist 7 milljóna króna í bætur en dómurinn taldi hæfilegar miskabætur 600 þúsund krónur. **- jss**

Maður gekk berserksgang:

# Skemmdi bíla með spörkum

**DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir stórfelld skemmdarverk á fjórum bílum. Maðurinn réðst inn í tvo bíla á bílastæði í Grindavík í júní á síðasta ári. Þá lét hann grjóti rigna yfir þrjá bíla til viðbótar og sparkaði í þann fjórða. Verulegar skemmdir urðu á bílunum, brotnar rúður, dældir og lakkskemmdir.**

**Eigendur bílanna gera skaðabótakröfur á hendur manninum. Þær hlaupa á hundruðum þúsunda króna. Málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.** - jss

Svar utanríkisráðherra um styrki og aðstoð vegna aðildarumsóknar að ESB:

# 37 umsóknir hafa borist um sérfræðiaðstoð

**EVRÓPUMÁL** Alls höfðu 37 umsóknir um sérfræðiaðstoð verið sendar stofnunum Evrópusambandsins (ESB) í lok mars, frá því að svokölluð TAIEX-aðstoð var gerð Íslendingum aðgengileg síðasta sumar. Umsóknirnar fela flestar í sér aðstoð við upplýsingaöflun og kynningu á regluverki ESB.

Þetta kom fram á þingi á miðvikudag í svari Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra við fyrirspurn Birgis Ármannssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks, en þar kom fram að þegar hefðu 25 TAIEX-umsóknir verið samþykktar en þremur verið hafnað.

TAIEX-aðstoð, sem er hluti af stuðningi ESB við umsóknarríki, felur ekki í sér beina fjárhagslega styrki heldur aðstoð í formi mannauðs. Þar er til dæmis um að ræða heimsóknir frá sérfræðingum á ákveðnum sviðum innan ESB eða ferð til aðildarríkis eða á ráðstefnu erlendis.

Þegar hefur komið fram að Ísland mun hljóta alls 28 milljónir evra í IPA-styrki frá ESB fram til ársins 2013, en í svari Össurar segir hann að ekki liggi fyrir áætlanir um umfang TAIEX-stuðnings.

Þó hafa þrjár milljónir evra verið skuldbundnar til tveggja verkefna hjá Þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins og Hagstofu vegna vinnslu hagtalna. - bj

## Umsækjendur um TAIEX-stuðning

Svari utanríkisráðherra fylgdi listi yfir TAIEX-umsóknir og sést þar að flestar eru þær frá opinberum stofnunum en einnig eru þar umsóknir frá öðrum aðilum.

Til að mynda sækir Neytendastofa um aðstoð vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu um ESB-reglur um formpakkaðar vörur, garðyrkjubændur fengu aðstoð vegna kynnisferðar til Finnlands í janúar og svínabændur hyggja einnig á kynnisferð til Finnlands á næstunni.



**Í KJÖTBORÐINU** Rannsókn MAST sýnir að hvorki finnst salmonella né E. coli 0157:H7 á íslenskum nautgripabúum.

Leituðu að þekktum sýklum:

# Tilskipun kallaði á könnun

**LANDBÚNAÐUR** Hvorki er að finna salmonellu né E. coli sýkingu í nautgripabúum hér á landi. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Matvælastofnunar.

Sýni voru tekin á 169 nautgripabúum í sjö héraðsdýralæknaumdæmum á tímabilinu janúar 2010 til janúar 2011.

Fram kemur í skýrslunni að slík könnun hafi ekki áður verið gerð hér á landi, en hana hafi þurft áður en komið gæti til innleiðingar Evróputilskipunarinnar 2003/99/EC.

Niðurstöðunni er fagnað á vef Landssambands kúabænda. - óká

Handtaka í Óðinsvéum:

# Grunaður um morð á hjónum

**DANMÖRK 37 ára gamall karlmaður var handtekinn í miðborg Óðinsvéa í gær, grunaður um morð á hjónum í skóglendi í nágrenni borgarinnar fyrir tæpum mánuði.**

**Morðin vöktu mikinn óhug um land allt, en rannsóknin gekk hægt fram af. Eftir að munir úr eigu fórnarlambanna fundust fór hringurinn hins vegar að þrengjast og gaf lögregla út lýsingu á manni fyrr í vikunni, sem leiddi til handtökunnar í gær.**

**Hinn handtekni er kunnur lögreglu fyrir smáglæpi, en ekkert hefur verið gefið út um mögulega ástæðu fyrir verknaðinum.** - þj

Heiðarleg hjón á ferðinni:

# Fundu stórfé og létu lögreglu fá

**LÖGREGLUMÁL** Hjón á áttræðisaldri höfðu í gær samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Kváðust þau hafa fundið umslag á útivistarsvæði í borginni með miklum peningum í. Auk peninganna var þar einnig kvittun með nafni eigandans.

Lögreglan sótti peningana til heiðurshjónanna og fór með þá á lögreglustöðina. Síðan var haft samband við eigandann, mann á miðjum aldri, og kom hann á lögreglustöð. Hann var að vonum þakklátur og skildi eftir fundarlaun sem lögreglan færði hjónunum. - jss


# Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins

Íslenski lífeyrissjóðurinn

Íslenski lífeyrissjóðurinn er almennur lífeyrissjóður sem tekur bæði við lögbundnum lífeyrissparnaði og viðbótarlífeyrissparnaði

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn **1. júní kl. 17.00** á Hilton Reykjavík Nordica, sal H&I. Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt á setu á ársfundinum.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti viku fyrir ársfund.

Framboðum aðalmanna til stjórnar skal skila inn til stjórnar sjóðsins viku fyrir ársfund.

Tillögur og framboð skulu berast til stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins, Austurstræti 11, 101 Reykjavík.

Tillögur að breytingum á samþykktum og framboð til stjórnar sjóðsins verða birtar á vefsvæði sjóðsins www.islif.is.

Nafnávöxtun 2010

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.




5 ára meðalávöxtun

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.




Landsbankinn er rekstraraðili Íslenska lífeyrissjóðsins.
Allar nánari upplýsingar veita fjármálaráðgjafar Landsbankans í síma 410 4040 eða fjarmalaradgjof@landsbankinn.is.

www.islif.is

**FRÉTTASKÝRING:** Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar vegna mengunar frá sorpbrennslum á Íslandi

# Forsendur undanþágu hæpnar

**Beiðni íslenskra stjórnvalda um undanþágu frá brennslutilskipun ESB var ekki byggð á neinum haldgóðum rökum. Undanþágan fékkst á þeim forsendum að skilyrðum hennar yrði framfylgt. Það brást nær algjörlega.**



**FÖRGUN SORPS** Ríkisendurskoðun vill að umhverfisráðuneytið hafi forgöngu um að mótuð verði heildstæð stefna um förgun úrgangs hér á landi sem byggi á niðurstöðum rannsókna og faglegu mati. Meta þarf hvort sorpbrennslur eigi að starfa áfram eða hvort ríkisvaldið eigi að koma að uppbyggingu þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sveitarfélög bera ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í sínum byggðarlögum og þar með að viðeigandi lögum og reglugerðum sé framfylgt. Þau eru hinir eiginlegu rekstraraðilar sorpbrennslna. Eyðing úrgangs hefur í för með sér kostnað fyrir sveitarfélögin og hann eykst eftir því sem kröfur í umhverfismálum verða meiri.

Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar er sýnt fram á að hagsmunir sveitarfélaganna réðu mestu um það að Ísland fór fram á og fékk undanþágu frá tilskipun Evrópusambandsins um brennslu úrgangs. Í raun var kostnaður við að uppfylla tilskipunina í raun eina ástæðan fyrir því að Ísland ákvað að skera sig úr flokki Evrópuþjóða í þessu mikilvæga umhverfismáli. Eiginleg umhverfissjónarmið, eins og að tryggja hagsmuni almennings og náttúru Íslands, voru ekki á dagskrá. Forsendurnar fyrir þessari afstöðu? Hæpnar, svo ekki sé dýpra í árina tekið.

### Evrópa tekur til

Evrópuþjóðir fóru í vaxandi mæli að huga að bættu fyrirkomulagi við förgun úrgangs á tíunda áratug síðustu aldar, ekki síst vegna mengunar af sorpbrennslu. Evrópusambandið beitti sér fyrir umbótum á þessu sviði og árið 2000 samþykkti það brennslutilskipun 2000/76/EB sem fól í sér mun meiri kröfur en áður voru gerðar til sorpbrennslustöðva um leyfilega mengun.

Strax og fréttir bárust af af nýrri tilskipun ESB um brennslu úrgangs komu upp efasemdir á Íslandi um getu starfandi sorpbrennslna til að mæta þeim kostnaðarauka sem hún hefði í för með sér. Þó að tilskipunin hafi ekki verið samþykkt fyrr en árið 2000 hófu umhverfisyfirvöld því að huga að viðbrögðum vegna hennar strax árið 1997. Í desember það ár sendi Hollustuvernd ríkisins hlutaðeigandi aðilum ósk um athugasemdir við tilskipunina. Fram kom að mikilvægt væri að koma þeim á framfæri meðan enn væri mögulegt að hafa áhrif á endanlega gerð hennar.

### Rök Íslands frá sorpbrennslu

Við gerð skýrslunnar fékk Ríkisendurskoðun frá ráðuneytinu og Umhverfisstofnun þrjár umsagnir sem sendar voru inn vegna málsins á sínum tíma. Það er allt og sumt. Fleiri finnast ekki. Þær bárust frá Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, Heilbrigðiseftirliti Eyjafjarðar og Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Rökin voru eins og að framan segir.

Í þessu samhengi leikur umsögn Sorpeyðingarstöðvarinnar á Suðurnesjum stórt hlutverk. Þar er lögð áhersla á séraðstæður Íslands vegna dreifbýlis og fámennis. Vegna legu Íslands var meðal annars talið að áhrif súrra gastegunda á umhverfi þess væru mjög lítil og fjárfestingar til að uppfylla tilskipunina því óþarfar. Talið var að auknar kröfur vegna útblásturs á díoxíni myndu takmarka möguleika til orkuvinnslu og að hertar kröfur um símælingar myndu leiða til mikilla fjárfestinga í búnaði. Að lokum var tekið fram að sveitarfélög á landsbyggðinni myndu standa frammi fyrir mun þrengri kostum til sorpeyðingar yrði tilskipunin innleidd hér á landi.

### Týnda umsögnin

Í umsögn Umhverfisstofnunar við drög að skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að ný gögn hafi komið fram. Gögnin sýna að við undirbúning aðlögunarinnar hafi verið litið á svar Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sem svar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í gögnunum sé tiltekið að von sé á umsögn sambandsins sem verði efnislega samhljóða umsögn sorpbrennslunnar. Hún finnst hins vegar ekki.

Þetta sýnir að frumkvæði að aðlöguninni kom frá sorpbrennslustöðvum, sveitarfélögum og sambandi þeirra. Hins vegar er það þunnur þrettándi að einungis þrjár umsagnir eru til um jafn veigamikið mál og að greinargerð heildarsamtaka sveitarfélaganna finnst ekki; hafi hún þá nokkurn tímann verið skrifuð.

### Kostnaðarmat

Á fundi EES mengunarvarnarteymis umhverfisráðuneytisins hinn 29. nóvember 2000 var ákveðið að Hollustuvernd ríkisins, sem síðar rann inn í Umhverfisstofnun, skyldi meta stöðu mála á Íslandi og gera grein fyrir mögulegum fyrirvörum við tilskipunina. Í ársbyrjun 2001 greindi Hollustuvernd ráðuneytinu frá því að nauðsynlegur brennslu- og reykhreinsibúnaður til að uppfylla tilskipunina væri mjög dýr; sama ætti við um símælingar á útblástursefnum og tvær díoxínmælingar á ári. Að mati Hollustuverndar var „ávinningur fyrir umhverfið óhóflega dýrkeyptur ef ráðist yrði í umbætur til að uppfylla skilyrði tilskipunarinnar og sveitarfélög hefðu ekki bolmagn til að standa undir slíkum framkvæmdum“, eins og segir í skýrslunni. Með öðrum orðum: Það var vel æfður kór sem krafðist þess að tilskipun ESB kæmist aldrei á land.

Ríkisendurskoðun gaf sér við skýrslugerðina að ítarlegt mat á þessum kostnaði, sem þráfaldlega kemur fram í öðrum gögnum málsins, hafi legið fyrir. Hvorki umhverfisráðuneytið, Umhverfisstofnun né Samband íslenskra sveitarfélaga hefur fundið þess stað að slík greining hafi nokkru sinni verið gerð. Þetta átelur Ríkisendurskoðun í skýrslunni enda eðlilegt að við umsókn um undanþágu við Evróputilskipun liggi haldgóð gögn málinu til stuðnings.

### Engar díoxínmælingar

Að mati Ríkisendurskoðunar hefðu íslensk stjórnvöld þurft að styðja beiðni sína um aðlögun betur. Ekki voru færð fullnægjandi rök fyrir þeirri staðhæfingu að kostnaður við að uppfylla tilskipunina væri rekstraraðilum ofviða. Þá lágu ekki fyrir mælingar á raunverulegri díoxínlosun viðkomandi sorpbrennslustöðva. Sú fullyrðing að mengun frá þeim væri svo lítil að ekki væri orð á gerandi var því einnig órökstudd.

Það er við þetta að bæta að upphaflega beittu íslensk stjórnvöld sér fyrir því að Ísland yrði sjálfkrafa undanþegið tilskipuninni. Þessu hafnaði framkvæmdastjórn ESB. Þá komu til samningaviðræður við fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Þær einkenndust af því að stjórnvöld sóttu fast að fá samþykkta undanþágu fyrir starfandi sorpbrennslustöðvar, helst án skilyrða. Gagnaðilar Íslands lögðu hins vegar áherslu á þá lágmarkskröfu að skilgreind tímamörk um gildistíma undanþágunnar og endurskoðunarákvæði.

## Aðlögun náði til sjö sorpbrennslna

- Þau sveitarfélög sem aðlögun fyrir sorpbrennslur náði upphaflega til voru Ísafjörður, Tálknafjörður, Öræfasveit, Kirkjubæjarklaustur, Vestmannaeyjar, Patreksfjörður og Suðurnes.
- Sorpbrennslan á Patreksfirði hóf aldrei starfsemi, stöðin á Tálknafirði hætti fljótlega og ný stöð, sem uppfyllti ákvæði tilskipunarinnar, var opnuð á Suðurnesjum í ársbyrjun 2004.
- Sorpbrennslustöðin á Ísafirði hætti starfsemi í desember 2010.
- Í maí 2011 eru sorpbrennslurnar á Kirkjubæjarklaustri, Svínafelli og í Vestmannaeyjum því einu starfandi sorpbrennslur landsins sem falla undir aðlögunina. Ákveðið hefur verið að leggja sorpbrennsluna á Svínafelli niður.
- Sorpbrennslur eru almennt taldar nauðsynlegar í einhverjum mæli, ekki síst til að eyða sjúkrahúsúrgangi og sýktum dýraúrgangi.

## Kröfur í tilskipun um sorpbrennslu

- Losunarmörk á díoxíni og fúran máttu að hámarki vera 0,1 ng/m3.
- Skilgreind losunarmörk fyrir tiltekna þungmálma, lofttegundir og ryk.
- Hertar kröfur um hitastig við brennslu.
- Kröfur um símælingar á hitastigi og losun tiltekinna lofttegunda, ryks og fleira.
- Að lágmarki tvær mælingar árlega á díoxíni, fúran og þungmálmum.

*Tilskipunin gerði ekki ráð fyrir undanþágum fyrir smærri og/eða starfandi sorpbrennslur en starfandi stöðvar fengu fimm ár til að uppfylla skilyrðin.*

### Efasemdir

Í apríl 2002 sendi framkvæmdastjórn ESB bréf til undirnefndar EES/EFTA-ríkjanna og ESB. Þar kom fram að reynsla sambandsins af litlum sorpbrennslum væri slæm. Slíkar stöðvar væru almennt illa reknar og útblástur mengandi efna frá þeim óhóflegur, sérstaklega þungmálma, díoxíns og fúran. Það væri áhyggjuefni út frá heilbrigðissjónarmiðum, einkum í ljósi áhrifa þeirra á fæðukeðjuna. Þó var tekið fram að aðstæður á Íslandi gætu hugsanlega réttlætt undanþágu en þá væri brýnt að umhverfis- og heilbrigðissjónarmið væru virt. Í bréfinu kemur fram það mat framkvæmdastjórnarinnar að þau gögn sem Íslendingar hefðu lagt fram gæfu veikar vísbendingar um að undanþága væri réttlætanleg. Hún fékkst engu að síður og er það mat umhverfisráðuneytisins að það væri staðfesting þess að málið hefði verið byggt nægilega góðum rökum, að því er segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hún ályktar að framkvæmdastjórnin hafi talið sig hafa fengið staðfestingu þess að íslensk stjórnvöld myndu ábyrgjast markvissa framfylgd skilyrða undanþágunnar og leita allra leiða til að tryggja að hvorki umhverfið né heilbrigði almennings bæri af henni skaða. Það hins vegar var ofmat að hálfu framkvæmdastjórnarinnar, eins og síðar kom í ljós.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Helgarblað
alla laugardaga




Meðal annars efnis:

Reynslan af beinu lýðræði
Gildi fulltrúalýðræðis og valdajafnvægis oft vanmetið.

Sumarlegt sjávarfang
Girnilegir fiskréttir fyrir alla í Matarblaði helgarinnar.




Allt sem þú þarft

PIPARITBWA · SÍA · 111317

olís
Vinur við veginn



# GRILL OG EUROVISION-GLEÐI

## Í GÓÐRA VINA HÓPI!

Þú færð grillið fyrir Eurovision-gleðina frá Olís samsett og sent heim!*
Olís óskar Vinum Sjonna logandi góðs gengis á laugardaginn.

**Gasgrillin samsett og send heim**

*Heimsending er á Höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri föstudag kl. 8–18 og laugardag kl. 8–16




**Með öllum gasgrillum fylgir:** Kippa af 2 lítra Coca-Cola, kassi af Prins Polo og lambalæri á grillið!



**CAMPINGAZ EL PRADO GASGRILL**
Vörunúmer 81035
Grillflötur 45x60 cm
3 brennarar
Verð 39.900 kr.
**6.650 kr.**
léttgreiðsla í 6 mánuði



**ELLINGSEN GASGRILL CB2**
Vörunúmer 44073
Grillflötur 45x46,7 cm
2 brennarar
Verð 79.900 kr.
**13.317 kr.**
léttgreiðsla í 6 mánuði



**ELLINGSEN GASGRILL**
Vörunúmer 53073
Grillflötur 45x60 cm
3 brennarar
Verð 69.900 kr.
**11.650 kr.**
léttgreiðsla í 6 mánuði




HENNING**LARSEN**ARCHITECTS

S.GUÐJÓNSSON

GLÓFAXI EHF.

AXIS

HÝSI·MERKÚR

FLOTGÓLF
GIFS&MÚRVERK

BYKO

ZUMTOBEL

SMÁKRANAR EHF
smáir en knáir!

ÁLFABORG

VERKÍS

HÚSASMIÐJAN

ALLT-AF

REYKJAFELL

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

IÐNAÐARTÆKNI
sérfræðingar í sjálfvirkni
www.idn.is

S:HELGASON

SINDRI

HÖFÐAKAFFI

Parki
INTERIORS

Sögin ehf
íslensk framleiðsla

EXTON
LJÓS / HLJÓÐ / MYND

IAV / GBH - 110504

# ÍSLENDINGAR!



ÍAV hefur leitt hönnun og allar framkvæmdir við tónlistar- og ráðstefnuhúsið frá upphafi. Við ásamt hönnuðum, undirverktökum og efnissölum afhendum Hörpu með stolti og óskum öllum Íslendingum til hamingju með stórbrotið hús.

BATTERÍIÐ ARKITEKTAR

DGJ MÁLNINGARÞJÓNUSTA

ARMAR

JOHAN RÖNNING

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

Sanistål

KONE Dedicated to People Flow™

Wuhan Lingyun Building Decoration Engineering Co., Ltd.

Rafmiðlun

Artec Design & Planning Services for Performing Arts Facilities

RAFHOLT

IDEX

waagner biro stage systems

MANNVIT

ÍSLOFT BLIKK OG STÁLSMIÐJA EHF.
Bíldshöfða 12, 112 Reykjavík - Sími 587 6666 - Fax 567 3624
isloft@isloft.is - www.isloft.is

BM·VALLÁ

ÍAV

*Við breytum vilja í verk*

föstudagur **Föstudagsviðtalið** | Karen Busby, prófessor í lögfræði við háskólann í Manitoba

# Treysta ber ákvörðunum kvenna

**Karen Busby** er lagaprófessor við Háskólann í Manitoba. Hún hefur gert ýmsar rannsóknir og hefur nú beint sjónum sínum að staðgöngumæðrun. Hún var á Íslandi fyrr í vikunni á vegum samtakanna Tilveru, sem eru samtök um ófrjósemi, og Staðgöngu, sem er stuðningsfélag staðgöngumæðrunar á Íslandi. *Þórunn Elísabet Bogadóttir* spurði hana nokkurra spurninga.



**KAREN BUSBY** Er þeirrar skoðunar að betra sé að leyfa staðgöngumæðrun, því annars flytjist vandinn annað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þetta byrjaði með því að ég hafði verið að tala um staðgöngumæðrun í tíma og talaði um hefðbundið viðhorf – að konur gætu ekki veitt upplýst samþykki því þær vissu ekki hvernig þeim myndi líða að lokinni meðgöngu. Að með staðgöngumæðrun væri verið að misnota konur og gera konur og börn að söluvöru. Þetta hefðbundna femíníska viðhorf. Og ég er femínisti, allar mínar rannsóknir hafa verið femínískar,“ segir Karen spurð um ástæður þess að hún hóf að skoða staðgöngumæðrun. Hún segist alltaf hafa verið á móti staðgöngumæðrun, en eftir þennan tíma hafi nemandi komið til hennar með grein um rannsókn með viðtölum við staðgöngumæður. „Þær sögðust allar vera mjög ánægðar. Ég hugsaði með mér að þetta hlyti að vera undantekningin frá öðrum rannsóknum. Ég gerði það að rannsóknarverkefni að lesa allar fræðilegar rannsóknir um staðgöngumæðrun og það kom mér á óvart að þær eru yfir fjörutíu talsins.“ Rannsóknirnar sem um ræðir ná til Kanada, Bandaríkjanna og Bretlands og ein til Nýja-Sjálands.

Karen segir rannsóknirnar misstórar en allar skoði þær staðgöngumæðrun kerfisbundið. Tekin hafi verið viðtöl við staðgöngumæður, sálfræðilegar rannsóknir gerðar og farið yfir sjúkraskýrslur. „Þetta eru þó mismunandi aðferðir til að komast að því hvernig staðgöngumæðrum líður. Allt bendir til þess að vissa manngerð þurfi til að verða staðgöngumóðir, en ef fólk finnur réttu konuna gengur það upp. Það eru engin merki um misnotkun, engin merki um að þær geti ekki veitt samþykki og engin merki um alvarleg vandamál milli staðgöngumæðra og verðandi foreldra. Ég var furðu lostin þegar ég las þetta. Í hvert skipti sem ný rannsókn kom fram hugsaði ég „þessi hlýtur að sanna að staðgöngumæðrun sé slæm“. Í ljósi þessara staðreynda er bara ekki hægt að komast að þeirri niðurstöðu. Í staðinn fer maður að hugsa hvað það var sem varð til þess að tilfellin gengu upp.“

Dæmigerð staðgöngumóðir í þessum löndum að mati Karenar er kona sem er búin að eiga börn, hefur átt góðar meðgöngur og þótt þær skemmtilegar og er heimavinnandi húsmóðir. „Það sem drífur hana áfram er að hún er hamingjusöm og vill veita einhverjum öðrum sams konar hamingju.“

Karen segist hafa gert sér grein fyrir því að treysta verði konum til að taka ákvörðun af þessu tagi.

> Fyrir mér er svarið auðvitað ekki, það eiga ekki allir rétt á því að eignast barn. Spurningin sem ég spurði sem femínisti var: Er verið að misnota konur með staðgöngumæðrun og svarið var nei.

„Ef kona segist geta gert þetta og sálfræðilegt mat er gert sem hún stenst, þá eigum við að treysta því að hún geti það.“

*Hvað með konur sem hafa verið þvingaðar eða beittar þrýstingi til að gerast staðgöngumæður? Það hefur verið mikið áhyggjuefni.*

„Í rannsóknunum sem ég skoðaði kom hugmyndin um að gerast staðgöngumóðir alltaf frá konunni sjálfri. Ég er sammála því að það er áhyggjuefni að konur séu beittar þrýstingi en það er ástæðan fyrir því að gera yrði mat og skoða hvert tilfelli vel. Góðir slíkir matsmenn gætu séð hvort verið væri að neyða konur út í þetta.“

Karen viðurkennir þó að konur á Vesturlöndum hafi meira sjálfstæði en konur annars staðar og að hún myndi ekki bera Vesturlönd saman við önnur svæði í heiminum.

*Telur þú þessar áhyggjur fyrst og fremst eiga við um lönd eins og Indland, þar sem ekki er mikið eftirlit með ferlinu?*

„Já, þar sem konur gætu verið neyddar til að eiga börn fyrir nákomna eða fyrir fólk frá Vesturlöndum í hagnaðarskyni.“

*Og þú hefur sagt að með því að leyfa staðgöngumæðrun myndi það minnka framlag Vesturlanda til misnotkunar á konum í öðrum og vanþróaðri löndum?*

„Já. Ég veit að konur frá Norðurlöndunum koma til Kanada, þó að þetta eigi ekki við þar. En við vitum að aðstoð við getnað og meðgöngu á Indlandi veltir meira en 450 milljónum dala á ári. Fólk fer þangað því það fær ekki aðstoð í heimalandinu. Mér virðist að á Íslandi, sem er félagslega vel mótað samfélag, séu til konur sem geta þetta og vilja þetta. Ef þetta verður ekki leyft flyst vandinn annað.“

Í mörgum löndum er staðgöngumæðrun leyfð í hagnaðarskyni og Karen er spurð hvað henni finnist um slíkt. Hún segist vita að hér á landi sé aðeins vilji til þess að heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. „Í Kanada er staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni aðeins leyfð, en ég veit að hún fer einnig fram í hagnaðarskyni, en ekki í sama mæli og í Bandaríkjunum. Þar eru konur sem gera þetta fyrir peninga, en það skiptir máli að þær eru samt líka metnar af fagaðilum. Einn hópur er eiginkonur hermanna, þetta er leið fyrir þær til að afla peninga á meðan þær eru heima með lítil börn. Ég get ekki séð neitt rangt við það.“

*Hvað með deilur sem upp koma milli staðgöngumæðra og verðandi foreldra, til dæmis ef staðgöngumóðir vill ekki láta barnið af hendi?*

„Í þessum löndum sem ég hef skoðað hef ég fundið í mesta lagi tíu tilfelli þess að upp komi deilur. Fæst tilfellin eru þannig að konurnar vilji ekki gefa börnin frá sér, heldur er þetta vegna annars konar ósættis við foreldrana.“ Hún segir að alls hafi um þrjátíu þúsund börn fæðst með hjálp staðgöngumóður.

*En hvað með tilvik þar sem foreldrarnir neita að taka við börnunum?*

„Það gerist nánast aldrei, ég veit um eitt tilfelli þar sem það hefur gerst. Auðvitað gæti það þó gerst.“ Karen segir að mikilvægast sé að staðgöngumæður og foreldrar hafi komið sér saman fyrir fram um hvað skuli gera ef í ljós komi að fóstur hafi til dæmis hjartagalla eða sé með Downs-heilkenni.

*Þetta er ein ástæða þess að talað er um að fólk geri með sér samkomulag. Slíkir samningar eru yfirleitt ekki bindandi, er það?*

„Nei. Hefðbundnir viðskiptasamningar eru bindandi en í fjölskyldumálum er samkomulag aldrei bindandi. Hins vegar er það yfirleitt virt. Samkomulag um staðgöngumæðrun er í mínum huga eins og annað í þeim málum. Réttur myndi alltaf dæma eftir því sem er fyrir bestu.“

*Ástæða þess að ég spyr er að tillagan sem liggur fyrir þinginu hér leggur einmitt til að samningar verði bindandi og þetta er eitt þeirra atriða sem hefur verið gagnrýnt.*

„Mín skoðun er að þetta eigi ekki að vera bindandi og að verðandi foreldrar þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur. Vandræðin verða þegar verðandi foreldrar eru ekki tillitssamir og virða ekki staðgöngumóðurina á meðgöngu. Þau þurfa að halda henni ánægðri. Samkomulag þarf því ekki að vera bindandi því fólk skiptir ekki um skoðun.“

*Karen talaði á Lagaþingi þar sem yfirskriftin var „er það réttur allra að eignast barn?“ Er það tilfellið?*

„Ég tel ekki að það sé rétta spurningin, fyrir mér er svarið auðvitað neikvætt; það eiga ekki allir rétt á því að eignast barn. Spurningin sem ég spurði sem femínisti var hvort verið væri að misnota konur með staðgöngumæðrun og svarið var nei. Er staðgöngumæðrun slæm fyrir börn? Einu fræðilegu rannsóknirnar sem við höfum ná til þriggja ára barna og segja að foreldrar þessara barna standi sig betur en aðrir.“

Karen er þeirrar skoðunar að betra sé að leyfa staðgöngumæðrun, því annars flytjist vandinn annað. „Þá kemur fólk til Íslands með börn sem erlendar staðgöngumæður hafa fætt eða fara með íslenskar staðgöngumæður til útlanda. Þá verða vandamálin til.“





RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÚRVAL LAMPA & ÚTILJÓSA
Við Fellsmúla - Reykjavík
FLÚRLAMPAR
10W
15W
18W
30W
36W
Verð frá 2.595
FLÚRLAMPAR
14W
21W
28W
Verð frá 2.995
IÐNAÐARLAMPAR M/ SKERM
2.995
1 x 36W
4.995
2 x 36W
SPEGLALAMPAR
Verð frá 4.995
Verð frá 5.595
Með tengli
Verð frá 4.995
Með tenglum
INNF. FLÚRLAMPAR Í LOFT
6.995
4 x 14W
5.995
4 x 18W
ÚTILJÓS
LÝSA UPP OG NIÐUR
4.795
4.995
4.995
5.995
G9 25W
INNRÉTTINGALAMPAR
3.995
8W
4.595
13W
FLÚRLAMPAR
Á LOFT
5.995
4 x 18W
5.995
2 x 36W
ÚTILJÓS
995
FLÚRLAMPI Á LOFT
4.959
2 x 36W
ÚTI OG INNILJÓS Litir: króm og hvítt
4.495
með sparperu 28W
3.795
með sparperu 16W
4.295
með sparperu 28W
3.395
með sparperu 16W
ÚTILJÓS
3.295
3.295
ÚTILJÓS
995
995
995
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
1.995
1.995
1.995
1.995
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
3.995
3.995
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
3.995
3.995
3.595
3.595
ÚTILJÓS Litir: svart, hvítt, grátt
3.995
3.995
3.595
3.595
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Viðskiptaráð bendir á það augljósa:

## Hvernig er velferðin tryggð?

Stundum þarf að benda á sjálfsagða hluti, sem eiga að liggja í augum uppi og vera á hvers manns vitorði en eru það af einhverjum orsökum ekki. Þetta er gert í svokallaðri skoðun Viðskiptaráðs, sem sagt var frá hér í blaðinu í vikunni.

Viðskiptaráð bendir á þá staðreynd að „sterkur einkageiri og uppbygging atvinnugreina sem skapa verðmæti er forsenda þess að hið opinbera hafi burði til að veita þá þjónustu sem því er falið að veita“. Þetta skýra samhengi virðist hins vegar hafa farið að verulegu leyti framhjá þeim sem ráða nú efnahagsstefnunni.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Umsvif hins opinbera hafa ekki verið skorin niður til samræmis við samdráttinn í tekjum ríkisins vegna efnahagskreppunnar, heldur hafa verið lagðir stórauknir skattar á atvinnulíf og launþega til að brúa bilið, en um leið er tafið fyrir því að einkageirinn nái sér á strik.

Viðskiptaráð hefur reiknað út svokallaðan stuðningsstuðul atvinnulífsins, þ.e. hvað hver starfsmaður í einkageiranum stendur með þeim verðmætum sem hann skapar undir afkomu margra annarra sem eru ýmist starfsmenn hins opinbera eða þiggja af því lífeyri, styrki og bætur. Útkoman er sú að hver starfsmaður á almennum vinnumarkaði stóð á síðasta ári að baki 1,54 öðrum. Hlutfallið hefur hækkað úr 1,29 árið 2007 og byrðar einkageirans því aukizt um tæplega fimmtung.

Í skoðun Viðskiptaráðs er bent á það augljósa; að atvinnurekstur sem byggir á einkaframtaki er undirstaða þess velferðarkerfis sem byggt hefur verið upp á Íslandi. Til að stjórnvöld geti staðið við yfirlýst samfélagslegg markmið þurfi þau að tryggja vöxt og viðgang einkageirans og draga úr áherzlum á atvinnugreinar sem geta ekki staðið undir sér sjálfar heldur byggja á ríkisstuðningi.

„Lítið fer fyrir áherslum af þessu tagi í stjórnmálaumræðu um þessar mundir,“ segir Viðskiptaráð og hefur þar alveg rétt fyrir sér. Skattabreytingar, andúðin á erlendum fjárfestingum í atvinnulífinu í stjórnarliðinu og þær grundvallarbreytingar sem nú er lagt til að gerðar verði á fiskveiðistjórnunarkerfinu eru til merkis um að ríkisstjórnin hefur takmarkaðan skilning á þessu augljósa samhengi.

Umræðan eftir hrun hefur verið allt of neikvæð í garð atvinnulífsins í heild og full alhæfinga, í stað þess að horft sé á þá þætti sem fóru úrskeiðis og reynt að læra af mistökunum. Þótt útrás í boði bankanna hafi misheppnazt þýðir það ekki að hægt sé að loka íslenzkt atvinnulíf af frá alþjóðavæðingunni; þá dragast lífskjör hér einungis aftur úr því sem gerist í nágrannalöndunum. Þótt stjórnendur einkafyrirtækja hafi gert mistök og keyrt þau í þrot þurfum við áfram á einkarekstri að halda. Þótt of mikil áhætta hafi verið tekin þurfum við áfram á að halda frumkvöðlum sem eru reiðubúnir að hætta fé sínu við uppbyggingu öflugra fyrirtækja, í þeirri von að þau muni skila þeim arði. Allt þetta er áfram nauðsynlegt til að tryggja velferðina.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

EKKI GERA EKKI NEITT.IS

Öflugur greiðendavefur með hagnýtum upplýsingum s.s.

- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira

motus – leysum málin

Þjónustuver 440 7700
www.ekkigeraekkineitt.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Klassískt

Sumir segja að stjórnmál séu fyrirsjáanleg. Það kristallast ágætlega í nýrri skýrslu nefndar um framtíð verðtryggingarinnar, sem Eygló Harðardóttir veitti forystu. Fulltrúar Framsóknarflokksins og Hreyfingarinnar, auk Lilju Mósesdóttur, skila nokkuð herskáu sératkvæði og komast að þeirri niðurstöðu að þvinga beri verðtrygginguna niður með handafli. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins skilar sératkvæði sem í öllum aðalatriðum snýst um að verja beri sparifjáreigendur. Fulltrúi Samfylkingarinnar sér hins vegar bara eina lausn á vandanum: Að ganga í Evrópusambandið.

### 2009





Andstaða Péturs H. Blöndal, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, við afnám verðtryggingar er athyglisverð. Fyrir tveimur árum sagði flokksformaður hans nefnilega í viðtali við Fréttablaðið að hann vildi hana burt og ætlaði að beita sér fyrir því. Í sama viðtali sagðist hann reyndar líka vilja að Ísland léti reyna á aðildarviðræður við Evrópusambandið og tæki helst upp evru, þannig að það gæti svo sem hafa breyst.

### Þrautseigja

Fyrir tveimur mánuðum lagði Einar K. Guðfinnsson fram fyrirspurn til fjármálaráðherra um það hversu margir hefðu laun yfir einni milljón og við hvað þeir störfuðu. Hann fékk það svar í síðustu viku að 1.251 hefði haft slík laun árið 2009 en að ráðuneytið hefði ekki upplýsingar um starfsstéttirnar. En Einar er ekki af baki dottinn og í gær lagði hann fram nýja fyrirspurn til ráðherrans. Hún hljóðar svo: „Hvernig er skipting þeirra sem eru með mánaðarlaun yfir 1 millj. kr. eftir atvinnugreinum?“ Við skulum sjá hvort tilraun tvö ber meiri ávöxt.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Ósigur skattgreiðenda

Harpa



Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi

Tónlistarhúsið Harpa er glæsilegt mannvirki enda um að ræða dýrasta hús Íslandssögunnar. Undarlegt er að á þeim tímamótum, sem opnun hússins er, virðast nokkrir af helstu fjölmiðlum landsins kjósa að fjalla einungis á jákvæðan hátt um húsið. (Hljómar kunnuglega.) Sumir fjölmiðlar einblína á viðbrögð ánægðra tónleikagesta en eru skattgreiðendur sáttir við að greiða stofn- og rekstrarkostnað í 35 ár? Full þörf er á að fjallað sé á gagnrýninn hátt um Hörpu eins og önnur verkefni og skattgreiðendur upplýstir um kostnað og óhjákvæmilega skuldadaga.

Í bæklingi um húsið, sem dreift hefur verið inn á hvert heimili, er ýtarlega fjallað um ýmsa þætti byggingarinnar en ekki minnst á kostnað. Í slíkum bæklingi hefði verið kjörið að upplýsa alþjóð um kostnað við bygginguna og heildarskuldbindingu skattgreiðenda. Skuldir hússins eru a.m.k. sá hluti þess, sem allir landsmenn munu eiga sameiginlega.

Harpa er dæmi um opinbert verkefni, sem stjórnmálamenn voru í upphafi fengnir til að styðja á grundvelli hóflegra kostnaðaráætlana en á síðari stigum hækkaði kostnaður upp úr öllu valdi.

Árið 1997 var rætt um að hægt væri að byggja gott tónlistarhús í Laugardal fyrir 1.550 milljónir króna. Árið 1998 hafði áætlunin hækkað í 2.500 milljónir og 1999 var hún komin í 3.500-4.000 milljónir. Í ársbyrjun 2002 var áætlað að húsið myndi kosta um 5.000 milljónir króna og árið 2003 var talan komin í 6.300 milljónir. Þegar hafist var handa við byggingu hússins var gert ráð fyrir því að byggingarkostnaður yrði um 12,5 milljarðar króna eða um 20 milljarðar að núvirði. Ekki liggja fyrir nýjar upplýsingar um heildarkostnað við bygginguna en hann er a.m.k. 28 milljarðar króna. Standist sú tala er fermetraverðið um ein milljón króna.

Vonandi standast yfirlýsingar aðstandenda hússins um að erlendir verktakar beri að mestu leyti kostnað vegna þegar framkominna galla við glerhjúp hússins. Málsmetandi arkitektar og verkfræðingar hafa þó lýst yfir áhyggjum yfir að mikil hætta sé á að frekari gallar muni koma í ljós, t.d. í stálvirki og gluggum hússins. Gott væri fyrir skattgreiðendur að vita hvort áhættumat hafi farið fram á byggingunni m.t.t. til slíkra galla.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hverjir elska okkur mest?

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Fram undan er Eurovision. Sumir líta á Eurovision sem söngkeppni, ég lít á hana sem margvítt reikningsdæmi. Keppnin hefur nefnilega á undanförnum árum orðið mörgum merkum fræðimönnum tilefni vandaðra skrifa í virt vísindatímarit. Jæja, kannski ekki mjög virt. Og kannski hafa skrifin ekki alltaf verið vönduð. Og kannski hafa fræðimennirnir hvorki verið margir né merkir. En eitthvað hafa þeir nú fundið út.

**Klíkur**

Auðvitað vita allir að söngurinn er ekki alltaf aðalatriðið. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á klíkumyndun í Eurovision sýna að sterkasta klíkan í Eurovision samanstendur af tveimur löndum: Grikklandi og Kýpur. Ekki er nóg með að löndin skiptist ávallt á fullu húsi stiga heldur er tónlistarsmekkur þeirra þegar kemur að stigagjöf í garð annarra landa mjög svipaður. Grikkland og Kýpur saman eru því eins og eitt ríki sem fær forgjöf og tvöfalt atkvæðavægi.

Næststerkasta klíkan er stórnorræna klíkan sem samanstendur af Norðurlöndunum fimm auk Eistlands. Lönd innan klíkunnar gefa hvort öðru miklu frekar stig en löndunum utan, til dæmis tóku öll þessi sex lönd þátt í úrslitum árið 2009 og gáfu þau þá sjálfum sér yfir helminginn af stigunum. Öll hin nítján löndin fengu þannig samanlagt 45 prósent af heildarstigum klíkunnar meðan 55 prósentum var úthlutað „innbyrðis“.

> Næststerkasta klíkan er stórnorræna klíkan sem samanstendur af Norðurlöndunum fimm auk Eistlands.

**Skyndibitatónlist**

Norrænu lögin í Eurovision gera tónlistarsmekk Íslendinga það sama og viðbættur hvítur sykur gerir mataræði þeirra. Ganga má að því sem vísu að stór hluti íslenskra kjósenda muni leita í þá snöggu umbun sem Abba-lagið sem Svíar hafa sent sleitulaust frá áttunda áratugnum veitir. Annað: Það er félagslega áhættulaust að kunna að meta danska eða norska lagið, á sama hátt og það er öruggara val að baka súkkulaðiköku fyrir kaffiboðið en að bjóða upp á speltvefjur með spínatmauki. Íhaldssemin ræður för. Sigurlagið hennar Lenu frá Þýskalandi í fyrra fékk þrjú stig frá Íslendingum. Skömm. Við verðum stundum að hugsa suður fyrir Slésvík.

**Velvild þjóða**

Í ársgamalli rannsókn sem undirritaður gerði ásamt Sigrúnu Helgu Lund tölfræðingi var reynt að meta velvild milli þátttökuþjóða Eurovision. Velvildin er mæld í tölu frá -12 og upp í +12. Velvild milli Kýpur og Grikklands er þannig +12 á báða vegu, sem þýðir að hvort landið gefur hinu að jafnaði fullt hús stiga, sama hve drulluléleg bæði lögin kunna að vera. *Tafla 1* sýnir síðan velvild Íslendinga í garð nokkurra annarra Evrovision-þjóða.

Talan +8 við hlið Noregs táknar þannig að Íslendingar gefi Norðmönnum að jafnaði 8 stigum meira en þeir síðarnefndu eiga skilið. Talan -10 við hlið Makedóníu þýðir að sama skapi að jafnvel þótt Makedónía væri með besta lagið í keppninni og ætti skilið að fá 12 stig gæfu Íslendingar því ekki nema 2.

Velvild annarra í garð Íslands má sjá í *töflu 2*.

**Tafla 1: Gefins stig frá Íslandi**

| | |
|---|---|
| Danmörk | + 8 |
| Finnland | + 7 |
| Svíþjóð | + 5 |
| Noregur | + 4 |
| ... | |
| Rússland | -8 |
| Georgía | -9 |
| Aserbaídjan | -10 |
| Makedónía | -10 |

**Tafla 2: Gefins stig til Íslands**

| | |
|---|---|
| Noregur | +10 |
| Danmörk | +10 |
| Svíþjóð | +9 |
| Finnland | +7 |
| Ungverjaland | +5 |
| Portúgal | +5 |
| Malta | +5 |
| Bretland | +5 |
| ... | |

Við sjáum því að Íslendingar eiga þó nokkra góða vini í keppninni og það sem meira er, fá lönd virðast búa yfir óvild í garð Íslendinga. Með góðu framlagi eru okkur því allir vegir færir. Enginn er að leggja okkur í einelti.

**Stærðfræði er ekki allt**

Þegar klíkutengsl Eurovision hafa verið rannsökuð í þaula er ekki úr vegi að velta því fyrir sér hvort ekki sé hægt að nota alla þessa stærðfræði til að spá fyrir um úrslit keppna. Vopnaður þungavigtartölfræðilíkunum líkt og þeim sem lýst er að ofan tókst mér að giska fyrir fram rétt á 5 af þeim 10 lögum sem komust áfram fyrra undanúrslitakvöldið. Það er svipaður árangur og vænta mætti af simpansa sem fengi í hendur fána allra þátttökuríkja og þyrfti að skipta þeim í bunka. Unnusta mín, raunar stærðfræðingur einnig, giskaði rétt á átta lög af tíu. Hún notaði þá frumlegu aðferð að hlusta á lögin. Rétt eins og um söngvakeppni væri að ræða en ekki margvítt reikningsdæmi. Klókt.






# Sumargleði




Rýmingarsala

## iPad original

(Fyrsta kynslóð)

**iPad 16GB Wi-Fi**
49.990.-*

**iPad 32GB Wi-Fi + 3G**
99.990.-*

**iPad 16GB Wi-Fi + 3G**
69.990.-*

**iPad 64GB Wi-Fi**
109.990.-*

**iPad 32GB Wi-Fi**
79.990.-*

**iPad 64GB Wi-Fi + 3GB**
114.990.-*

## LaCie tilboð

### Starck 2TB



**Aðeins 16.990 kr.**

Listaverð: 22.990 kr.



Við erum einnig með LaCie Neil Poulton 1TB
á sértilboði, aðeins 12.990 kr.!

## iPhone 4 16GB



**Verð: 119.990.-**

### Ókeypis námskeið á laugardögum

milli kl 13.00-15.00
www.epli.is/thjonusta/fraedsla.html

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðinni, Laugavegi 182 og lært eitthvað nýtt.



Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt

epli.is

**Epli.is,** Laugavegi 182, sími 512 1300 | Opið 10-18 mánudaga til föstudaga og 12-16 laugardaga | **www.epli.is**

# epli.is




Rýmingarsala

## iMac 27"

3,2GHz Intel Core i3
4GB DDR3 vinnsluminni
1TB harður diskur
ATI Radeon HD 5670 512MB
Íslenskt lyklaborð og mús (þráðlaust)

Verð áður: 299.990 kr

**Verð nú: 249.990.-***

Takmarkað magn



Rýmingarsala

## iMac 21,5"

3,06GHz Intel Core i3
4GB DDR3 vinnsluminni
500GB harður diskur
ATI Radeon HD 4670 256MB
Íslenskt lyklaborð og mús (þráðlaust)

Verð áður: 219.990 kr

**Verð nú: 179.990.-***

Takmarkað magn

* Vörur á rýmingarsölu eru í takmörkuðu magni,
ATH: sum eintök eru sýningareintök

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# Engar heimildir fyrir niðurníðslu

Niðurnídd hús

**Hjálmar Sveinsson**
varaformaður skipulagsráðs



Fréttablaðið og aðrir fjölmiðlar hafa að undanförnu fjallað um fjölda niðurníddra húsa í miðborginni. Sú umfjöllun hefur verið málefnaleg og hún er mjög þörf. Niðurníðslan er óþolandi. Hún skaðar okkur öll því hún setur slæman svip á verðmæta sameign okkar, miðborgina. Hún verðfellir eignir í næsta nágrenni. Hún skapar íkveikjuhættu. Hún býr til hættuleg leiksvæði fyrir börn.

Niðurníðslan hefur viðgengist árum saman. Ástæðurnar eru margvíslegar. Í sumum tilvikum stafar hún af hreinni og klárri vanrækslu. Í öðrum tilvikum hafa menn ætlað sér um of. Þeir hafa keypt gömul hús á uppsprengdu verði í trausti þess að geta rifið þau og byggt stærra í staðinn. Það hefur ekki gengið eftir og við sitjum uppi með hús í niðurníðslu.

Það sannar sig líka enn og aftur að góð fyrirheit geta leitt til vondrar niðurstöðu. Fyrir 10 árum kepptist borgarstjórnin við að koma í veg fyrir að stóru verslunarmiðstöðvarnar, Kringlan og Smáralind, gerðu endanlega út af við verslun og mannlíf í gamla miðbænum. Viðamikil þróunaráætlun um eflingu miðborgarinnar var samþykkt aldamótaárið 2000. Hún fól meðal annars í sér miklar uppbyggingarheimildir á nokkrum miðborgarreitum. Til að liðka fyrir keypti borgin fjölda lóða, einkum milli Hverfisgötu og Laugavegs, seldi þær til fjárfesta, með leyfi fyrir sameiningu þeirra í stórum stíl og fyrirheit um stóraukið nýtingarhlutfall.

Eftir á að hyggja virðast borgaryfirvöld hafa sett af stað of stórvirk tæki til efla miðborgina. Þar sem nýir miðborgarkjarnar áttu að rísa blasir við auðn og niðurnídd hús. En þar sem náðist að byggja ný miðborgarhús virka þau nokkrum númerum of stór fyrir hina smáskóluðu Reykjavíkurbyggð. Í bók sinni 101 Tækifæri skrifar Snorri Freyr Hilmarsson að borgaryfirvöld hafi notað jarðýtur þar sem betra hefði verið að nota skóflur.

> Niðurníðslan hefur viðgengist árum saman. Ástæðurnar eru margvíslegar. Í sumum tilvikum stafar hún af hreinni og klárri vanrækslu.

Eitt af því sem flækir málin er hinn sterki „óefnislegi eignarréttur“ sem ríkir hér á landi. Hann hefur meðal annars leitt til þess að fjárfestar, sem fyrir nokkrum árum fengu vilyrði fyrir miklu byggingarmagni á tilteknum reitum, líta á vilyrðin sem ígildi fasteignar enn þann dag í dag, jafnvel þótt þeir hafi enga getu til að byggja og bæði borgarbúar og borgaryfirvöld telji byggingarmagnið allt of mikið. Hótanir um skaðabætur vofa yfir, verði byggingarmagnið minnkað. Flest þeirra svæða þar sem nýju miðborgarkjarnarnir áttu að rísa eru nú í pattstöðu. Meðan á því stendur grotna húsin niður sem áttu að víkja fyrir hinni nýju byggð. Það á ekki að viðgangast. Við töpum öll á því. Ágreiningur um byggingarmagn veitir enga heimild fyrir niðurníðslu.

Í borgarstjórninni eru allir sammála um að þetta megi ekki ganga lengur svona. Meirihluti í skipulagsráði lagði fram bókun og nokkurs konar stefnuyfirlýsingu á miðvikudaginn. Þar segir að ekki verði lengur hikað við að beita dagsektum og öðrum þvingunarúrræðum, svo sem nauðungarsölu, gagnvart eigendum niðurníðsluhúsa og lóða ef þeir sinna ekki áskorun byggingarfulltrúa um úrbætur. Dagsektirnar geta orðið allt að 50.000 krónum á dag. Þar er einnig tekið fram að við beitingu sekta og þvingunarúrræða verði „ekki tekið tillit til þess hvort slæmt ásigkomulag fasteigna megi rekja til heimilda í deiliskipulagi, mögulegra óska lóðarhafa um breytingar á skipulagi eða annarra áhrifaþátta enda eru engar heimildir fyrir því í lögum að slíkar aðstæður veiti lóðarhöfum rétt á að sinna viðhaldi fasteigna illa eða ekki“.

# Ég hef verið gagnrýnd

Hjálparstarf

**Vilborg Oddsdóttir**
félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar



Fyrir 20 árum var örkreppa á Íslandi og Hjálparstarf kirkjunnar fór að deila út matarpokum. Strax var tekin sú skynsamlega ákvörðun að setjast niður með hverjum og einum, fara í gegnum hans mál og skrá helstu staðreyndir. Var þar lagður grunnur að mikilvægu talsmannshlutverki Hjálparstarfs kirkjunnar sem æ síðan hefur byggst á staðreyndum, áreiðanlegum upplýsingum um fátækt en ekki tilfinningu.

**Stjórnvöld farin að hlusta – aðgerða óskað**

Fyrir um 8 árum var félagsráðgjafi ráðinn til Hjálparstarfsins. Á þeim tíma deildu tvö hjálparsamtök út matarpokum, Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur á höfuðborgarsvæðinu og Hjálparstarfið sem sinnti öllu landinu. Stjórnmálamenn skutu á samtökin og muna allir orð Davíðs Oddssonar um að Íslendingar hefðu alltaf verið tilbúnir að elta það sem er ókeypis. Þau orð endurspegla áralanga afstöðu stjórnvalda að vilja ekki ræða vandann. Nú hefur bágstöddum fjölgað til muna. Ekki er hægt að skella skollaeyrum við. Hjálparsamtökin eru orðin þrenn. Enn bólar ekki á lausnum frá stjórnvöldum þótt vissulega séu þau farin að hlusta.

> Ég hef verið gagnrýnd fyrir að segja að margir þurfi aðra aðstoð en að fá matarpoka – þótt enginn lifi án matar.

**Ráðgjöf, fjölbreytt og einstaklingsbundin aðstoð**

Ég hef verið gagnrýnd fyrir að segja að margir þurfi aðra aðstoð en að fá matarpoka – þótt enginn lifi án matar. Þess vegna leggur Hjálparstarf kirkjunnar, eitt góðgerðarfélaga ef þessu tagi, mikla áherslu á faglega ráðgjöf og fleiri úrræði en mat. Þau fela í sér hjálp vegna skólagöngu og tómstunda barna og ungmenna, styrki fyrir lyfjum og lækniskostnaði, fatnað og fleira. Um þetta má lesa í ársskýrslu á www.help.is, undir liðnum Um starfið. Aðstoð okkar er sveigjanleg og sniðin að þörfum hvers og eins.

**Inneignarkort í stað matarpoka – nauðsynlegt samstarf**

Nú 1. maí hófst ný tegund mataraðstoðar, inneignarkort í stað matarpoka. Um leið var ákveðið að Hjálparstarf kirkjunnar myndi aðeins aðstoða barnafólk með mat en vísa öðrum til hinna hjálparsamtakanna, þar sem þau starfa. Séu engin slík, veitum við öllum aðstoð. Þetta er gert vegna þess að inneignarkortin eru dýrari leið og vegna þess að rannsóknir sýna að barnafjölskyldur hafa það verst í kreppu. Um leið ýtum við við áragamalli ósk okkar til hinna samtakanna um að við vinnum saman, skiptum með okkur umsækjendahópnum. Þannig komum við í veg fyrir að sumir fari á marga staði eftir aðstoð. Þannig getum við sniðið aðstoðina hver að sínum hópi. Allir sem sækja um aðstoð hjá okkur þurfa að koma með gögn um tekjur og útgjöld. Það sem er afgangs ræður því hvort viðkomandi fái aðstoð. Þannig fá aðeins þeir verst settu hjálp. Við veitum neyðaraðstoð en ekki viðbót við framfærslu.

Fjármálaráðgjöf hefur bæst við hjá okkur. Strax bókaðist í hana. Skjólstæðingum okkar gefst nú líka nýr kostur – einstaklings- og fjölskylduráðgjöf. Tilboðin byggja á þúsundum viðtala sem ég hef tekið um þörfina. Tekið skal fram að öll önnur aðstoð okkar en mataraðstoð er ætluð öllum, bæði barnafólk og öðrum, hvar sem er á landinu.

**Hvað veist þú í alvöru um fátækt á Íslandi? Fylgstu með sjónvarpsþættinum**

Hjálparstarfið hefur gerst aðili að Evrópusamtökum gegn fátækt og félagslegri einangrun. Við væntum samstarfs og frjórra hugmyndaskipta um þennan alheimsvanda. Hér á landi hefur vantað góða og upplýsta umræðu meðal almennings og ráðamanna. Fimmtudagskvöldið 26. maí verður, í opinni dagskrá, þáttur á Stöð 2 með viðtölum við þá sem búa við fátækt á Íslandi og fræðimenn um vandann. Ég skora á þig að fylgjast með. Við verðum að vita hvernig ástandið er.

Svo verðum við að bregðast við – þú og ég, íslenskir samborgarar.






512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




ETC — SVIÐSLÝSING | MIDAS — HLJÓÐBLÖNDUN | Meyer Sound — HLJÓÐKERFI | ALLEN&HEATH — HLJÓÐBLÖNDUN | Martin — SVIÐSLÝSING | BARCO Visibly yours — MYNDBÚNAÐUR

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÁSGEIR ÁSGEIRSSON** forseti Íslands (1894-1972) fæddist þennan dag.

*„Mark þurfa allir að setja sér og velja leiðina í samræmi við það.“*



## 80 ára afmæli

**Guðlaugur Jónas Guðlaugsson**

bifreiðasmiður
varð 80 ára þann 10. maí.

Af því tilefni bjóða þau Guðlaugur og Fjóla ættingjum og vinum að eiga góðan dag með þeim á veitingahúsinu Boston, Laugavegi 28, kl. 16-18.30 laugardaginn 14. maí.

**ÞETTA GERÐIST:** 13. MAÍ ÁRIÐ 1966

## *Ríkið kaupir Skaftafell*

Íslenska ríkið undirritaði samning um kaup á Skaftafelli í Öræfasveit undir þjóðgarð. Jörðin var afhent í september árið eftir og þjóðgarðurinn opnaður um vorið 1968.

Þjóðgarðurinn þekur um 4.800 ferkílómetra lands og þar vex mikill gróður milli sands og jökla. Þjóðgarðurinn var stækkaður 1984 og svo aftur 2004 og eru nú um tveir þriðju hlutar af Vatnajökli innan þjóðgarðsins. Við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs 8. júní 2008 varð Skaftafell hluti hans. Sem þjóðgarður var Skaftafell skipulagt sem göngusvæði og býður fjölbreytt landslagið upp á ólíkar gönguleiðir. Svartifoss og Skaftafellsjökull draga að ferðalanga og í Skaftafelli er þjónustumiðstöð og stórt tjaldsvæði.

*Heimild: wikipedia.org og vatnajokulsthjodgardur.is*





†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Ásgerðar Ágústu Pétursdóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sóltúns fyrir góða umönnun.

**Pétur Vilhjálmsson** **Auður Sjöfn Tryggvadóttir**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir**
**Jóhanna Vilhjálmsdóttir** **Örn Guðmarsson**
**Jóhann Sigurfinnur Vilhjálmsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðlaugar Stefánsdóttur.**

Einnig sendum við kærar kveðjur öllum þeim sem geyma í hugskoti sínu ljúfar minningar um hana.

**Guðríður Ó. Vestmann** **Bragi Jóhannsson**
**Alma Vestmann** **Ægir Sigurðsson**
**Stefán Vestmann** **Sara Saengduan Sinpru**
**ömmu- og langömmubörn**

*Minning*

## † Benedikta Þorsteinsdóttir



Benedikta Þorsteinsdóttir fæddist 20. maí 1920 í Efri-Brekku við Brekkustíg í Reykjavík. Foreldrar hennar voru Þorsteinn Fr. Einarsson, húsasmiður, f. 26. mars 1887 á Skipum í Stokkseyrarhreppi, d. 30. des. 1976, og k.h. Ragnhildur Benediktsdóttir, f. 1. júní 1887 á Tumastöðum í Fljótshlíð, d. 20. nóv. 1954 í Reykjavík. Benedikta var næstyngst 5 systkina sem nú eru öll látin. Benedikta giftist 14. mars 1942 Sæmundi E. Kristjánssyni, vélstjóra, f. 2. sept. 1909 í Otradal við Arnarfjörð, d. 5. nóv. 1982 í Reykjavík. Þau bjuggu allan sinn búskap í Reykjavík og eignuðust þar fjögur börn, Kristján, f. 26. okt. 1942, maki Vigdís B. Aðalsteinsdóttir, Sverri, f. 17. júní 1945, maki Erna Vilbergsdóttir, Sigríði Dagbjörtu, f. 15. nóv. 1947, maki Jón Örn Marinósson, og Viktor Smára, f. 8. febr. 1955, maki Ingibjörg Hafstað. Barnabörn Benediktu eru 13 og barnabarnabörnin 24. Síðustu æviár sín dvaldist Benedikta á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund og þar lést hún snemma að morgni 6. maí.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

ÁSTA B. GUNNLAUGSDÓTTIR FÓTBOLTAKONA: FAGNAR FIMMTUGU Í DAG

# EKKERT MERKILEGRA EN 49 ÁR

„Ég ætla ekki að halda upp á afmælið með hefðbundnum hætti,“ segir Ásta B. Gunnlaugsdóttir, fyrrverandi landsliðskona í fótbolta, en hún stendur á fimmtugu í dag. Ásta verður á flandri á afmælisdaginn.

„Við hjónin drifum okkur út úr bænum í gær og verðum á ferðinni í dag á Suðurlandinu. Látum veður og vinda ráða ferð. Í kvöld förum við á veitingastaðinn Fjöruborðið og borðum þar með dætrum okkar tveim og tengdasonum. Það verður hin eiginlega afmælisveisla.“

Gamanið verður þó ekki úti þegar afmælisdagurinn er liðinn því á morgun heldur Ásta áfram að ferðast.

„Þá er ég boðin í heljarinnar skvísuferð til í Stykkishólms að borða góðan mat og hafa það huggulegt. Ég sagði einu sinni að á þessu stórafmæli ætlaði ég að fara í einhvers konar „pretty woman“ ferð með vinkonum til Bandaríkjanna, en Stykkishólmur verður það í ár,“ segir hún hlæjandi og hlakkar auðheyrilega til ferðarinnar. Hún segir það líka hafa kosti í för með sér að vera að heiman á afmælisdaginn sjálfan.

„Mér hefur verið komið á óvart kvöld eftir kvöld. Síðustu helgi færðu vinkonur mínar mér afmælisgjöf, og í saumaklúbbi í vikunni fékk ég miða á Eagles-tónleikana. Svo fékk ég einnig veglega gjöf frá starfsfélögum mínum svo ég brosi bara hringinn þessa dagana.“

Spurð hvort hún hræðist aldurinn segir Ásta það af og frá. Hún þakki fyrir hvert ár sem bætist við. Ekki sé sjálfgefið að eldast og fólk eigi að njóta lífsins. „Mér finnst í rauninni fimmtíu ár ekkert merkilegri aldur en 49 ár. Það á að hafa góðan mat þegar maður vill, sama hvaða dagur er. Ég hef heldur aldrei skilið konurnar sem segjast vera yngri en þær eru. Ef þú ert 35 og lítur út fyrir að vera 32 en segist vera 29, þá kemur það nú ekki vel út,“ segir hún og skellir upp úr.

Ekki er hægt að sleppa Ástu án þess að spyrja hvort hún sé ekki „allt-af í boltanum“ en hún var lengi markahæsta landsliðskona Íslands.

„Ég vinn í íþróttamiðstöð og æfi með karlahópi í hádeginu á vinnustaðnum. Svo starfa ég í unglinganefnd KSÍ og er liðsstjóri í nítján ára landsliði kvenna. Dætur mínar eru báðar í fótbolta og ég fylgist auðvitað með þeim. Svo jú, ég er „alltaf í boltanum“, þó að ég sé hætt að keppa.“

heida@frettabladid.is



**BROSIR ALLAN HRINGINN** Ásta B. Gunnlaugsdóttir, fyrrverandi landsliðskona í fótbolta, verður á flandri á fimmtugsafmælinu sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Kristjánsdóttir**

Sólhaga, Vatnsleysuströnd,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 10. maí. Útför hennar fer fram frá Kálfatjarnarkirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 14.00.

**Aðalsteinn Sigursteinsson**
**Jón Haukur Aðalsteinsson** **Jóna Harðardóttir**
**Margrét Aðalsteinsdóttir** **Pétur Einarsson**
**Gróa Aðalsteinsdóttir**
**Guðbergur Aðalsteinsson** **Helga Jóhannsdóttir**
**Kristjana Aðalsteinsdóttir** **Helgi Kristjánsson**
**Steinþór Aðalsteinsson** **Kolbrún Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Hjartans þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Sigurðar Freysteinssonar**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sóltúns fyrir alúð og góða umönnun.

**Sigrún Lovísa Grímsdóttir**
**Grímur Sigurðsson** **Sigríður Finnsdóttir**
**Freysteinn Sigurðsson** **Kolbrún Sigurpálsdóttir**
**Hulda G. Sigurðardóttir** **Brynjar Þórarinsson**
**Guðbjörg Sigurðardóttir** **Skúli Kristjánsson**
**Sigurður Sigurðsson** **Liv Marit Sigurðsson**
**Sigrún Lovísa Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur**



**Teiknismiðja og fjölskylduleiðsögn** verður í Ásmundasafni klukkan 15 á sunnudag og verða teikningar myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar notaðar sem uppspretta. Byrjað verður á að fara um sýninguna Frá hugmynd að höggmynd - Teikningar Ásmundar Sveinssonar en að því búnu fá allir að spreyta sig á því að teikna.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473







**Kara Hergils er haldin prótínofnæmi og hefur þurft að rýna í mataræðið. Við það vaknaði matgæðingur.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Borðar létt en orkumikið

Dansarinn Kara Hergils Valdimarsdóttir er dugleg í eldhúsinu. Það kemur ekki endilega til af góðu en hún er haldin fiski- og kjúklingaofnæmi og fannst hún tilneydd að prófa sig áfram til að geta haldið áfram að borða góðan mat þrátt fyrir ofnæmið. „Ég borða mikið af grænmeti og ávöxtum og reyni að gera það spennandi,“ segir Kara, sem gefur sýnishorn af mat sem er henni að skapi.

Hún er í þann mund að útskrifast af listdansbraut Listaháskóla Íslands með BA-gráðu í samtímadansi og frumsýnir tvö útskriftarverk í Gaflaraleikhúsinu í kvöld. „Mataræði mitt fer ágætlega saman við dansinn, enda er gott að fá sér eitthvað létt en orkumikið fyrir sýningar,“ segir Kara. Fyrra verkið, The Genius of the Crowd, er eftir Tony Vezich en hið síðara, How Did You Know Frankie, er unnið í samvinnu við Sveinbjörgu Þórhallsdóttur. Fyrra verkið er kraftmikið dansverk sem krefst mikils af dönsurunum hvað varðar líkamlegan styrk og úthald en hið seinna er leikhússkotið verk unnið út frá dauðasyndunum sjö. Sýningarnar verða fimm talsins. *vera@frettabladid.is*

## GRILLAÐ EGGALDIN MEÐ MOZZARELLA OG FERSKU SUMARSALATI

Fyrir 2-4

1 eggaldin
truffluolía
salt og pipar
1 mozzarella-kúla

*Skerið eggaldin niður í ræmur og veltið upp úr truffluolíu. Saltið og piprið eftir smekk. Grillið í um það bil 10 mínútur á hvorri hlið.*

**Sumarsalat:**
spínat
gul og rauð paprika
tómatar
agúrka
ferskur ananas
rauð vínber
avocado
mangó
döðlur
fetaostur
balsamik edik

*Skerið niður og blandið saman. Hellið fetaosti og ediki yfir.*








**Heilsuvika** hefur staðið yfir í Mosfellsbæ í vikunni og lýkur með heilsuhátíð fjölskyldunnar að Varmá á morgun milli 11 og 14. Þar verða kynningar á heilsutengdri þjónustu, fjölskylduhlaup, ganga fyrir eldri borgara, fræðsluerindi og ýmislegt fleira.

# Gósenland í fjörunni

**Guðrún Hallgrímsdóttir leiðir fjöruferð við Hrakhólma á morgun en hún segir þangað mýmargt ætilegt að sækja. Hún er sérstaklega hrifin af þörunganytjum og mylur þurrkaða þörunga út á súrmjólkina sína.**

Matvælaverkfræðingurinn Guðrún Hallgrímsdóttir og fiskifræðingurinn Konráð Þórisson leiða fjöruferðina Fjaran-Gósenland á morgun og benda þátttakendum á alls kyns lostæti í fjörunni. Ferðin er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Ferðafélags Íslands og félagsins Matur-saga-menning og liður í aldarafmælishaldi HÍ.

Lagt verður af stað frá Bessastaðakirkju klukkan 11, sameinast í bíla og haldið í fjöruna við Hrakhólma. „Þar munum við líta eftir þangi, þörungum, kuðungum og skeljum og vonast ég til að finna krækling og jafnvel bláskel og bobba. Þá mun Einar Þorleifsson náttúrufræðingur frá félaginu Matur-saga-menning ganga til liðs við okkur og benda á ætilegar strandjurtir eins og fjörukál, fjöruarfa og jafnvel skarfakál," segir Guðrún og heldur áfram: „Sprettan er reyndar ekki orðin mikil svona snemmsumars en er þó væntanlega komin vel af stað."

Guðrún á von á því að hægt verði að koma auga á flestar þær tegundir þara og þörunga sem eru nýttar við Íslandsstrendur. Hún er sjálf mikil áhugamanneskja um mat og matarhefðir enda einn stofnfélaga félagsins Matur-saga -menning. „Ég er alveg sérstaklega hrifin af þörungum. Ég var svo lánsöm að komast á fyrirlestur hjá danska lífeðlisfræðingnum Ole G. Mouritsen, sem hefur gefið út frábærar bækur um þang og þörunga. Eftir að hafa lesið þær og fengið tækifæri til að ganga með honum í fjörunni á Skarðsströnd fyrir vestan er ég farin að lifa á þörungum og er svo heilluð að ég myl þurrkaða þörunga út á allt og meira að segja súrmjólkina mína." Guðrún segir hægt að kaupa góða þörunga frá Íslenskri hollustu en auk þess megi tína þang og þörunga beint úr fjörunni. „Fólk þarf þó að kunna til verka og tína þetta lifandi á fjöru. Þetta er síðan frábært út á salatið, í súpur, pottrétti og á súrmjólkina."



Guðrún mun benda fólki á alls kyns æti í fjörunni og fær til liðs við sig bæði fiski- og náttúrufræðing. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðrún segir þang og þörunga gullnámu næringarefna. „Þarna er uppspretta vítamína og steinefna, lífsnauðsynlegra amínósýra og ómettaðra fitusýra í æskilegum hlutföllum. Það er því ljóst að í fjöruna er margt að sækja," segir Guðrún. Hún mælir með því að fólk mæti í stígvélum og taki með sér fötu eða poka undir góssið.

vera@frettabladid.is



Farfuglarnir eru farnir að láta sjá sig í Heiðmörk, þar á meðal hinn sjaldgæfi himbrimi.

## Vormarkaður við Elliðavatn

VORBLÓT ÁSATRÚARMANNA, FUGLASKOÐUN OG KASTKEPPNI ERU Á MEÐAL ÞESS SEM VERÐUR Á DAGSKRÁ Á VORMARKAÐI VIÐ ELLIÐAVATN UM HELGINA.

Skógræktarfélagið heldur vormarkað við Elliðavatn um helgina. Félag trérennismiða verður með stóra sölusýningu í Gamla salnum og sýnikennslu á hlaðinu. Á laugardag býður Íslenski hesturinn upp á hestaleigu auk þess sem Íþrótta- og ólympíusamband Íslands verður með kynningu á stafgöngu. Síðdegis verður síðan vorblót að Vatni á vegum ásatrúarmanna, sem bjóða öllum að fagna gróandanum með sér.

Fuglavernd og Ferðafélag Íslands verða með kynningu á starfseminni og bjóða fólki í fræðslugöngur meðan á markaðnum stendur. Á föstudag verður kennsla í fluguhnýtingum og á laugardag býðst fólki að kasta flugu með leiðsögn. Á sunnudaginn verður síðan kastkeppni á túninu neðan við bæinn. Sjá nánar á www.heidmork.is


ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál



GÆÐAFISKUR
Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir

Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM
Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA
2001 - 2011
FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!
Ívar Örn Hansen S: 5125429, gsm 6154349 ivarorn@365.is
Sigríður Dagný S: 5125462, gsm 8233344 sigridurdagny@365.is
Sigríður Hallgríms S: 5125432, gsm 6924700 sigridurh@365.is

OSUSHI-VEISLA!
60 BITA Sushi-veislubakki
Kr. 8.900,-
panta þarf með dags fyrirvara.



SUSHI THE TRAIN
OSUSHI -THE TRAIN
Lækjargötu 2a og Borgartúni 29 sími 561 0562 / www.osushi.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 13. maí 2011



## Rósa Birgitta Ísfeld

Dreymir um að syngja í Eurovision

- Puzzled by Iceland
- Stílistar gefa ráð
- Á rúmstokknum
- Chanel og rómantíkin

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

FRÁBÆR SJÓNVARPSTILBOÐ

ÚRVALIÐ ER Á SM.IS

# núna

✻ Sumar og sól



**Á VARIRNAR** Chubby Stick varasalvinn frá Clinique gerir varirnar silkimjúkar og fallegar. Varasalvinn fæst í átta ólíkum litum og gefur vörunum því léttan lit ásamt því að koma í veg fyrir þurrk. Stórsniðugt í snyrtibudduna í sumar.

## blogg vikunnar

### New York, New York



Bloggið www.lefashionimage.blogspot.com er skemmtileg lesning. Þar eru fallegar myndir og flott tíska sem hvort tveggja gleður augað. Síðunni er haldið úti af stúdínu frá New York, sem eins og svo mörgum öðrum stúdínum finnst gaman að láta sig dreyma um að eignast fallegar flíkur og ferðast til framandi landa. Þessum draumum deilir hún svo með heimsbyggðinni á netinu.

### Íslenskt, já takk!



Hin íslenska Hildur Ragnars heldur úti bloggsíðunni www.hilrag.com. Síðan er stútfull af flottri tísku, björtum litum og skemmtilegu skarti. Hún er einnig uppfærð mjög reglulega og því er þetta síða sem má heimsækja nánast daglega.

Guðrún Heimisdóttir og Þóra Eggertsdóttir hanna falleg púsl:

# HUGMYNDIN FÆDDIST Í ORLOFI

Þóra Eggertsdóttir og Guðrún Heimisdóttir standa á bak við hönnunarfyrirtækið Puzzled by Iceland. Þær hafa þróað og framleitt púsluspil sem eru sérstaklega hugsuð sem minjagripir.

Samstarf vinkvennanna, sem hafa þekkst í áratug, hófst á meðan þær voru báðar í fæðingarorlofi. Einn dag er þær sátu á kaffihúsi veltu þær fyrir sér hvað tæki við að orlofinu loknu og ákváðu að stofna fyrirtæki saman. „Við ákváðum að skapa okkar eigið starf og stofna fyrirtæki; það eina sem vantaði upp á var hvers konar fyrirtæki við ættum að stofna,“ útskýrir Guðrún glaðlega.

Þær stöllur skrifuðu niður ýmsar ólíkar hugmyndir að fyrirtækjum og ákváðu að lokum að vinna áfram með hugmyndina að púslunum. Þær fengu til liðs við sig nokkra áhugaljósmyndara sem þær fundu á vefsíðunni Flickr.com og að lokum höfðu þær uppi á framleiðanda í Kína. Fallegar myndir úr íslenskri náttúru prýða púsluspilin, þar á meðal ljósmynd af Öxarárfossi, Hvítserki, litlu lambi og fallegu hrossi, svo fátt eitt sé nefnt. Hverju púsli fylgir einnig skemmtilegur fróðleikur um myndefnið. „Viðtökurnar hafa verið ótrúlega góðar en þar sem fyrstu púslin komu út í nóvember höfum við enn ekki upplifað ferðamannasumar á Íslandi. Við erum mjög spenntar fyrir sumrinu og höfum beðið lengi eftir því.“



**Puzzled by** Þóra Eggertsdóttir, til vinstri, og Guðrún Heimisdóttir ásamt dætrum sínum, Alexöndru og Huldu. Vinkonurnar hanna skemmtileg púsl sem hafa slegið í gegn. MYND/TOMASZ ÞÓR VERUSON

Þær Þóra og Guðrún hlutu annað sætið í Gulleggínu hjá Innovit og ætla að nota þann styrk til að fara út með vörumerkið, sem þær hafa fengið skrásett. „Vörumerkið heitir Puzzled by og okkur langar að þróa það áfram. Kannski verða eftir nokkur ár einnig komin púsluspil sem heita þá Puzzled by Norway eða Germany,“ útskýrir Guðrún.

Puzzled by Iceland fæst meðal annars í Minju, Eymundsson og Leifsstöð. **- sm**






Viðtal við Dóru Dúnu Sighvatsdóttur í Cover:

## Býður í heimsókn

Danska tímaritið Cover heimsótti Dóru Dúnu Sighvatsdóttur og fékk að mynda bæði hana og heimili hennar í bak og fyrir. Afrakstur heimsóknarinnar má sjá í nýjasta tölublaði tímaritsins.

Dóra Dúna hefur búið í Kaupmannahöfn í fjögur ár og deilir fallegri íbúð með danskri kærustu sinni, Djunu Barnes, sem er vinsæll plötusnúður þar í borg. Dóra Dúna rekur einnig kaffihúsið The Log Lady í hliðargötu af Strikinu. Viðtalið í Cover er mjög veglegt og þar svarar Dóra öllum spurningum blaðamanns samviskusamlega ásamt því að sýna honum íbúðina sína, sem er afskaplega falleg. **- sm**



**Býður í heimsókn** Tískutímaritið Cover heimsótti kaffihúsaeigandann Dóru Dúnu Sighvatsdóttur á dögunum. Viðtalið við hana má lesa í nýjasta tölublaði Cover.

## ✻ augnablikið



**STJÖRNUMAMMA** Söngkonan Gwen Stefani sást rölta um stræti Lundúna með yngri son sinn, Zuma. Söngkonan var flott klædd að venju.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Valgarður Gíslason **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


JAKKI 34.900 KR. BOLUR 5.900 KR.
STUTTBUXUR 8.900 KR.


PEYSA 19.900 KR. SKYRTA 23.900 KR.
BUXUR 12.900 KR. SKÓR 18.900 KR.


BLAZER 24.900 KR.
BOLUR 5.900 KR. BUXUR 12.900 KR.


HLÝRABOLUR 4.900 KR.
STUTTBUXUR 8.900 KR.


SKÓR 19.900 KR.
SOKKAR 2.900 KR.


GK

REYKJAVÍK

SKYRTA 11.900 KR. BUXUR 8.900 KR.


JAKKI 52.900 KR.
BUXUR 12.900 KR. SKÓR 18.900 KR.


BOLUR 8.900 KR.
SKYRTA 23.900 KR.


BOLUR 5.900 KR.
STUTTBUXUR 18.900 KR.


SKYRTA 11.900 KR.
BUXUR 12.900 KR.


BOLUR 8.900 KR.
STUTTBUXUR 18.900 KR.


PEYSA 22.900 KR.


SKYRTA 23.900 KR.

Komdu golfskónum í gang eftir veturinn!

Eigum allar tegundir af tökkum undir golfskó. Þrífum, vatnsverjum og berum á golfskóna um leið og við skiptum um takka.
Látum skóna endast betur og hugsum vel um þá!

Þráinn SKÓARI
STOFNAÐ 1984

Skóvinnustofa, Grettisgata 3, 101 Reykjavík








Chanel yngir upp á nýju ári.

# RÓMANTÍSKT GOTH FRÁ KARLI

Línur tískuhússins Chanel fyrir þetta ár eru unglegri og frjálslegri en oft áður og vaknar því upp sú spurning hvort Lagerfeld sé að reyna að ná til yngri markhóps.

Vor- og sumarlína Chanel var nokkuð einstök. Línan er eins og draumkennd blanda af Chanel-klassík og fáguðu „gothi“ og ef vel er rýnt má sjá svolítið af tíunda áratugnum þarna líka (í formi þykksóla sandala). Að sögn Lagerfelds var hann undir áhrifum frá kvikmyndinni Last Year at Marienbad, en þess má geta að sjálf Coco Chanel hannaði búningana fyrir þá mynd. Línan var ungleg og víða mátti sjá ófrágengna enda, blúndur, fjaðrir og göt. Fylgihlutirnir voru einnig skemmtilegir og ber þá helst að nefna axlarsíða eyrnalokka, stórar og miklar hálsfestar og síðast en ekki síst þykkbotna sandala sem settu skemmtilegan svip á heildarútlitið.

Ný haustlína tískuhússins minnir aftur á móti óneitanlega á „grungið“ sem var svo vinsælt á tíunda áratugnum. Línan innihélt víðar buxur, hermannaklossa og dökka litatóna ásamt hinum hefðbundna, klassíska Chanel-jakka. - sm

LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Draumastarfið í draumalandinu?

Ef þú hefur áhuga á að segja frá og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverður og krefjandi starfi.

INNRITUN STENDUR TIL 31. MAÍ.

WWW.MK.IS
Leiðsöguskólinn sími: 594 4025





the PIER
FOR YOUR HOME
MÓSAÍKBORÐ 15.900.-
PAPPAREGNHLÍF 1390.-
BLÆVÆNGUR 1490.-
ELDSTÆÐI/GRILL 49.900.-
JÁRNSTÓLL 9.900.-
PAPPALUKTIR 890.-
TEKETILL 5690.-
BORÐ 19.900.-
DISKAMOTTUR 390.-
LEIKSTJÓRA-SÓLSTÓLL 9990.-
EINLITIR PÚÐAR 1990.-
FUGLAHÚS 790.-
MYNSTRAÐIR PÚÐAR 1490.-
LUKTIR 790.-
SERÍA 2990.-
SÓLSTÓLL 11.900.-
BLÓM 1290.-
890.-
KERTI KAKTUS 4 SAMAN 990.-
PÓLIRATTAN BORÐ 24.900.-
STÓLL 13.900.-
the PIER
KÍKTU Á OKKUR Á FACEBOOK
BRÚSI OG FL. FRÁ: 490.-
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# ER MEÐ ÞYKKAN SUÐURRÍKJA HREIM



**Einstök** Söngkonan Rósa Birgitta Ísfeld er andlitið á bak við hið vinsæla Kringlulag. Hana dreymir um að syngja fyrir Íslands hönd í Eurovision einn daginn.

**Rósa Birgitta Ísfeld er rödd „Kringlulagsins“ svokallaða. Hún er söngkona hljómsveitarinnar Feldberg og dreymir um að syngja fyrir hönd Íslands í Eurovision.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Valgarður Gíslason

Hljómsveitin Feldberg varð til árið 2009 eftir að tónlistarmaðurinn Einar Tönsberg og Rósa Birgitta unnu saman að auglýsingastefi fyrir Kringluna. „Við þekktumst ekki neitt þegar þetta var. Einar hringdi í mig eitt kvöldið og spurði hvort ég væri laus til að syngja auglýsingastef. Ég var til í það og fór strax sama kvöld og tók upp lagið. Við náðum mjög vel saman alveg frá upphafi, ætli það sé ekki hægt að líkja þessu við að verða ástfangin nema bara á tónlistarlegan hátt. Stundum passar fólk bara saman,“ útskýrir hún.

Samstarfið gekk reyndar svo vel að í kjölfarið ákváðu þau að hittast vikulega og innan skamms voru þau komin með nóg efni í heila plötu. Sveitin gaf út sína fyrstu breiðskífu, Don‘t Be a Stranger, árið 2009 auk þess sem lagið Dreamin‘ var valið lag ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum sama ár. Flestir landsmenn þekkja líklega lögin Running Around og Dreamin‘ með Feldberg þótt þeir kannist ef til vill ekki við hljómsveitina sjálfa. Fyrrnefnda lagið er auglýsingastef Kringlunnar og hið síðarnefnda er vinsæll hringitónn hjá viðskiptavinum Nova. „Við höfum ekki verið sérstaklega dugleg að tengja andlitin okkar við lögin. Það verða margir mjög hissa þegar þeir komast að því að ég syng Kringlulagið,“ segir Rósa.

Þykir þér undarlegt að heyra lögin ykkar úti um allt?

„Ég er orðin vön því núna og eiginlega hætt að heyra þau. En þetta hefur hjálpað okkur mikið, eins og atvikið með BBC 6 um daginn,“ segir Rósa og vísar þar í atvik þegar útvarpskona hjá BBC 6 ætlaði að taka símaviðtal við Árna Hjörvar Árnason úr hljómsveitinni The Vaccines. Meðan á hringingunni stóð hljómaði lagið Dreamin‘ og hófst þá mikil leit að flytjendum lagsins.

## BANNAÐI GALLABUXUR

Hljómsveitin gerði samning við breska plötuútgáfuna Small Town America í lok síðasta árs og nýverið fór sveitin í tónleikaferð til Írlands og hélt að auki tvenna tónleika í London til að kynna plötuna. Rósa og Einar njóta stuðnings nokkurra efnilegra tónlistarmanna við slíkt tónleikahald og þegar hún er innt eftir því hvernig sé að vera eina stelpan í hópnum segir Rósa það oftast ganga vel. „Það ríkir mikill skilningur á milli mín og strákanna. Ég fæ að taka minn tíma í að gera mig til fyrir tónleika og á meðan fá þeir sér bjór,“ útskýrir hún brosandi.

Blaðamaður spyr hvort hún sé dívan í hópnum? „Ég er ekkert svo slæm. Mér finnst samt skipta máli að setja upp skemmtilegt „show“ þegar við komum fram og þá þarf líka að gleðja augað. Ég er búin að banna strákunum að klæðast gallabuxum þegar við komum fram, eins og umboðsmaður Bítlanna gerði á sínum tíma. Sú regla hefur reyndar alveg verið brotin, en þeir reyna þó.“

Sveitin er nú þegar komin langt á leið með að semja efni fyrir nýja plötu og mun sú einnig innihalda glaðlega popptónlist. Rósa viðurkennir þó að nýju lögin séu mörg hver innblásin af tónlist sjötta áratugarins og séu full af sól og gleði.

## DREYMIR UM ÞÁTTTÖKU Í EUROVISION

Aðspurð segist Rósa Birgitta hafa byrjað að syngja áður en hún lærði að tala. Hún söng í hinum ýmsu kórum á sínum yngri árum auk þess sem hún hefur reynt fyrir sér í fjölda hljómsveita og bílskúrsbanda. „Ég hef alltaf sungið en aldrei beint stundað söngnám. Ég tók eina önn í FÍH eftir stúdentinn þar sem ég lærði djasssöng, svo lærði ég líka um stund klassískan söng hjá Margréti Pálmadóttur og Ingu Backman. Stundum held ég að það sé ágætt að ég hafi ekki farið í söngnám því ég hef þróað með mér einhverja tækni sem er ekki endilega hægt að kenna. Ætli hún hefði ekki verið þjálfuð úr mér hefði ég farið í söngnám,“ útskýrir hún.

Rósa viðurkennir að hún hafi verið mikill aðdáandi Eurovision-söngvakeppninnar þegar hún var yngri og kunni flest laganna utan að. Í ár hélt hún með framlagi Norðmanna, sem komst þó ekki áfram upp úr forkeppninni. „Norska lagið var í uppáhaldi hjá mér, ég var viss um að það mundi komast áfram. Ég er mjög lítill þjóðernissinni í mér og held alltaf bara með því landi sem mér finnst vera með skemmtilegasta lagið það árið. En það er auðvitað miklu meiri stemning að horfa á keppnina ef Ísland er með.“

Rósa uppljóstrar því næst um leyndarmál sem hún hefur gengið með í svolítinn tíma. „Ég væri til í að taka þátt í Eurovision næsta ár ef eitthvert skemmtilegt land vinnur keppnina á morgun. Helst land eins og Aserbaídsjan. Ég er meira að segja búin að setja mig í samband við lagahöfunda og byrjuð að pæla í búningum,“ segir hún hlæjandi. „Ég held að það sé magnað að standa á svona stóru sviði og koma fram með bakdansara, eldglærur og brjálæðislega mikið konfettí.“

## MEÐ ÞYKKAN SUÐURRÍKJAHREIM

Rósa Birgitta er uppalin í miðborg Reykjavíkur og hefur búið þar alla ævi ef frá eru talin fjögur ár þegar hún bjó með fjölskyldu sinni í Oklahoma í Bandaríkjunum. Þangað flutti hún níu ára gömul og segist hún hafa komið aftur heim til Íslands með þykkan Suðurríkjahreim. „Það var rosalega fínt að vera þarna í Oklahoma. Ég var í mjög góðum skóla og hverfið sem við bjuggum í var mjög barnvænt. Á móti okkur bjó svo kona sem átti hestabúgarð og ég fékk því að fara mikið á hestbak. Ég kom svo heim frá Bandaríkjunum með Suðurríkjahreim dauðans og hann er enn mjög greinilegur hjá mér, um leið og ég byrja að tala ensku færist talandinn allur fram í nefið og fer að nota orð eins og „y‘all“,“ segir Rósa hlæjandi.

> *„Ég væri frekar til í að búa á síðasta bænum í dalnum heldur en í þorpi.“*

Hestaáhuginn hefur einnig fylgt Rósu frá því hún bjó í Bandaríkjunum og eftir stúdentspróf bjó hún til skamms tíma í Miami, þar sem hún starfaði




myndaalbúmið



Þarna er ég unglingur með rauða dredda ásamt Nínu, systur minni.



Ég og Nína, litla systir mín.





við umhirðu kappreiðahesta. „Mig langaði að komast út í sólina og fékk vinnu við að þjálfa og hugsa um veðreiðahesta. Mér finnst ótrúlega gaman á hestbaki og langar mikið að eiga hest. Ég er alveg ákveðin í að kaupa mér hest um leið og ég „meika" það og eignast fullt af pening. Þetta er svo skemmtilegt og mig dauðlangar aftur í þetta sport, ég hef meira að segja gaman af því að moka skítinn."

Rósa segist kunna mjög vel við sig úti í náttúrunni og viðurkennir að hún þurfi reglulega að komast burt frá borgarlífinu. Innt eftir því hvort hún gæti hugsað sér að búa í sveit svarar hún því játandi. „Ég væri frekar til í að búa á síðasta bænum í dalnum en í þorpi. Mér finnst samt meira spennandi að eiga sveitabæ einhvers staðar þar sem er sól. Ég er meira að segja búin að skoða jörð í Marokkó sem er til sölu. Það væri gaman að geta deilt tímanum sínum á milli Íslands og Marokkó." Rósa hefur heimsótt Afríkulandið fimm sinnum og fór nú síðast í janúar á þessu ári. Hún segir landið mjög heillandi og kann vel við sig í sólinni þar. „Það er rosalega gott að vera þarna, en maður þarf að gefa sér í það minnsta tvo daga til að venjast menningunni og umhverfinu. Ég fór þangað með dóttur mína í vetur og það bjargaði mér alveg að komast aðeins frá skammdeginu og hanga í sólinni."

### SINNIR TÓNLIST AF KRAFTI

Rósa á eina dóttur sem er á þriðja aldursári. Sú litla hefur leikskólagöngu sína næsta mánudag og segir Rósa mikla eftirvæntingu ríkja á heimilinu vegna þessa. „Ég er búin að vera með hana heima síðan hún fæddist, hún fékk bara ekki leikskólapláss fyrr. Mér finnst reyndar æðislegt að hafa getað verið með hana heima svona lengi og hefði örugglega ekki getað sett hana frá mér sex mánaða. Mér finnst fæðingarorlofið hér á landi allt of stutt, það ætti að vera að minnsta kosti ár."

Nú þegar Rósa hefur daginn lausan til að sinna öðrum málum en barnauppeldi ætlar hún að gefa í og sinna tónlistinni af enn meiri krafti. „Feldberg gengur vel og mig langar að gefa allt mitt í það. Annars bíður mín nóg af verkefnum. Mig langar til dæmis að semja handrit að Billie Holiday sýningu, er að vinna að sambaplötu og hljómsveitin Sometime er að klára aðra plötu sína. Svo væri ég líka til í venjulega vinnu og prófa vinnumarkaðinn aðeins eftir svona langt hlé. Framtíðin er sem sagt ný og spennandi," segir hún glaðlega að lokum.



Ég ásamt litlum ketti.



Ég ásamt dóttur minni á ferðalagi um Marokkó í vetur.

# Þægileg og glæsileg föt fyrir sumarið

**Stíll**
Laugavegi 58
S: 551-4884



**Silki og bómullarkjóll**
**Verð 16.900**
**Hálsmen 8.900**



**Verð 21.900**

**TUZZI**
Kringlunni
S: 568-8777



**Nero Giardini**
**Verð 25.900**

**Hjá Hrafnhildi**
Engjateig 5
S: 581-2141



**Prisa**
**Verð 14.900**
Einnig til í gráu.



**Prisa**
**Verð 14.900**
Einnig til í svörtu, turkis og ljós gráu.

**Kello**
Kringlunni
S: 568-4900

**Verð 14.990**
Litir: kremað og svart
Silkiblanda



**Verð 21.990**
Stærðir 38 – 46
Litir: hvítur, ljós grár og svartur - Silkiblanda



**Verð 18.990**
Stærðir: S - XXL



**Verð 24.990**
Stærðir: S - XXL

## Anna Clausen

**Hvað verður heitast í sumartískunni?** Ég tel að hvítar flíkur með þungum, fallandi línum í anda sumarlínu Celine verði vinsælar í sumar. Þetta fer fullkomlega við heita sumardaga. Notið sterka liti við til að glæða hvítu flíkina lífi.
**Hvað telur þú nauðsynlegt að eiga fyrir sumarið og af hverju?** Tösku! Í sumar verða minni töskur vinsælar þannig að veljið svokallað „clutch“ eða áberandi tösku eins og þessa frá Hildi Yeoman; slík taska mun hressa upp á hvaða fatasamsetningu sem er. Sólgleraugu eru líka skyldueign fyrir sumarið. Eins og töskur og skór geta þær breytt heildarútlitinu til hins betra og hvet ég fólk til að finna sér ein í anda sjöunda eða tíunda áratugarins. Ef þið ætlið á ströndina í sumar er sniðugt að fjárfesta í nýju handklæði.
**Hver eru plön þín fyrir sumarið?** Ég ætla til New York!



**Handklæði frá Scintilla, fæst í Spark Design Space** 4.500 kr.



**„Íþróttataska“ eftir Hildi Yeoman, fæst í KronKron** Verð fæst uppgefið í verslun.



**Eyrnalokkur eftir Hildi Yeoman, fæst í KronKron** Verð fæst uppgefið í verslun.



**Handgerð sólgleraugu frá Kador, fást í Linsunni** 19.800 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stílistar gefa ráð fyrir sumartískuna:

# FLOTT FYRIR SUMARIÐ

Í byrjun vikunnar fengu landsmenn loks svolítið sumarveður og vakti það upp þrána eftir betri tíð með blóm í haga. Borgarbúar hafa tekið sólinni fagnandi og dregið fram stuttbuxur, sandala og ermalausa kjóla henni til heiðurs.

Sé einhver í vafa um hvað sé heitt í tískunni í sumar þarf ekki að örvænta mikið lengur því Föstudagur leitaði til þriggja landsþekktra stílista og fékk þá til að deila því með lesendum hvað þarf að eignast fyrir sumarið.

- sm



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Alda B. Guðjónsdóttir

**Hvað verður heitast í sumartískunni?** Skærir litir og fólk á að vera alveg óhrætt við að blanda þeim saman. Hattar! Það eru allir vitlausir í hatta eftir konunglega brúðkaupið.
**Hvað telur þú nauðsynlegt að eiga fyrir sumarið og af hverju?** Sólgleraugu og sólarvörn. Þau hafa bæði sama tilgang, sem er að verja húðina fyrir hrukkum, enginn vill fá þær.
**Hvað kemur þér í sumarskap?** Sólin og mojito.



**Taska frá Next** 6.490 kr.



**Sundbolur frá Accessorize** 6.990 kr.



**Sólgleraugu frá Jack and Jones** 2.990 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir

**Hvað verður heitast í sumartískunni?** Ég er heitust fyrir síðum kjólum og síðum pilsum. Bleiserum, þröngum stuttum kjólum og bara persónulegum stíl. Mestu máli skiptir hvað klæðir mann vel. Hverri konu er nauðsynlegt að eiga vel gerða og fallega skó, tösku og sólgleraugu.
**Hvað telur þú nauðsynlegt að eiga fyrir sumarið og af hverju?** Góða sólarvörn, af því að öll brúnka er bruni. Tjald, af því að það er frábært að tjalda á Íslandi. Síðan kjól, sólgleraugu og fullt af höttum. Gott ilmvatn er líka algjör nauðsyn.
**Hvaða vor/sumarlínu ert þú hrifnust af?** Alexander McQueen, Ann Demulemeester, Givency, Haider Ackerman, Comme des Garcons og Yohji Yamamoto. Þetta eru hönnuðir sem mér finnst alltaf samkvæmir sjálfum sér og höfða mest til mín. Og mig langar í allar vorlínurnar þeirra. Núna!



**Gallajakki frá Aftur** 75.000 kr.



**Kjóll frá Pleasure Principle, fæst í Aftur** 43.000 kr.



**Samfestingur frá Siggu Mæju** Verð fæst uppgefið hjá hönnuði.

FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

Ævintýralegur starfsvettvangur

Viltu starfa í frábærri atvinnugrein
– eða ertu starfandi í ferðaþjónustu!

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

Innritun lýkur 20. maí

WWW.MK.IS
Ferðamálaskólinn sími: 594 4020

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN






**STUNDUM ER HÁRIÐ ÓSTÝRLÁTT OG ERFITT. ÁSTÆÐAN FYRIR ÞVÍ ER YFIRLEITT SÚ AÐ HÁRIÐ HEFUR SKADDAST Á EINHVERN HÁTT.**

NÝTT **DOVE INTENSE REPAIR SJAMPÓ OG HÁRNÆRING MEÐ FIBER ACTIVE TECHNOLOGY** SMÝGUR DJÚPT Í HÁRIN OG BYGGIR ÞAU UPP INNAN FRÁ ÞANNIG AÐ HÁRIÐ LIFNAR VIÐ AÐ NÝJU.

Dove
repair therapy

**DOVE INTENSE REPAIR ER SÉRFRÆÐIMEÐFERÐ FYRIR MEÐHÖNDLAÐ HÁR.**





# KUREN

ÞÆGILEG LEIÐ TIL AÐ HREINSA LÍKAMANN Á 10 DÖGUM

**Er efsta talan óhneppt...**

**...hreinsaðu kroppinn fyrir sumarið**

KUREN 10 daga hreinsikúr (detox)* hefur hjálpað fjölmörgum að minnka mittismálið, efla meltingu og bæta dagsformið.

*Ekki þarf að breyta um mataræði á meðan 10 daga KUREN hreinsikúr stendur en þeir sem vilja léttast er bent á að borða reglulega léttan og ferskan mat. Auðvelt blandið 25 ml. út í stórt glas af vatni og drekkið fyrir morgunmáltíð.




50% afsláttur

Innflutningsaðili: Gengur vel ehf.

Prentun.is

Við bjóðum **50% afslátt af KUREN** frá 10 maí til 10 júní (ef birgðir endast) á eftirfarandi sölustöðum: Öllum apótekum, heilsubúðum, Hagkaup, Fjarðarkaup og þín verslun Seljabraut.



**Sólgleraugu fylgja með öllum keyptum gallabuxum.**



Vorum að taka upp nýja sendingu af kvartbuxum

Herra H

OPNUNARTÍMI
MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17
S. 572 3400

FJÖRÐUR

Firði, Hafnarfirði • Sími 572 3400

www.fjordur.is




**Heldur markað** Anna Sigríður Pálsdóttir heldur skemmtilegan markað í húsnæði Barber Theater á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skemmtilegur markaður í Barber Theater:

# Faldir fjársjóðir

Stórskemmtilegur markaður fer fram í húsnæði Barber Theater við Hverfisgötu 37 á morgun. Að sögn Önnu Sigríðar Pálsdóttur hárhönnuðar verður þar að finna nóg af gersemum bæði fyrir konur og karla.

„Vorhreingerningu Barber Theater er lokið og eftir þá miklu tiltekt sáum við fullkomið tækifæri til að halda skemmtilegan markað sem hressir, kætir og bætir,“ segir Anna. Á markaðnum má finna fullt af kvenfatnaði, ýmislegt á strákana, barnaleikföng og eitthvað fallegt fyrir heimilið. Anna bætir svo við að þeir sem versli fyrir meira en 10.000 krónur fái óvæntan glaðning frá Barber Theater.

Markaðurinn hefst stundvíslega klukkan 12 og stendur til klukkan 18.

- sm



Á **RÚM**STOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

## Leitin að egginu!

Umræða um kynlífstækjanotkun hefur einskorðast við konur og kannski má það rekja til spennings okkar yfir heimakynningum á titrandi gersemum. Eða því hversu ábyrgðarfullar við erum í að tryggja okkar eigin fullnægingu. Hvað sem því líður sýnir nýleg rannsókn að meirihluti samkynhneigðra og tvíkynhneigðra karlmanna eigi einnig myndarlegan dótakassa. Tækin einskorðast því ekki við konur þó að umræðan eigi það til að gera það.

Ég er oft spurð (oftar en ekki af karlmönnum) um kynlífstæki og þá hvað sé „besta“ og vinsælasta kynlífstækið. Það er réttast að leiðrétta einn misskilning sem snöggvast, það er ekkert „best“ eða eitt rétt þegar kemur að kynlífi. Kynlíf er einstaklingsbundinn leikur sem er síbreytilegur. Þess vegna er talað um dótakassa undir mismunandi tæki og tól en ekki bara eina græju. Það má nefnilega hafa gaman af því að finna út hvort bleikur titrandi höfrungur fullnægi í dag en blátt egg á morgun.

Saga kynlífstækja er merkileg í því ljósi að titrarinn var fundinn upp og tæknivæddur til að létta ákveðinni fagstétt karlmanna það verk að fullnægja konum. Þetta er því viðurkennd lausn sem konur og karlar hafa lumað á í skúffunni sinni í langan tíma. Galdurinn felst í titringnum; ef tækið titrar þá virkar það. Flest kynlífstæki sem eru hönnuð fyrir konur miða að örvun á sníp og rétt inn fyrir leggöng. Þau vinsælustu eru því oft í lögun sem er ansi frábrugðin hinum ílanga getnaðarlim og líta frekar út eins og egg, þríhyrnd keila eða baknuddstæki. Þessi sömu tæki eru einnig hentug fyrir endaþarmsörvun, gefið að hönnun tækisins sé þannig að það geti ekki „ryksugast“ upp og týnst í leyndardómum þarmanna. Sumir telja að sá sem kynnir kynlífstæki til leiks sé að ógna eða gera lítið úr hinum aðilanum, líkt og að sá sé ekki að standa sig nægilega vel. Þessu er ég algerlega ósammála. Það að kynna tæki til leiks getur einmitt létt undir þrýstingi hjá þeim sem telur sig bera ábyrgð á að fullnægja kynlífsfélaganum, og getur því verið kærkomin viðbót fyrir báða aðila. Að því gefnu að báðir séu sáttir við titrandi aukahljóð.

Það er næstum orðið krafa að konur lumi á heljarinnar kistu undir rúminu sem skarti öllum regnbogans litum af titrandi aukahlutum, sem þær svo kynna til leiks líkt og um hlaðborð af kræsingum væri að ræða. Það hentar ekki öllum að krydda kynlífið með tækjum, ekki frekar en það að krydda matinn með Season All. Kynlífstæki eru persónulegur hlutur sem þarf að kynna með smá fyrirvara og jafnvel prófa sig áfram með í einrúmi áður en það fer að suða undir sænginni. Þá þarf að passa að þrífa tækið eftir hverja notkun og fjarlægja rafhlöðurnar svo tækið endist lengur. Nú er málið bara að prófa sig áfram!

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***







# ÆTLAR ÞÚ Í HÁSKÓLA Í HAUST?







SPENNANDI NÁM
OG ÖFLUGT FÉLAGSLÍF

PIPAR\TBWA • SÍA • 111030

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

**YFIR 400 NÁMSLEIÐIR Í BOÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS**
Umsóknarfrestur um grunnnám á háskólaárinu 2011–2012 er til 5. júní 2011.
Móttaka rafrænna umsókna er hafin á *www.hi.is*



# YFIRHEYRSLAN

**Lovísa Arnardóttir, ráðgjafi hjá UNICEF á Íslandi.**

**Háir hælar eða flatbotna skór:** Hælar, ekkert of háir, nema við sérstök tilefni.



**Ómissandi í snyrtibudduna:** Maybelline-mússið og maskari, auk fjólubláa varalitarins míns.

**Uppáhaldsliturinn:** Fjólublár.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Vínrauðar sokkabuxur.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Burberry Prorsum Aviator jakkann frá A/W 2010.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Allt með Simian Mobile Disco.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Christopher Kane, Alber Elbaz, Christopher Bailey, McQueen, Mark Fast og Cavalli. Af þeim íslensku er Aftur í miklu uppáhaldi.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Vanillulatté eða „Hrærish“, sem er sérstök viðhafnarútgáfa Sissu vinkonu á Irish Coffee.







# Iðnnám ... nema hvað?

**Iðnaðurinn óskar eftir vel menntuðu fólki til starfa.**
**Verk- og tækninám er skynsamlegt og gefur fjölbreytt tækifæri.**

**Kíktu á NÁM OG STÖRF á idan.is**

*Mótum eigin framtíð – Núna er rétti tíminn!*

SI
Samtök iðnaðarins

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA






**Ný efni, snið og sníðablöð.**

**Vorum að taka upp dásamlegt damask í sængurfatnað.**




FÖNDRA
www.fondra.is
Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fugla hljóð, **6.** kringum, **8.** hluti verkfæris, **9.** hlaup, **11.** ekki, **12.** rót, **14.** kvenvargur, **16.** karlkyn, **17.** þunnur vökvi, **18.** blund, **20.** átt, **21.** umstang.

**LÓÐRÉTT**
**1.** veltingur, **3.** tveir eins, **4.** fjölmiðlar, **5.** ái, **7.** raf, **10.** rúm ábreiða, **13.** poka, **15.** gan, **16.** nögl, **19.** guð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ropa, **6.** um, **8.** orf, **9.** gel, **11.** ei, **12.** grams, **14.** skass, **16.** kk, **17.** lap, **18.** lúr, **20.** na, **21.** ómak.

**LÓÐRÉTT: 1.** rugg, **3.** oo, **4.** pressan, **5.** afi, **7.** merskúm, **10.** lak, **13.** mal, **15.** span, **16.** kló, **19.** ra.


Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

**Aðalfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra**

Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra verður haldinn **24. maí næstkomandi kl.18:00 að Suðurlandsbraut 24, þriðju hæð.**

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf og eru félagsmenn hvattir til að mæta.



RE/MAX Lind

**Vegna aukningar á sölu fasteigna vantar okkur eignir í sölu.**

Hringdu núna
og ég veiti þér góða þjónustu



**Hafðu samband**
**773 6262**

Árni Þór
Sölufulltrúi
arni@remax.is
Sími: 773 6262



Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. Fasteignasali



Fjallabyggð

**Auglýsing um óverulega breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028**

*Breytt landnotkun við Hornbrekkubót, Ólafsfirði*

Bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur samþykkt tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 þann 13. apríl 2011.

Skipulagsbreytingin snýr að breytingu á landnotkun 1700 m² landsvæðis við Hornbrekkubót í Ólafsfirði. Vestasti hluti verslunar- og þjónustusvæðis í Hornbrekkubót mun fá skilgreininguna *opið svæði til sérstakra nota* í samræmi við aðliggjandi svæði.

Breytingin auglýsist hér með skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

**Bæjarstjóri Fjallabyggðar**


# Af risaeðlum

**BAKÞANKAR**
**Þórunnar Elísabetar Bogadóttur**



Ennþá eru til risaeðlur. Í hvert skipti sem við höldum að þær séu útdauðar rís einhver þeirra upp og afsannar kenninguna. Nú síðast reis upp risaeðla í líki formanns þjóðhátíðarnefndar í Vestmannaeyjum og fullyrti að fólkið sem ynni hvað harðast að því að hjálpa þolendum kynferðisbrota yki vandann sem slík brot væru.

**UMRÆÐA** um skömmina sem þolendur kynferðisbrota upplifa oft virðist með öllu hafa farið framhjá honum, sem og sú staðreynd að aðeins brot af þolendum kærir gerendurna til lögreglu einmitt af þessum sökum, og því er afar eðlilegt að tölum hjá lögreglu og hjálparsamtökum ber ekki saman.

**NEI**, samtökin Stígamót nærast á því að vandamálið sé til staðar, segir hann. Nú veit ég ekki hversu mikið almenningur les fréttir af þessum ógeðslegu verknuðum, hvað þá að hann lesi dóma þar sem þeim er lýst í þaula. En þeir sem það gera held ég að gætu sammælst um að enginn vill hagnast á því að vandamálið sé til staðar. Allra síst fólkið sem vinnur við að heyra og vinna úr slíkum frásögnum og upplifunum. Hvort sem er hjá lögreglu eða hjálparsamtökum. Þvert á móti myndu líklega engir fagna því meira ef starf þeirra yrði gert óþarft en einmitt þetta fólk.

**SEM** betur fer virðast þó fleiri og fleiri gera sér grein fyrir því sem Stígamót hafa lengi reynt að koma fólki í skilning um. Það er ekki til afsökun fyrir beitingu kynferðisofbeldis og enginn, nokkurn tíma, á að þola það. Ekki heldur um verslunarmannahelgi. Enda virðast líka fleiri og fleiri gera sér grein fyrir því að vandamálið hverfur ekki þó að við lokum fyrir því augunum.

**FLEIRI** tilkynningar til lögreglu þýða ekki endilega fleiri mál. Þær þýða hins vegar að skömminni hefur verið komið þangað sem hún á heima, hjá gerendum. Það dugar samt skammt þegar ekki tekst að klára málin og fá þá dæmda. Þess vegna eigum við að hafa áhyggjur af því að lögreglan hafi ekki undan við að rannsaka kynferðisbrot.

**UNDANFARIÐ** hafa risaeðlur vissulega komið fram í sviðsljósið en hafa jafnóðum verið afhjúpaðar sem slíkar – sem boðberar úrelts viðhorfs.

**RISAEÐLURNAR** eru kannski ekki alveg útdauðar. En þeim fer að minnsta kosti fækkandi.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






VINSÆLASTA SJÓNVARPSEFNI Í HEIMI OG FRÁBÆR ÍSLENSK DAGSKRÁ
ALLAN SÓLARHRINGINN Á ÞREMUR SJÓNVARPSSTÖÐVUM
FRÁ AÐEINS 229 KR. Á DAG

Tryggðu þér áskrift í dag!

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



BEINLAUS BITI

1659 KR.KG

**ÍSLENSKT** HREFNUKJÖT Á GRILLIÐ



Norðanfiskur: Íslensk bleikja beinhreinsuð með roði

1598 KR.KG

BLEIKJA BEINHREINSUÐ M/ROÐI



3598 KR.KG

STÓR PILLAÐUR HUMAR 1 KG



NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS

**BAGUETTE BRAUÐ**

129 KR.STK




SPÖRUM GAS OG TÍMA

279 KR. 700g

ÞYKKVABÆJAR FORSOÐNAR ***GRILL-KARTÖRFLUR***



1298 KR.KG

Ómissandi í frystinn. Þiðnar á klst í köldu vatni.

KS FROSIÐ **LAMBALÆRI** Í SNEIÐUM

Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
ÓMISSANDI Á LAMBAKJÖTIÐ
398 KR.



Nr.1
VINSÆLASTA LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS




1359 KR.KG

**Sérskorið ferskt Bónus lambalæri.** Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er **meira kjöt og minna bein** á lærinu!

BÓNUS SÉRSKORIÐ **FERSKT LAMBALÆRI**



BESTA BORGARANN FÆRÐU HEIMA

| HAMBORGARA BRAUÐ-STÓR | 120g UNGNAUTA HAMBORGARAR | FABRIKKU-SÓSAN | BEARNAIS SÓSA |
|---|---|---|---|
| 159 KR. 4 STK | 1598 KR. 10 stk. | 359 KR. 300ml | 259 KR. 300ml |



U.Þ.B. 290 KR.PAKKINN

BÓNUS PYLSUR 10 STK **599 KR.KG**

BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK **129 KR.**




279 KR. 450g

ÞYKKVABÆJAR KARTÖFLUSALAT M.LAUK OG GRASLAUK

## ALI GRÍSARIF *FORELDUÐ!*




FRÁBÆR Á GRILLIÐ EÐA Í OFNINN AÐEINS AÐ HITA...






ALI BABYBACK GRÍSARIF *1498 KR.KG.*

ALI SPARERIBS *1198 KR.KG.*

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
195 kr. helgin í Bónus
Doritos
COOL AMERICAN
SWEET CHILLI PEPPER
NACHO CHEESE
NÝTT NÝTT NÝTT
SWEET CHILLI PIPAR
Doritos 165g ÞRJÁR TEGUNDIR
195 KR. POKINN
SALTED PEANUTS
195 kr.
EUROSHOPPER SALTHNETUR 500g
BÓNUS SNAKK
Skrúfur
Hringir
Beikon
BÓNUS SNAKK 160g FJÓRAR TEGUNDIR
195 KR. POKINN
Pipar sósa
Hvítlauks sósa
195 kr.
BÓNUS GRILLSÓSUR 270ml
Gleði-pinnar
195 kr.
BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK.
KOKTEILSÓSA
REMOLAÐI
HAMBORGARA SÓSA
PÍTUSÓSA
195 kr.
BÓNUS KALDAR SÓSUR 400ml
GÓU
Hraun BITAR
ÆÐI BITAR
195 kr.
GÓU HRAUN & ÆÐI 200g
195 kr. kassinn
BEST MEX
Taco Sauce
195 kr.
BEST MEX TACO SÓSUR 230g
HEINZ TOMATO KETCHUP
195 kr.
HEINZ TÓMATSÓSA 570g
VOGA ÍDÝFA
195 kr.
VOGA ÍDÝFUR 175g
Florida
195 kr.
FLORIDA SAFI 1 ltr. flaska
pepsi
pepsi MAX
195 kr.
PEPSI & PEPSI MAX 2 ltr. flaska
mix
195 kr.
EGILS MIX 2 ltr. flaska
TVÆR DÓSIR
1 LTR. 195 kr.
ENERGY DRINK
500 ml
195 kr.
EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR 500ml
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# menning

menning@frettabladid.is

**ÞAÐ SEM ER Í KAOLIN** Sigríður Júlía Bjarnadóttir myndlistarmaður sýnir olíumálverk á sýningunni „Það sem er“ í Gallerí KAOLIN Ingólfsstræti 8. Sýningin stendur til 23. maí og er opin alla virka daga klukkan 12 til 18 og frá 11 til 15 langa laugardaga.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 13. maí 2011**

### Tónleikar

**21.00** Tuborg og Bar 11 bjóða til tónlistarveislu á Bar 11 í sumar. Frítt verður inn á alla tónleikana. Hljómveitin **Legend** spilar í kvöld og opnar húsið kl. 21.

**22.00** Hljómsveitin **Árstíðir** heldur tónleika á Kaffi Rósenberg í kvöld kl. 22. Spiluð verða lög af væntanlegri plötu **Árstíða**.

### Opnanir

**10.00** Opnun sýningarinnar **Þetta vilja börnin sjá** verður í dag kl. 10. Hollar veitingar í boði. Allir velkomnir.

### Kvikmyndir

**13.00** **Borgarbókasafn Reykjavíkur** sýnir þýskar teikni- og hreyfimyndir frá árunum 2000-2007 dagana 13.-24. maí. Fjölmargar stuttmyndir sýndar. Sýningarnar hefjast kl. 13 alla dagana.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**









**EVA GABRIELSSON** Þau Stieg Larsson bjuggu saman í 32 ár en þar sem þau voru ógift fékk hún engan arf. Hún vinnur að því að bæta réttarstöðu para í óstaðfestri sambúð í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Verð reið svo lengi sem óréttlætið er til staðar

**Eva Gabrielsson, ekkja Stiegs Larsson, segist seint munu fyrirgefa föður og bróður metsöluhöfundarins fyrir að neita henni um arfinn sem Larsson lét eftir sig. Málinu verði líklega aldrei lokið af hennar hálfu en hún láti það þó ekki stjórna lífi sínu.**

Eva Gabrielsson var sambýliskona sænska rithöfundarins Stiegs Larsson í rúma þrjá áratugi. Larsson féll skyndilega frá 2004, nokkrum mánuðum áður en fyrsta bókin í Millennium-þríleiknum, Karlar sem hata konur, kom út og sló í gegn um allan heim.

Framhaldið þekkja allir. Þar sem parið hafði aldrei gift sig erfðu faðir og bróðir Larssons réttinn að bókum hans og auðæfin sem fylgdu. Gabrielsson hefur átt í harðvítugum, opinberum deilum við feðgana allar götur síðan. Fyrr á árinu gaf hún út tvær bækur. Gabrielsson var gestur á höfundakvöldi í Norræna húsinu í gærkvöldi en fyrr á árinu gaf hún tvær bækur; „Sambo: ensammare än du tror“ og „Millennium, Stieg & jag“.

Í þeirri fyrri fjallar hún um sambúðarlöggjöfina í Svíþjóð, en í þeirri síðari reifar hún þætti úr sambandi sínu og Larssons, sem hún segir að hafi ratað í bækurnar.

„Fyrri bókina skrifaði ég í þeirri von að geta breytt löngu úreltum sambúðarlögum í Svíþjóð,“ segir Gabrielsson í samtali við Fréttablaðið. „Það er óréttlátt að löggjafinn líti ekki á sambýlisfólk sem pör bara vegna þess að það vantar einhverja pappíra. Veruleikinn á að fá að tala sínu máli. Í tólf ríkjum Bandaríkjanna gengur löggjafinn einfaldlega úr skugga um hvort um raunverulega sambúð var að ræða ef skera þarf úr um arf. Hafi parið verið með sameiginlegan fjárhag eða búið á sama stað í ákveðinn tíma er slíkt samband talið jafngilda hjónabandi hvað erfðarétt varðar.“

Síðari bókina skrifaði Gabrielsson til að varpa ljósi á til dæmis tilurð Millennium-þríleiksins.

„Þetta er ekki endurminningabók eða ævisaga, ég vildi einfaldlega koma því á hreint hvernig þessar bækur urðu til og hvernig ýmislegt úr okkar sambandi rataði beint í bækurnar, þar á meðal hugmyndir frá mér og fleira sem ég lagði til.“

Gabrielsson segist ekki líta á sig sem meðhöfund bókanna hvað sjálfar skriftirnar áhrærir; þær hafi Stieg séð alfarið um. „En innihaldið er að mörgu leyti afrakstur samstarfs sambands okkar. Enginn hefði vefengt það hefðum við verið gift.“



> Ég verð reið eins lengi og það þarf. Ég hef enga ástæðu til annars. Til að fyrirgefa einhverjum þarf viðkomandi að iðrast gjörða sinna og breyta rétt.
>
> **EVA GABRIELSSON**
> EKKJA STIEGS LARSSON

### Lætur deilurnar ekki ráða lífi sínu

Deilurnar um arfinn og höfundaréttinn hafa nú staðið í á sjöunda ár. Gabrielsson fullyrðir að hún hafi hins vegar aldrei látið þær heltaka líf sitt.

„Ég skrifaði þessa bók meðal annars til þess að þurfa ekki að svara mikið fleiri spurningum um þetta mál. Það sem gerðist þegar fyrsta bókin kom út 2005 var ég sú eina sem þekkti Stieg og verkið virkilega vel. Ég neyddist þannig hálfpartinn til að verða hinn opinberi fulltrúi bókarinnar, mæta í viðtöl og gera það sem Stieg hefði þurft að gera hefði hann lifað. Ég geri ráð fyrir að gera það áfram.

Ég var aftur á móti aldrei háð Stieg með líf mitt eða afkomu. Ég er í minni eigin vinnu, á áhugamál sem ég sinni og svo framvegis. Ég hef því ekki látið þetta mál verða ráðandi í lífi mínu. Ég held hins vegar að því verði aldrei lokið af minni hálfu því óréttlætið verður ávallt til staðar.“

### Gagnrýnir Larsson-iðnaðinn

Gabrielsson er afar gagnrýnin út í það sem hún kallar „Stieg Larsson-iðnaðinn“, sem ekki ber að rugla saman við „Millennium-iðnaðinn“.

„Sá síðarnefndi gerir út á sjálfar bækurnar, sem er fínt. Þær voru skrifar til að vera lesnar sem víðast. „Stieg Larsson-iðnaðurinn gengur hins vegar út á að reyna að græða á persónu Stiegs; að gera heimildarmyndir um hann, blaðagreinar og jafnvel ævisögur. Markmiðið er fyrst og fremst að búa til vöru með tengingu við nafn Stiegs Larsson og vonast eftir skjótvinnum gróða. Ég hef fengið ótal fyrirspurnir frá fólki um samstarf við slík verkefni en ávallt afþakkað. Ég hef engan áhuga á taka þátt í því að að búa til söluvöru úr persónunni.“

### Hef enga ástæðu til að fyrirgefa

Því trúir hún hins vegar vel upp á Larsson-feðgana, sem hún segir hafa nálgast höfundarverk Stiegs Larssons fyrst og fremst með því hugarfari að græða á því.

Spurð hvort reiðin í þeirra garð hafi hjaðnað með árunum verður Gabrielsson ströng á svipinn.

„Ég verð reið eins lengi og þess þarf. Ég hef enga ástæðu til annars. Til að fyrirgefa einhverjum þarf viðkomandi að iðrast gjörða sinna og breyta rétt. Þar til það gerist á ég ekki eftir að fyrirgefa þeim. Hvort það sé líklegt til að gerast er ekki mitt vandamál heldur þeirra. Skömmin er þeirra og allur umheimurinn veit það.

bergsteinn@frettabladid.is

# HELGAR-SPRENGJA

**TILBOÐIN GILDA 13.05-15.05**



SPARIÐ 70.000

3+2 FULLT VERÐ: 159.950,-

**89.950,-**

**DEVON sófasett 3 + 2**
Glæsilegt sófasett úr PELLISIMA leðri.
Litur: Svartur. Stærðir:
2ja sæta: B155 x H83 x D93 sm.
3ja sæta: B215 x H83 x D93 sm.





120 X 200 SM. FULLT VERÐ: 84.950,-

**59.950,-**

**SWEET DREAMS amerísk dýna**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu.
Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 LFK BONELL gormar pr. m$^2$.
Hreint ótrúlegt verð! Fætur fylgja með. Stærð: 120 x 200 sm.

SPARIÐ 25.000



SPARIÐ 10.000

FULLT VERÐ: 26.950,-

**16.950,-**

**PARIS kommóða**
Flott kommóða með 6 skúffum.
Fáanleg í hvítum og svörtum lit.
Stærð: B153,5 x H69,5 x D50 sm.



KLAPPSTÓLL

**1.495,-**

**THOMAS klappstóll**
Góður klappstóll á frábæru verði!

FRÁBÆRT VERÐ!



**FIRENZE fataskápur**
Tvöfaldur fataskápur með fataslá, 3 skúffum og 3 hillum.
Litir: Beyki og hvítt. Stærð: B97 x H175 x D50 sm.

FATASKÁPUR

**16.950,-**

FRÁBÆRT VERÐ!



FULLT VERÐ: 26.950,-

**19.950,-**

SPARIÐ 7.000

**TAMPA stóll**
Flottur stóll með PU áklæði.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Síðasti dansinn fyrir útskrift

Útskriftardansnemar við Listaháskóla Íslands frumsýna í kvöld tvö dansverk í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði, The Genius of the Crowd eftir Tony Venich og How Did You Know Frankie? eftir Sveinbjörgu Þórhallsdóttur.

Níu útskrifast af samtímadansbraut leiklistardeildar Listaháskóla Íslands í vor. Þetta er í annað sinn sem deildin útskrifar dansara með BA-gráðu en fyrri hópurinn útskrifaðist fyrir tveimur árum.

Undanfarnar vikur hafa útskriftarnemarnir unnið með danshöfundunum Tony Vezich og Sveinbjörgu Þórhallsdóttur að síðustu uppfærslum sínum við skólann og árangurinn má sjá í uppfærslunum The Genius of the Crowd og How Did You Know Frankie? The Genius of the Crowd er kraftmikið dansverk sem byggir á tækni sem dansararnir stunda öll námsár sín við skólann og kallast „Release the Beast“. How Did You Know Frankie? er leikhússkotið dansverk sem er unnið út frá dauðasyndunum sjö og tóku nemendurnir virkan þátt í sköpun sýningarinnar.

Dansarar í báðum sýningunum eru Austeja Vilkaityte, Ásrún Magnúsdóttir, Kara Hergils, Marie Bergby Handeland, María Þórdís Ólafsdóttir, Lea Vendelbo Petersen, Lotta Suomi og Þyri Huld Árnadóttir. Sýningin í kvöld hefst klukkan 20 en verkin verða sýnd fimm sinnum. Nánari upplýsingar um sýningartíma má finna á lhi.is.



**ÚR ÚTSKRIFTARSÝNINGUNNI** Þetta er annar árgangurinn sem útskrifast af listdansbraut leiklistardeildar Listaháskóla Íslands.

# Mitt hjarta eða þitt?

Bækur ★★

**Sláttur**

Hildur Knútsdóttir

**JPV-útgáfa**

Búa tilfinningarnar í hjartanu? Og ef svo er verða þær þá eftir þegar hjartað er flutt í aðra manneskju? Man hjartað hvern það elskaði í fyrri kroppi? Er líffæri bara líffæri eða er það hluti af því hver við erum sem manneskjur? Þessum spurningum veltir Hildur Knútsdóttir upp í fyrstu skáldsögu sinni, Slætti. Önnur aðalsöguhetjan er Edda, 24 ára hjartaþegi sem upplifir breytingar á þrám og löngunum við hjartaskiptin. Hin aðalpersónan er Eysteinn, sjö ára skyggn drengur sem missti móður sína í bílslysi þegar hann var tveggja ára. Leiðir þeirra liggja saman fyrir tilviljun með óafturkræfum áhrifum á líf beggja.




Sláttur er prýðilega byggð saga og ágætlega skrifuð, samtöl eðlileg og flestar persónurnar trúverðugar. Samt sem áður gengur dæmið illa upp. Jafnvel þótt við gefum okkur það að ástin búi í hjartanu hvernig fer hjartað þá að því að þekkja þann elskaða? Og hvernig fer hinn elskaði að því að þekkja hjarta ástvinar í öðrum líkama? Hugsanlega mætti skýra slíkt með „vöðvaminni“ en hér er engin tilraun gerð til þess og raunar margítrekað að taugarnar frá hjartanu hafi allar verið klipptar í aðgerðinni og það sé því ekki raunverulegur hluti af nýja líkamanum. Þemað um hina ódauðlegu ást sem í hjartanu býr er þekkt úr ýmsum misvel heppnuðum Hollywood-myndum og Sláttur fylgir formúlu þeirra út í æsar. Hér er dansað á barmi væmninnar, hver klisjan rekur aðra og auk þess að vera fullkomlega fyrirsjáanleg er sagan ansi langt frá því að vera trúverðug. Endirinn er einn sá snubbóttasti sem sögur fara af, munaði minnstu að maður hringdi í forlagið og spyrði hvort það væri ekki galli í upplaginu, hvort ekki vantaði nokkrar síður?

Ýmislegt er þó skemmtilega unnið í sögunni. Samskipti Eddu við ofurstjórnsama móður sína og sálfræðinginn sem móðirin lætur hana ganga til eru bæði kómísk og ljúfsár og óttinn og reiðin sem ævilangur sjúkdómur veldur komast vel til skila. Samskipti Eysteins við föður sinn og stjúpa eru einnig mjög vel unnin og ótti drengsins við skyggnina skilar sér vel. Það fer ekkert á milli mála að höfundurinn er fínasti penni og kann að segja sögu, en þessi saga er hvorki fullhugsuð né fullskrifuð. Hér hefði forlagið átt að grípa inn í og benda á það sem miður fer. Það er mikill misskilningur að ungum höfundum sé greiði gerður með því að gefa út hálfköruð verk þeirra.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Ágætlega stíluð saga, en ófullburða og klisjukennd.

# Lokasýning Óperudraugsins á Akureyri

Þriðja og síðasta sýningin á Óperudraugnum, í nýrri leikgerð Guðrúnar Ásmundsdóttur, verður í Hofi á Akureyri á sunnudag. Óperudraugurinn er einn vinsælasti söngleikur samtímans og hefur þegar verið sýndur fyrir fullu húsi í Skagafirði og Reykjavík.

Uppfærslan er samstarfsverkefni Draumaradda norðursins og Óperu Skagafjarðar. Leikstjórn er í höndum Guðrúnar Ásmundsdóttur og Alexöndru Chernyshovu, en sú síðarnefnda hefur verið ein aðaldriffjöðurin í tónlistarflórunni á Norðurlandi vestra. Alls koma 45 manns fram í sýningunni. Michael Jón Clarke fer með hlutverk sjálfs Óperudraugsins í sýningunni en Alexandra Chernyshova leikur hans heittelskuðu. Af öðrum einsöngvurum má nefna Ívar Helgason, Dagrúnu Ísabellu Leifsdóttur og Snorra Snorrason. **- kg**



**ÓPERUDRAUGURINN** Frá uppfærslu Radda norðursins og Óperu Skagafjarðar.

Italiano
Pizzeria

1 árs

Í tilefni af
eins árs afmæli
Italiano Pizzeria
viljum við þakka
frábærar viðtökur
með því að veita,

50%
afslátt af öllum
pizzum í sal.
Gos á 100 kr með mat í sal
Rautt, hvítt og öl á
300 kr með mat
dagana 12-18 maí.

Þú ert velkomin(n)

TAKTU MEÐ TILBOÐIN
OKKAR ALLTAF Í GANGI

30% afsláttur
af sóttum pizzum,
þú velur sjálf/ur áleggið

20% afsláttur
af sóttum matseðilspizzum
Gildir ekki á Como og Parma

Italiano
Pizzeria

55 12345
HLÍÐASMÁRA 15 • www.Italiano.is
BEINT FYRIR OFAN SMÁRALIND

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

· Stórviðburður ·
Síðasta uppboð vetrarins

Listmunauppboð

fer fram mánudaginn og þriðjudaginn
16. og 17. maí, kl. 18 báða dagana
í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg




Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og
fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

í dag föstud. 10–18, laugard. 11–17, sunnud. 12–17, mánud. 10–17 (öll verk)
þriðjud. kl. 10–17 (verkin sem ekki eru boðin upp á mánudag)
Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

# 100%

**ENDURGREIÐSLA Á ÖLLUM SELDUM VÖRUM DAGANA 13. OG 14. MAÍ 2011 EF ÍSLAND NÆR Í TOPP 3 Í EUROVISION.***



Núna á að **grilla** og hafa það gaman

## TILBÚIÐ BEINT Á GRILLIÐ

TILBOÐ

**Stórlúðusteikur**
Marineraðar m/Mangó Chilie
**1.990,-**
Alveg fáránlegt verð!

**Humar**
**2.000** kr.kg

FERSKAR
**Laxasteikur**
**2.190,-**

**Smálúðusteikur**
marineraðar m/Lemmonsmjöri
**2.990,-**

FERSKIR
**Þorskhnakkar**
**1.990,-**

**Laxasteikur**
marineraðar m/Hunangsgraslauk
**2.390,-**

**Þorskhnakkar**
Marineraðir með Indversku karrý
**2.190,-**

**Laxasteikur**
marineraðar m/Lemmonsmjöri
**2.390,-**

**Þorskhnakkar**
Marineraðir með Mangó Chilie
**2.190,-**

**Grillspjót**
3 teg. af fiski
Alveg „Gordjöss“

**Skötuselur**
Roðlaus og beinlaus
**1.990,-**

**HARÐFISKUR**
frá Stykkishólmi
– sjúklega góður!

**ÁFRAM ÍSLAND!**

**OPIÐ LAUGARDAG**
**FRÁ KL. 10–14.30**

* Aðeins endurgreitt gegn framvísun kvittunar

**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755**

# AMERÍSKIR DAGAR




## Pylsur að hætti Ameríkana



Slim Jim´s snakkpylsur | Steikarpylsur | BBQ grillpylsur | Morgunverðarpylsur




**Muffins**
– súkkulaði og epla/karamellu




**Súkkulaðibolla**
– með súkkulaðifyllingu




**Multigrain Cheerios**
– gott með mjólk




**M&M**
– einnig með dökku súkkulaði




**Sykurpúðar, stórir**
– Extra stórir á grillið!



**Aunt Jemima síróp**
– ekta amerískt síróp á vöffluna




**Eggo vöfflur**
– í brauðristina




**Epla-kanil Cherrios**
– gott á morgnana...

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 22. maí eða á meðan birgðir endast.


















**Ben&Jerry´s ís**
– margar tegundir



**BBQ og Buffalo vængir**
– fulleldaðir



**Starbuck´s Frappuccino**
– kaffidrykkir, vanillu og mocha




**Amerísk karmelluterta**
– bara gott...



**Nesquik jarðarberja**
– duft og síróp



**Amerísk súkkulaðistykki**
– 3 Musketeers, BabyRuth og Reese´s



**Poppolía og ostapopp**



**Krabbakökur**
– ekta amerískt!

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

# Fólk

folk@frettabladid.is



4 **VERÐUR NAFNIÐ** á nýrri plötu Beyoncé Knowles. Fjórir er happatala söngkonunnar en hún fæddist 4. september og gifti sig 4. apríl.

# Frægðin bítur frá sér

Pippa Middleton, yngri systir Katrínar hertogaynju, hyggst höfða mál á hendur nokkrum slúðurblöðum fyrir að birta myndir af sér og systur hennar á snekkju í bikiní samkvæmt AP-fréttastofunni. Birting myndanna hefur leitt til þess að Middleton-fjölskyldan hefur kvartað til siðanefndar Blaðamannafélags Bretlands.

Á myndunum sjást þær systur stinga sér til sunds í baðfötunum einum saman við hvítar strendur Ibiza á meðan Vilhjálmur prins horfir á. Myndirnar voru teknar fyrir nokkrum árum og hafa birst í News of the World, Daily Mail, Mail on Sunday og Daily Mirror. Middleton-fjölskyldan hefur verið lítt hrifin af þeim áhuga sem breskir fjölmiðlar hafa sýnt henni og er talið að kvörtunin til siðanefndarinnar og væntanleg kæra marki upphafið að stirðum samskiptum hennar og gulu pressunnar.

Middleton-fjölskyldan hefur jafnframt áhyggjur af myndum sem hafa birst af Pippu á bandarískum vefsíðum en þar sést hún meðal annars fáklædd í djörfum dansi. Pippa sló eftirminnilega í gegn í brúðkaupi systur sinnar þegar hún mætti í ákaflega þröngum kjól frá Alexander McQueen og hafa fjölmiðlar verið á höttunum eftir safaríkum sögum um þessa sætu systur.



**VINSÆL** Pippa Middleton er orðin fræg eftir að hafa nánast stolið senunni í konunglegu brúðkaupi stóru systur hennar. Hún hyggst höfða mál á hendur nokkrum breskum blöðum fyrir birtingu á myndum af sér.

# Gefa saman út Regnboga



**NÝ PLATA** Guðjón Rúdolf og Þorkell Atlason hafa gefið út nýja plötu.

Platan Guðjón Rúdolf – Regnbogi kemur út í dag. Hún er samvinnuverkefni þeirra Guðjóns Rúdolfs Guðmundssonar og Þorkels Atlasonar. Áður hafa þeir gefið út plöturnar Minimanu og Þjóðsöng. Þrennir tónleikar verða haldnir í tilefni útgáfunnar, á Hótel Laugarhóli í Bjarnarfirði í kvöld, Hafnarhúsinu annað kvöld og á Bar 46 á sunnudag. Allir tónleikarnir hefjast kl. 21. Hljómsveitin Dularfulla stjarnan leikur á tónleikunum. Hana skipa, auk Guðjóns og Þorkels, þeir Júlíus Ólafsson, Árni Kristjánsson, Eiríkur Stephensen, Björn Erlingsson og Bjarni Friðrik Jóhannesson.

# Mikill metnaður á Íslandi

**Atvinnumaðurinn fyrrverandi Brett Kirk er á ferðalagi um heiminn til að kynna ástralskan fótbolta. Hann segir íslenska andspyrnumenn vera metnaðarfulla og hafa mikla ástríðu fyrir íþróttinni.**

Brett Kirk lagði nýverið skóna á hilluna eftir farsælan tólf ára atvinnumannaferil í heimalandi sínu Ástralíu. Þar var hann fyrirliði úrvalsdeildarliðsins Sydney Swans og þótti harður í horn að taka.

„Ég er mjög þakklátur að geta gefið eitthvað til baka því ég naut þeirra forréttinda að vera atvinnuíþróttamaður með góð laun. Núna get ég hjálpað öðru fólki og kennt því íþróttina sem ég elska,“ segir Kirk, sem stundum er kallaður Captain Kirk eins og persónan úr þáttunum Star Trek. Hann lagði af stað frá Ástralíu í janúar og hefur ferðast með fjölskyldu sinni undanfarna þrjá mánuði um allan heim, meðal annars til Srí Lanka, Indlands, Suður-Afríku og Evrópu. „Ég hef spilað fótbolta á öllum þessum stöðum og reynt að miðla af reynslu minni,“ segir hann.

Í áströlskum fótbolta eru átján keppendur inni á vellinum í hvoru liði. Markmiðið er að koma boltanum í gegnum mark andstæðinganna og aðalleiðin til þess er að sparka boltanum á milli tveggja hárra stanga. Leikmenn mega nota bæði hendur og fætur til að koma boltanum áfram.

„Á þeim stöðum sem ég hef heimsótt, eins og á Íslandi, hefur íþróttin sprottið upp af sjálfu sér. Síðustu hundrað árin hefur íþróttin bara verið spiluð í Ástralíu en núna sjáum við hvað hún hentar vel fyrir fólk úti um allan heim,“ segir Kirk og bendir á að hver sem er geti spilað fótboltann.

Aðspurður segir hann það hafa komið sér mjög á óvart að Íslendingar spiluðu ástralskan fótbolta. „Þetta er nyrsti punkturinn frá Ástralíu og að komast að því að Íslendingar séu að spila íþróttina sem ég ólst upp við er magnað. En ég hef æft með strákunum og þeir hafa mikinn metnað og ástríðu fyrir íþróttinni og vilja gera hana ennþá vinsælli.“ Kirk er einnig að kynna heimsmeistaramótið í áströlskum fótbolta sem verður haldið í Ástralíu í ágúst. Heimamenn taka ekki þátt, enda er Ástralía eina landið í heiminum sem starfrækir atvinnumannadeild.

Eftir dvölina á Íslandi er för Kirks heitið til Danmerkur og því næst heimsækir hann friðarlið í Tel Aviv. Það er skipað blöndu leikmanna frá Ísrael og Palestínu, sem undirstrikar hvernig íþrótt á borð við ástralskan fótbolta getur sameinað ólíka menningarheima.

Nánari upplýsingar um ferðalag Kirks um heiminn má finna á síðunni Brettkirk.com.au.

freyr@frettabladid.is



**Á ÍSLANDI** Brett Kirk hefur verið á Íslandi að undanförnu við kynningu á áströlskum fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## STEFNA Á EVRÓPUBIKARMÓT Í BELFAST

Andspyrnusamband Íslands var stofnað fyrir um tveimur árum og eru þrjú lið starfandi, öll á höfuðborgarsvæðinu. Vegna plássleysis eru níu í hvoru liði hér á landi en ekki átján. Sambandið ætlaði að senda lið á heimsmeistaramótið í Ástralíu í ágúst en hætti við það. Í staðinn hefur stefnan verið sett á Evrópubikarmótið í Belfast í október. Norska landsliðið er einnig væntanlegt til landsins í september og ætlar að keppa við Íslendinga.


Verslun
Ármúla 26

522 3000

Opið:
virka daga:
9.30–18
laugardaga:
12–17



SPJALDTÖLVA
SEM ÞÚ GETUR
STUNGIÐ Í VASANN

Archos 28 er lítil og nett spjaldtölva með Android 2.2 stýrikerfinu og 2,8" LCD snertiskjá. Archos styður allar helstu hljóð- og hreyfimyndaskrár, er með þráðlausa nettengingu, netvafra og tölvupóststuðning. Einnig hægt að fá með 3,2", 4,3", 7" og 10,1" skjá en þá kostar hún auðvitað meira. ☺

Frábær margmiðlunarspilari, möguleiki á Word, Excel og PowerPoint, flash-spilari, stuðningur við rafbækur o.fl. Hvað þarftu meira?

Office Android WiFi UPnP OpenGL
Facebook Flash Snertiskjár 3D leikir

verð frá 29.995

Viltu vita meira um þetta tæki?
www.hataekni.is/archos

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 110652




# ÓTRÚLEGT VERÐ TIL ALICANTE Í MAÍ!

*Plúsferðir bjóða nú upp á frábært flugverð til Alicante í maí sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara!* Hvítar strendur með fagurbláu hafinu á sólríkum sumardögum eiga engan sinn líka. Fjallgarðurinn fyrir ofan ströndina gerir það að verkum að sjaldan rignir og á fáum stöðum á Spáni er jafn sólríkt. Umhverfis Alicante eru óþrjótandi möguleikar á ferðalögum um héruð og sveitir sem eru umvafin einstakri náttúrufegurð. Á Alicante er hægt að sameina óendanlega fjörugt strandlíf og óviðjafnanlegt næturlíf - þangað flykkist fólk til að njóta tilverunnar, hvílast og skemmta sér.

- - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - -

Verð aðeins frá:

**58.900** kr.*

FLUG **BÁÐAR** LEIÐIR MEÐ SKÖTTUM
* TILBOÐIÐ Á VIÐ UM EFTIRTALDAR BROTTFARIR Í MAÍ.
**12., 14., 19., & 21. maí.**

BÓKAÐU FERÐINA Á **plusferdir.is**

ATHUGIÐ! AÐEINS TAKMARKAÐ MAGN AF SÆTUM Á ÞESSU TILBOÐI!

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

# DiCaprio á lausu

Leonardo DiCaprio er hættur með kærustu sinni, ísraelsku fyrirsætunni Bar Rafaeli. Þetta kemur fram í New York Post. Þau hafa verið saman í fimm ár og ákváðu í síðustu viku að þetta væri orðið gott. „Þetta var óhjákvæmilegt, þau eru ennþá vinir og tala saman. Þau hafa bara þroskast hvort í sína áttina,“ hefur New York Post eftir heimildarmanni sínum.

Blaðið greinir jafnframt frá því að hvorki DiCaprio né Rafaeli hafi verið reiðubúin til að binda sig til frambúðar; þau séu bæði ákaflega upptekin á sínu sviði og hafi því vart tíma fyrir hvort annað.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem DiCaprio og Rafaeli hætta saman, þau voru í sundur í sex mánuði árið 2009 eftir að hafa verið saman í fjögur ár. DiCaprio hefur lýst því yfir að hann sé ekki viss um að hjónaband sé rétti hluturinn fyrir sig. „Ég hef séð allt of mörg hamingjusöm hjónabönd fara í súginn og þá hef ég yfirleitt verið jafn hissa og allir aðrir.“



**HÆTT SAMAN** Leonardo DiCaprio og Bar Rafaeli eru hætt saman eftir fimm ára samband.

# Heldur Perry á jörðinni

**Katy Perry segir að eiginmaður sinn, Russell Brand, haldi henni jarðtengdri. Hún eigi það til að missa stundum fótanna í glamúr og glys fræga fólksins. Þetta kemur fram í Vanity Fair.**

**Perry sló eftirminnilega í gegn árið 2008 og viðurkennir í viðtalinu að frægðin eigi það stundum til að stíga henni til höfuðs. Þá hafi hún manninn sinn til að koma sér niður á jörðina aftur. „Hann kemur mér alltaf í samband við raunveruleikann og minnir mig á hvað það er í lífinu sem skiptir mestu máli.“**



**GLEYMIR SÉR** Katy Perry gleymir sér stundum í frægðinni en maðurinn hennar, Russell Brand, er fljótur að kippa henni niður á jörðina aftur.

# Leikur knattspyrnu með stjörnunum í Cannes

**Leikstjórinn Friðrik Þór Friðriksson tekur þátt í góðgerðaleik í fótbolta á Cannes-hátíðinni í Frakklandi á morgun. Á meðal þátttakenda verða Zinedine Zidane, Eric Cantona og Jude Law.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BOLTI MEÐ STJÖRNUNUM**

Friðrik Þór Friðriksson spilar fótbolta með stjörnum á borð við Zinedine Zidane, Eric Cantona og Jude Law í Cannes.

Friðrik Þór Friðriksson, leikstjóri og framleiðandi, tekur þátt í góðgerðaleik í fótbolta á kvikmyndahátíðinni í Cannes sem nú stendur yfir í Frakklandi. Á meðal þekktra einstaklinga sem hafa boðað komu sína eru frönsku landsliðsmennirnir fyrrverandi Zinedine Zidane, Eric Cantona og Youri Djorkaeff, auk leikarans Jude Law.

„Maður má ekkert taka á því í kvöld því maður verður að vera „fitt“ fyrir laugardaginn,“ segir Friðrik Þór, sem átti afmæli þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. Hann lætur því eingöngu vatn inn fyrir sínar varir fram að leik og ætlar að sleppa kokteilunum og kampavínsglösunum sem freista gesta Cannes hvað eftir annað.

Friðrik Þór þarf að vera mættur í boltann klukkan níu í fyrramálið og er það fyrirtækið Nike sem stendur fyrir uppátækinu. „Mig grunar að þetta sé strandbolti því Cantona er að kynna strandbolta úti um allan heim. Hann er miklu erfiðari fyrir gamla menn,“ segir leikstjórinn og hlær. „En þetta kemur bara í ljós á laugardaginn.“

Friðrik er í fínu formi enda spilar hann fótbolta þrisvar í viku með Lunch United. Hann ætlar ekki að hika við að láta stjörnurnar finna fyrir því ef hann lendir á móti þeim í liði. „Jú, jú, það verður að hafa gaman af þessu.“

Hann hefur sótt kvikmyndahátíðina í Cannes yfirleitt á hverju ári síðan 1987 og þekkir því hverja þúfu í borginni. Margt frægt fólk spókar sig um á hátíðinni og stutt er síðan Friðrik hitti leikarann Fisher Stevens, sem lék undir hans stjórn í myndinni Cold Fever. Hann fór einnig í hádegisverð með ítölsku leikkonunni Claudiu Cardinale sem var mikið kyntákn hér á árum áður og lék í myndum eftir leikstjórana Federico Fellini og Sergio Leone, auk þess að fara með hlutverk í The Pink Panther á móti Peter Sellers. „Ég er að reyna að fá hana til Íslands á kvikmyndahátíðina RIFF í haust,“ sagði leikstjórinn, sem verður í Cannes í eina viku.

freyr@frettabladid.is


Komið og prófið nýja matseðilinn okkar

Þú átt skilið framandi & spennandi

INDVERSKA VEISLU

frá Austurlanda-hraðlestinni



TILBOÐ 1
1695 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Tandoori kjúklingavængir
Murgh Afghani-kjúklingur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

TILBOÐ 2
1895 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Lauk Pakodas – Léttkryddaðir laukstrimlar
Kjúklingur Tikka Masala
Aloo Zeera –guðdómlegur kartöfluréttur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

TILBOÐ 3
2095 kr. á mann
(fyrir 2 eða fleiri)
Kholi Wade kjúklingabuff
Lamb Tikka Masala
Murgh Mangalori - himneskar kjúklingabringur
Aloo Zeera- kartöflur
Basmati-hrísgrjón
Naan-brauð

Pöntunarsími:
578 3838
www.hradlestin.is

Austurlanda Hraðlestin

HVERFISGATA 64A, OPIÐ 17 - 22. SPÖNGIN OPIÐ 17 - 21. HLÍÐARSMÁRA 8, OPIÐ 11:30 - 22 MÁN-FÖS OG 17 - 22 LAU OG SUN.




**VANDRÆÐASEGGUR** Lindsay Lohan er vandræðagemlingur og hefur nú verið dæmd í 120 daga fangelsi. Talið er líklegt að hún fái að afplána þann tíma í stofufangelsi.

# Lohan á leið í fangelsi

Bandaríska leikkonan Lindsay Lohan hefur verið dæmd í 120 daga fangelsi fyrir að stela hálsmeni af skartgripasala í Kaliforníu og rjúfa skilorð. Henni hefur jafnframt verið gert að gangast undir sálfræðimeðferð vegna stelsýki. Lohan getur þó prísað sig sæla þar sem talið er líklegt að hún þurfi ekki að afplána dóminn í fangelsi því þau eru öll uppfull í Kaliforníu. Er því talið líklegt að Lohan fái að afplána dóminn í stofufangelsi.

Lohan hefur átt ákaflega erfitt uppdráttar undanfarin ár, en þetta er annar dómurinn á fjórum árum sem hún hlýtur. Upphæfið að þessum dómi má rekja til þess að hún réðst að starfsmanni Betty Ford-meðferðarheimilisins í desember síðastliðnum. Samkvæmt skýrslum sem lagðar voru fyrir dómara í vikunni virðist Lohann hafa stolist út um miðja nótt og pantað sér drykki á veitingastöðum og börum. Með þeirri hegðun sinni rauf hún skilorðið sem hún var dæmd til að halda árið 2007 fyrir ölvunarakstur.

Lohan sendi frá sér yfirlýsingu eftir að dómurinn var genginn í gegn og sagðist vera þakklát fyrir þá sanngirni sem hún hefði mætt í dómsal. „Nú bið ég bara um að fá að afplána minn dóm í friði frá fjölmiðlum.“



# PHILIPS VORTILBOÐ

## Vorum að fá sendingu af sjónvörpum á frábæru verði

Nokkur verðdæmi:

### Philips 3000 línan

GÆÐI Á GÓÐU VERÐI – Full HD LCD – USB tengi – 2 HDMI – Digital Crystal Clear

32" Philips
32PFL3605H
TILBOÐ
97.995
FULLT VERÐ 109.995

42" Philips
42PFL3605H
TILBOÐ
129.995
FULLT VERÐ 159.995







### Philips 7000 línan

**Frábær myndgæði með Ambilight baklýsingu og nettengingu**

ÖRÞUNNT LED – AMBILIGHT – HD Natural Motion – Pixel Precise – NetTV – Multimedia USB tengi – 4 HDMI.

32" Philips
32PFL7695H
TILBOÐ
149.995
FULLT VERÐ 179.995

37" Philips
37PFL7695H
TILBOÐ
199.995
FULLT VERÐ 279.995

40" Philips
40PFL7695H
TILBOÐ
214.995
FULLT VERÐ 289.995

42" Philips
42PFL7695H
TILBOÐ
229.995
FULLT VERÐ 299.995

46" Philips 32PFL7695H
TILBOÐ
279.995
FULLT VERÐ 399.995

### Philips 8000 línan

**Ótrúlega vel búin tæki með ómótstæðilegum myndgæðum – Perfect Pixel HD**

ÖRÞUNNT LED – AMBILIGHT – Perfect Natural Motion – Perfect Pixel HD – NetTV – Multimedia USB tengi – 4 HDMI.

32" Philips
32PFL8605H 100HZ
TILBOÐ
169.995
FULLT VERÐ 199.995

37" Philips
37PFL8605H 200HZ
TILBOÐ
239.995
FULLT VERÐ 299.995

40" Philips
40PFL8605H
TILBOÐ
299.995
FULLT VERÐ 359.995
200HZ / 3D READY

46" Philips
46PFL8605H
TILBOÐ
379.995
FULLT VERÐ 499.995
200HX / 3D READY

### Philips 9000 línan

**Toppurinn frá Philips – EISA VERÐLAUN BESTA LCD SJÓNVARPIÐ 2010-2011**

ÖRÞUNNT 400HZ LED – AMBILIGHT – Perfect Natural Motion – Pixel Pixel HD – NetTV með Wi-Fi – Multimedia USB tengi – 4 HDMI – 3D READY.

40" Philips
40PFL9705H
TILBOÐ
399.995
FULLT VERÐ 499.995

46" Philips
46PFL9705H
TILBOÐ
499.995
FULLT VERÐ 649.995

EISA AWARD Best Product 2010-2011
BEST EUROPEAN LCD-TV
Philips 40/46PFL9705H

ambi light

**TAKMARKAÐ MAGN**

**Heimilistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



**AÐ VERA EÐA EKKI VERA Á LISTANUM** Sigurður Ásgeir og félagar í Ultra Mega Technobandinu Stefáni vilja ekki vera á lista á vefsíðu Kraums yfir hljómsveitir sem sjóðurinn hefur styrkt. Eldar Ástþórsson, fráfarandi framkvæmdastjóri Kraums, segir ekkert mál að taka hljómsveitina af listanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Ósáttir við að vera á lista styrktarsjóðsins Kraums

**Ultra Mega Technobandið Stefán er ósátt við að vera á lista Kraums yfir hljómsveitir sem hafa hlotið styrk frá sjóðnum. Ekkert mál að taka hljómsveitina af listanum, segir fráfarandi framkvæmdastjóri Kraums.**

„Ég vildi vinsamlegast og í mjög mikilli góðmennsku biðja þá um að taka nafnið okkar út. Ekki að við séum á móti þessum sjóði sem slíkum,“ segir Sigurður Ásgeir Árnason, söngvari Ultra Mega Technobandsins Stefáns.

Tónlistarsjóðurinn Kraumur úthlutaði á miðvikudag níu milljónum króna til hljómsveita og tónlistartengdra verkefna. Í kjölfarið á úthlutuninni birti Ultra Mega Technobandið Stefán beiðni á Facebook-síðu sinni þar sem hljómsvetin bað vinsamlegast um að vera fjarlægð af lista á vefsíðu Kraums yfir hljómsveitir sem sjóðurinn hefur stutt og starfað með. Sigurður Ásgeir segir beiðnina hafa verið birta einfaldlega vegna þess að sjóðurinn hefur aldrei styrkt hljómsveitina.

„Við sóttum um einhvern 120 þúsund kall fyrir geðveikt verkefni til að kynna okkur erlendis,“ útskýrir Sigurður. „Ég sendi umsókn og fæ ekkert svar. Reyndi að ná í þá í þrjá mánuði, enginn svarar í símann og ég sendi pósta á fullu. Svo næ ég í þá og fæ þau svör að við fengum ekki neitt. Svo les ég í blaðinu og sé að Pascal Pinon fær 1,2 milljónir.“

Eldar Ástþórsson, fráfarandi framkvæmdastjóri Kraums, segir Ultra Mega Technobandið Stefán hafa komið fram á tónleikum sem Kraumur styrkti í árdaga sjóðsins og því farið á lista yfir samstarfshljómsveitir. „Fyrir vikið litum við svo á að við hefðum stutt bandið,“ segir Eldar. „En ég skil að þeir hafi ekki séð neitt af þeim pening þar sem hann fór eflaust í umgjörð tónleikanna.“

Eitt af síðustu verkum Eldars fyrir Kraum verður því að taka Ultra Mega Technobandið af listanum á vefsíðu sjóðsins. „Það er ekkert mál að taka þá af listanum,“ segir hann. „Okkur þykir mjög leiðinlegt ef þeir voru ósáttir við að vera á lista hjá okkur yfir hljómsveitir sem við höfum stutt við.“

Nóg er fram undan hjá Ultra Mega Technobandinu Stefáni. Hljómsveitin vinnur nú hörðum höndum að nýju efni og kemur fram í kvöld á próflokafögnuði Stúdentaráðs á Sódómu.

atlifannar@frettabladid.is

## krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is





midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL | 4 og 6 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 2D - ISL TAL | 4 |
| PRIEST | 8 og 10 |
| FAST & FURIOUS 5 | 7 og 10 |
| THOR 3D | 7.30 og 10 |
| HOPP - ISL TAL | 4 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DRIVE ANGRY 3D ótextuð | kl. 5:40 - 8 - 10:20 (Power kl.10:20) | 16 |
| DÝRAFJÖR M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| FAST FIVE | kl. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| SOMETHING BORROWED | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ARTHUR | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| DREKA BANAR M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| CHALET GIRL | kl. 3:40 | L |
| UNKNOWN | kl. 8 | 16 |
| SOURCE CODE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DÝRAFJÖR 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| DRIVE ANGRY 3D | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| DREKABANARNIR ísl tal | kl. 6 | L |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DRIVE ANGRY TEXTALAUS 3D | kl. 5:20 - 8 - 10.30 | 16 |
| THOR 3D | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| RIO 3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PAUL | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| DÝRAFJÖR M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| FAST FIVE | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RED RIDING HOOD | kl. 5:50 | 12 |
| DREKABANAR M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| PAUL | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| ANIMALS UTD M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

TILBOÐSSÝNINGAR
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| PRIEST 3D | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| PRIEST 3D Í LÚXUS | KL. 6 - 8 | 16 |
| PAUL | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 5.20 - 8- 10.40 | 12 |
| FAST FIVE Í LÚXUS | KL. 10 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 6 - 9 | 12 |
| HÆVNEN | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.40 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.40 - 8 - 10.25 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 | 12 |
| PRIEST 3D | KL. 8 - 12 MIÐNÆTURKRAFTSÝN | 16 |
| GNÓMEÓ & JÚLÍA 3D | KL. 5.40 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

BÍÓ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ROUTE IRISH | 17:50, 22:00 |
| CSILLAGOSOK, KATONÁK | 20:00 |
| KURTEIST FÓLK | 18:00 |
| BOY | 20:00, 22:00 |
| DRAUMALANDIð (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 18:00 |
| DJÖFLAEYJAN (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 20:00 |
| SÓDÓMA REYKJAVÍK (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 22:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



# EKKI VERA BERRASSA

## ÞÓ SUMARIÐ SÉ KOMIÐ!

### Mikið úrval af flottum sundfötum fyrir alla fjölskylduna



Linyi bikiní, f/stelpur
Verð áður kr. 5.990
Outlet verð kr. 3.995



Leurope tankini, f/dömur
Verð áður kr. 10.990
Outlet verð kr. 6.500



Laora bikiní, f/stelpur
Verð áður kr. 6.490
Outlet verð kr. 3.995



Labelly bikiní, f/dömur
Verð áður kr. 9.990
Outlet verð kr. 5.995



Lovia bikiní, f/dömur
Verð áður kr. 9.990
Outlet verð kr. 5.995



Lorma bikiní, f/stelpur
Verð áður kr. 4.990
Outlet verð kr. 2.995



Lemoni bikiní, f/dömur
Verð áður kr. 8.990
Outlet verð kr. 5.995



Lamely bikiní, f/ stelpur
Verð áður kr. 5.995
Outlet verð kr. 3.995

Sólarvörn frá Vichy og L'Oreal frá kr. 500 - 1.500
20% afsláttur af öllum stuttermabolum.

KORPU OUTLET

Girnilegasti lagermarkaður landsins!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Ráðandi - auglýsingastofa ehf.

# sport

sport@frettabladid.is



**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR** heldur áfram að fara á kostum í sænska kvennaboltanum. Hún tryggði liði sínu, Kristianstad, sigur á Tyresö í gær með eina marki leiksins. Kristianstad hefur komið skemmtilega á óvart í upphafi tímabils og er í öðru sæti deildarinnar.

# Set mikla pressu á sjálfan mig

**FH-ingurinn Matthías Vilhjálmsson er leikmaður 3. umferðar í Pepsi-deild karla. Matthías lék afar vel gegn Keflavík og skoraði glæsilegt mark beint úr aukaspyrnu. Matthías fékk smjörþefinn af atvinnumennskunni í vetur er hann var lánaður til Englands. Hann segir FH-inga vera rólega þrátt fyrir misjafna byrjun.**

**FÓTBOLTI** „Það var grátlegt að þetta mark skyldi ekki duga til sigurs. Enda lamdi ég fast í jörðina þegar þeir jöfnuðu,“ sagði Matthías Vilhjálmsson, fyrirliði FH, sem taldi sig hafa tryggt FH sigur í Keflavík er hann skoraði glæsilegt mark úr aukaspyrnu af um þrjátíu metra færi.

Gamla brýnið Grétar Ólafur Hjartarson sá aftur á móti til þess að FH fór aðeins með eitt stig í Hafnarfjörðinn er hann jafnaði leikinn fyrir heimamenn í uppbótartíma.

„Við vorum að vonast til þess að byrja mótið aftur. Við erum þó með fjögur stig og það er jafn mikið og eftir fjórar umferðir í fyrra. Ef við vinnum næsta leik er byrjunin betri en fyrir ári. Þetta er því ekki alslæmt en þetta gæti verið betra,“ sagði Matthías, en FH er búið að vinna einn leik, gera eitt jafntefli og tapa einum leik. Liðið er þó aðeins þrem stigum á eftir toppliði KR.

„Það hefur ýmislegt vantað upp á hjá okkur. Við þurfum að taka betri ákvarðanir á síðasta þriðjungi vallarins og nýta færin okkar betur. Svo er svolítið einbeitingarleysi hjá okkur í föstum leikatriðum. Mér finnst við hreinlega hafa verið klaufar í þessum leikjum þar sem við höfum misst stig. Við klárum ekki færin okkar og þá er okkur refsað. Þessu verður að breyta.“

**Lið umferðarinnar**

**4-4-2**

| | |
|---|---|
| Magnús Pétursson | *Stjarnan* |
| Guðmundur Reynir Gunnarsson | *KR* |
| Haraldur Freyr Guðmundsson | *Keflavík* |
| Jón Orri Ólafsson | *Fram* |
| Rasmus Christiansen | *ÍBV* |
| Tómas Óli Garðarsson | *Breiðablik* |
| Matthías Vilhjálmsson | *FH* |
| Viktor Bjarki Arnarsson | *KR* |
| Þórarinn Ingi Valdimarsson | *ÍBV* |
| Robbie Winters | *Grindavík* |
| Garðar Jóhannsson | *Stjarnan* |



**KOMINN Í GANG** Matthías átti magnaðan leik gegn Keflavík og skoraði eitt af mörkum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FH-ingum var spáð titlinum fyrir tímabilið enda liðið ákaflega vel mannað og hópurinn breiður. Matthías segir að menn finni ekkert sérstaklega fyrir pressunni enda ætli FH sér alltaf stóra hluti.

„Pressan hefur engin áhrif á okkur. Þetta hefur alltaf verið svona síðan ég byrjaði í meistaraflokki. Pressan ætti frekar að kalla á að menn væru enn einbeittari en ella,“ sagði Matthías, sem var ekki ánægður með fyrstu tvo leikina hjá sér í mótinu.

„Það eru margir góðir leikmenn í FH og reyndir. Við hjálpumst allir að en ég set alltaf mjög mikla pressu á sjálfan mig. Fyrstu tveir leikirnir voru vonbrigði hjá mér persónulega en mér leið mun betur í Keflavík. Ég vona að með hækkandi sól verði ég enn betri.“

Matthías fór utan til Englands í vetur þar sem hann var í láni hjá enska C-deildarliðinu Colchester. Dvölin þar var styttri en áætlað var enda fékk Matthías lítið sem ekkert að spreyta sig hjá félaginu.

„Dvölin þar gerði mér samt mjög gott og ég lærði heilmikið sem ég get nýtt mér. Það var gott að fá smjörþefinn af atvinnumennskunni því nú veit ég betur hvað þarf til ef ég ætla að komast í atvinnumennsku. Ég bað um að koma heim fyrr þar sem mig vantaði leikæfingu. Ég vildi koma heim og spila þó svo að æfingarnar úti hefðu verið ágætar. Það var nauðsynlegt að fá leiki í Lengjubikarnum svo ég yrði klár fyrir sumarið,“ sagði Matthías.

Þó svo að FH-vélin hafi hikstað örlítið í fyrstu leikjunum segir Matthías engar líkur vera á því að leikmenn liðsins fari á taugum.

„Við erum alveg rólegir. Við þurfum ekkert að panikka fyrr en í svona 20. umferð ef staðan verður slæm þá,“ sagði Matthías léttur.

henry@frettabladid.is



**KENNY DALGLISH** Hefur slegið í gegn með Liverpool eftir áramót. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Dalglish framlengdi:

## Ætlar að eyða skynsamlega

**FÓTBOLTI** Kenny Dalglish skrifaði í gær undir þriggja ára samning við Liverpool og eftir nú farið að huga að því að setja saman leikmannahóp liðsins fyrir næsta tímabil. Dalglish tók við liðinu tímabundið í janúar en fékk nýjan samning eftir að hafa gerbreytt spilamennsku og gengi liðsins.

„Það skiptir ekki máli hvort leikmenn eru keyptir fyrir háar eða lágar fjárhæðir heldur er aðalatriðið að eyða peningunum af skynsemi. Ég hef peninga til þess að eyða í leikmenn en það mun ekki tryggja eitt eða neitt. Ég ætla að eyða skynsamlega í leikmenn í sumar,“ sagði Kenny Dalglish.

„Eins og hjá öllum fótboltaklúbbum verða einhverjar hreyfingar á mönnum inn eða út og ég er viss um að það verður nóg af pælingum um hve sér að koma eða fara. Þið munið jafnvel þekkja einhver nöfnin,“ sagði Dalglish léttur að vanda.

„Við ætlum að stunda góð viðskipti í sumar og því betur sem það tekst, þeim mun betur mun ganga í framhaldinu,“ sagði Dalglish. - óój

Aðalsteinn vann þrekvirki með þýska liðið Eisenach:

## Mikill sigur fyrir mig

**HANDBOLTI** Þjálfarinn Aðalsteinn Reynir Eyjólfsson er heldur betur að gera það gott með þýska B-deildarliðið Eisenach þessa dagana, en það hefur tryggt sér sæti í nýrri B-deild þýska boltans á næstu leiktíð.

„Það er búið að vera gríðarlega mikið undir í vetur og félög að berjast fyrir lífi sínu. Þetta hefur verið merkilegt ár,“ sagði Aðalsteinn, en hans lið er taplaust í tíu leikjum í röð. Þar af unnust níu leikjanna. B-deildin er tvískipt í ár en verður sameinuð í eina á næsta ári. Aðeins níu lið af átján í deild Eisenach fá sæti í nýrri sameiginlegri B-deild á næsta ári. Þeirra félaga sem falla bíður nýtt rekstrarumhverfi og jafnvel gjaldþrot.



„Það má segja að framtíð félaganna hafi verið undir á þessu tímabili,“ sagði Aðalsteinn, sem tók við liðinu í lok síðasta tímabils.

„Það er vel staðið að öllu hér. Vel stutt við liðið, fjórtán atvinnumenn í hópnum og ekki yfir neinu að kvarta. Þetta er það besta sem ég hef komist í á mínum ferli,“ sagði Aðalsteinn, sem verður áfram þjálfari þar sem liðið verður áfram í B-deild. Ef það hefði mistekist væri hann án samnings.

„Þetta var mitt fyrsta ár í þessari deild og ég varð því að sanna mig. Þetta er því mikill sigur fyrir mig persónulega. Ég líki þessu við að vinna titil. Ég vissi ekki hvernig ég átti að vera eftir að áfanganum var náð. Svo var tómarúm daginn eftir en ég er að ná áttum,“ sagði Aðalsteinn léttur. - hbg

HÁDEGISFUNDUR ÍSÍ
Miðvikudagur 18. nóv. kl. 12.00-13.00 í E-sal Íþr.-miðstöðv. í Laugardal. Rúna H. Hilmarsdóttir mun fjalla um íþróttaþátttöku og brottfall. Aðgangur ókeypis og öllum heimill. Uppl. í 460-1467 og á vidar@isi.is
Sjá nánar á www.isi.is

Sigurður Ragnar Eyjólfsson valdi 22 manna hóp fyrir fyrsta leikinn í EM 2013:

## Við fáum engin gefins mörk fyrir að ganga vel í mars

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu spila sinn fyrsta leik í undankeppni EM 2013 þegar Búlgarar mæta á Laugardalsvöllinn í næstu viku. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari er búinn að velja 22 manna hóp fyrir leikinn.

„Við rennum aðeins blint í sjóinn því við höfum aldrei spilað við Búlgaríu en ég er búinn að sjá nokkra leiki með þeim á DVD og þær eru sýnd veiði en ekki gefin,“ sagði Sigurður Ragnar, en þetta verður einn af skyldusigrum stelpnanna í riðlinum. „Þær töpuðu nokkrum leikjum frekar stórt í síðustu undankeppni en þeim tókst líka að ná jafntefli við Danmörku úti í Búlgaríu þannig að þær virðast geta varist. Við þurfum að sýna þolinmæði og reyna að brjóta þær niður,“ segir landsliðsþjálfarinn, en þetta er fyrsta verkefni liðsins síðan það komst í úrslitaleikinn á hinu sterka Algarve-móti.

„Við spiluðum mjög vel á Algarve og þá var liðið sérstaklega öflugt varnarlega og markvarslan mjög góð. Núna reikna ég með að það muni reyna meira á hversu gott liðið er að sækja. Ég hugsa að við verðum miklu meira með boltann í þessum leik og þá snýst þetta aðallega um að reyna að brjóta niður vörnina hjá þeim. Algarve á að gefa okkur byr í seglin en það hjálpar okkur ekki beint því við fáum ekki gefins mark fyrir að hafa gengið vel í mars,“ segir Sigurður.



**SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON** Á leið í þriðju undankeppnina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigurður Ragnar valdi þær stelpur sem voru í aðalhlutverki þegar liðið náði öðru sæti í Algarve-bikarnum og þá kemur Hólmfríður Magnúsdóttir aftur inn í hópinn eftir meiðsli.

Hann valdi líka þrjá nýliða í hópinn, Stjörnustelpuna Eyrúnu Guðmundsdóttur, KR-inginn Katrínu Ásbjörnsdóttur og hina sautján ára gömlu Guðmundu Brynju Óladóttur frá Selfossi.

„Ég hef haldið mig við þessa stefnu því við höfum ekkert 21 árs lið. Þetta er aðeins til að brúa bilið og til að ungir og efnilegir leikmenn fái nasaþefinn af A-landsliðinu,“ segir Sigurður Ragnar. „Við höfum séð unga leikmenn vinna sér sæti í liðinu, eins og Söru Björk Gunnarsdóttur, Dagnýju Brynjarsdóttur og Rakel Hönnudóttur,“ segir Sigurður Ragnar, en Guðmunda hefur verið í aðalhlutverki með 17 ára landsliðinu sem komst alla leið í lokaúrslit EM.

„Hún er aðeins eldri en Sara var þegar ég valdi hana fyrst. Í gegnum tíðina hafa okkar bestu leikmenn byrjað í landsliðinu á þessum aldri og núna höfum við aldrei átt jafn gott 17 ára landslið. Mér finnst mikilvægt að senda þau skilaboð út að ungir leikmenn geti unnið sér sæti í landsliðinu með því að standa sig vel. Ef leikmenn eru nógu góðir á ekki að skipta neinu máli hvað þeir eru gamlir eða hvar þeir spila,“ sagði Sigurður Ragnar að lokum. - óój



BT
syngjandi góð söngvakeppnistilboð
2.699
25 ÁR
EUROVISION
fylgir með öllum sjónvörpum
99.999
verð áður 129.999
30.000 kr. verðlækkun
SAMSUNG
32" LCD C455
1366x768 HD Ready
119.999
SAMSUNG
32" LCD C535
1920x1080 Full HD
2.999
öll lögin í ár
169.999
nýtt
SAMSUNG
40" LCD D555
1920x1080 Full HD 100Hz
199.999
nýtt
SAMSUNG
40" LED D5005
1920x1080 Full HD 100Hz
209.999
verð áður 249.999
40.000 kr. verðlækkun
SAMSUNG
40" LED C6005
1920x1080 Full HD 100Hz
kynntu þér AllShare tæknina !
279.999
nýtt
SAMSUNG
46" LED D5005
1920x1080 Full HD 100Hz
Allshare (DLNA) - USB
399.999
verð áður 469.999
3D
70.000 kr. verðlækkun
SAMSUNG
46" 3D LED C8705
1920x1080 Full HD 200Hz
ConnectShare Movie - USB
279.999
nýtt
51"
stærðin skiptir máli !
3D
SAMSUNG
51" 3D Plasma D555
1920x1080 Full HD 600Hz
Allshare - USB
VAKTALAUST 9
vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Eurovision partýið - allt klárt !!
29.999
verð áður 35.999
SCOTT
hljómtækjastæða með DVD spilara
29.999
verð áður 34.999
ómissandi fyrir stuðið í partýinu
ion
Discover DJ Pro
14.999
ion
Discover DJ
7.999
verð áður 9.999
ion
Discover keyboard
MIDI græja
19.999
ion
Key49 hljómborð
49.999
verð áður 59.999
SAMSUNG
heimabíó 5.1 með DVD
59.999
ion
pro session trommusett
trommaðu í takt við uppáhaldslagið þitt !
opið til 22 alla daga í BT Skeifunni
BT Skeifan - BT Glerártorgi - S: 550-4444 - www.bt.is

> **Katherine Heigl**

„Ein stelpa sagði mér einu sinni að varirnar mínar litu út eins og einhver hefði kramið jarðarberjajógúrt í andlitið á mér.“

***Katherine Heigl leikur framleiðanda morgunþáttar sem er á niðurleið í vinsældum og til að bjarga áhorfinu ræður hún til sín mann sem er mikil karlremba og felur ekki skoðanir sínar um samskipti kynjanna, í rómantísku gamanmyndinni The Ugly Truth sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR FELLUR EKKI FYRIR SUÐURRÍKJAMAT

## *Kássulegir réttir Paulu Deen*

Sjónvarpsstöðin Food Network er nánast föst á skjánum heima hjá mér. Hún er þó í engu uppáhaldi hjá mér, en vegna yfirgangs og einokunar eiginmannsins á sjónvarpsfjarstýringunni fer dagskráin eftir hans höfði. Ég get svo sem ekki kvartað, þetta mikla áhorf hans á matreiðsluþætti skilar sér yfirleitt á kvöldmatarborðið sem dýrindis kræsingar, svo ég ét á mig gat.

Ég á það þó til að detta inn í þætti á þessari stöð. Ekki vegna matarins heldur vegna skrautlegra karaktera sem kokka á skjánum. Ein af mínum uppáhalds er Suðurríkjamaddaman Paula Deen, en hún hefur á skömmum tíma heillað mig upp úr skónum í skærlitum skyrtum



og með hárið blásið svo svakalega að þar gæti auðveldlega leynst heil gauksfjölskylda í hreiðri. Áhorfendum heilsar hún nefmælt, með Suðurríkjakveðjunni „hi y'all“ í tíma og ótíma og hlær hvellum gaggandi hlátri. Mér finnst hún fyndin og skondið hvernig hún slær stundum gesti sína út af laginu með hispurslausri framkomu og glettni. Stundum talar hún líka svo mikið að gesturinn verður algjört aukaatriði og heldur sig til hlés.

En hversu glaðleg og glettin sem hún er langar mig aldrei að borða það sem hún eldar. Djúpsteiktar pitsur, kjúklingakássur eða chilibauna-kjöt-kássur, bornar fram á vöflu með sultu. Þá er ég fegin að hún er ekki í uppáhaldi hjá eiginmanninum.

### RÚV

**14.40 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** (e)
**16.45 Kallakaffi** (9:12)
**17.15 Vormenn Íslands** (3:7) (e)
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Harpa – opnunarhátíð** Bein útsending frá opnunarhátíð tónlistarhússins Hörpu í Reykjavík. Kynnar eru Brynja Þorgeirsdóttir og Margrét Erla Maack. Stjórn útsendingar: Helgi Jóhannesson. Samsent í útvarpi á Rás 1.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Harpa – opnunarhátíð** Bein útsending frá opnunarhátíð tónlistarhússins Hörpu í Reykjavík.
**21.35 Sonur Rambows** (Son of Rambow) Tveir drengir taka sig til og gera bíómynd og fá innblástur úr fyrstu myndinni um garpinn Rambo. Bíómynd frá 2007.
**23.15 Barnaby ræður gátuna – Vitnið** (Midsomer Murders: Last Year's Model) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
**00.50 Elfurin** (Big River) Bíómynd frá 2006 um Japana, Pakistana og bandaríska stelpu sem hittast fyrir tilviljun í eyðimörkinni í Arizona. (e)
**02.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Beverly Hills Cop**
**10.00 A Fish Called Wanda**
**12.00 Pétur og kötturinn Brandur**
**14.00 Beverly Hills Cop**
**16.00 A Fish Called Wanda**
**18.00 Pétur og kötturinn Brandur**
**20.00 The Ugly Truth**
**22.00 Into the Storm**
**00.00 Friday the 13th**
**02.00 Skeleton Man**
**04.00 Into the Storm**
**06.00 Something's Gotta Give**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Life on Mars** (2:17)
**11.50 Jamie Oliver's Food Revolution** (1:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Snow Angels**
**14.45 Auddi og Sveppi**
**15.10 Leðurblökumaðurinn**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (17:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi**
**19.50 American Idol** (34:39) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins fjórir bestu söngvararnir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.
**20.55 American Idol** (35:39) Nú kemur í ljós hvaða þrír keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.
**21.40 Billy Madison** Myndin sem gerði Adam Sandler að stjörnu. Billy Madison á að erfa miljónirnar hans pabba síns en hefur sólundað öllum sínum tíma í skvísur og vín. Brian Madison segir því syni sínum að líklega taki aðstoðarforstjórinn og aulinn Eric Gordon við rekstri fyrirtækisins. Billy vill forða því að svo fari. Hann leggur allt undir og sest aftur á skólabekk með smábörnum til að geta tekist á við hlutverk sitt.
**23.10 Mozart and the Whale**
**00.45 Shooting Gallery**
**02.25 Conspiracy**
**03.55 Snow Angels**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**17.00 Pepsi mörkin**
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum skoðaðir og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
**21.00 FA bikarinn - upphitun** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í FA bikarkeppninni.
**21.30 Einvígið á Nesinu** Sýnt fra einvíginu á Nesinu þar sem flestir af bestu kylfingum landsins í karla- og kvennaflokki voru samankomnir.
**22.25 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**23.15 Box: Manny Pacquiao - Shane Mosley** Útsending frá hnefaleikabardaga í Las Vegas þar sem Manny Pacquiao og Shane Mosley berjast um heimsmeistaratignina í veltivigt.
**00.00 NBA 2010/2011 - Playoff Games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Nott. Forest - Swansea**
**15.40 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**16.55 Everton - Man. City** Útsending frá leik Everton og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Reading - Cardiff**
**20.45 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.15 Premier League Preview**
**21.45 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**22.15 PL Classic Matches: Man. Utd. - Sheffield Wednesday**
**22.45 Premier League Preview**
**23.15 Reading - Cardiff**

### SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (176:181)
**08.45 Rachael Ray** (176:195)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.30 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (1:5)
**16.20 Girlfriends** (12:22)
**16.40 Rachael Ray** (177:195)
**17.25 Dr. Phil** (177:181)
**18.10 America's Next Top Model** (7:13)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (15:50)
**19.45 Will & Grace** (8:25)
**20.10 The Biggest Loser** (3:26)
**21.00 The Biggest Loser** (4:26) Bandarísk raunveruleikasería um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.
**21.45 The Bachelor** (3:11) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum. Þetta er fjórtánda þáttaröðin af Bachelor og piparsveinninn að þessu sinni heitir Jake Pavelka og er atvinnuflugmaður.
**23.15 Parks & Recreation** (1:22)
**23.40 Law & Order: Los Angeles** (8:22)
**00.10 Dr. Phil** (173:181)
**00.25 Whose Line is it Anyway?** (5:39)
**00.50 Saturday Night Live** (19:22)
**00.55 Dr. Phil** (174:181)
**01.45 Girlfriends** (11:22)
**02.05 Will & Grace** (8:25)
**02.25 Penn & Teller** (5:10)
**02.55 Penn & Teller** (6:10)
**03.25 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**07.00 The Players Championship** (1:4)
**15.45 Inside the PGA Tour** (19:42)
**16.10 Golfing World** (85:240)
**17.00 The Players Championship** (2:4)
**23.00 Golfing World** (85:240)
**23.50 PGA Tour - Highlights** (17:45)
**00.10 The Players Championship** (2:4)
**00.45 ESPN America**
**06.00 ESPN America**

### EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.10 Amazing Race** (2:12)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Steindinn okkar** (6:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig, jafnt þá sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hina sem þekktir eru fyrir eitthvað allt annað.
**22.25 NCIS** (14:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**23.10 Fringe** (13:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**23.55 Generation Kill** (3:7)
**01.05 Amazing Race** (2:12)
**01.50 The Doctors**
**02.30 Auddi og Sveppi**
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.
**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Jón Kristinn stýrir heimastjórninni.
**21.00 Kolgeitin** Þið og við elskum Bogomil.
**21.30 Eldhús meistaranna** Skoðum góð ráð hjá Magga og Bjössa á Domo.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í Þýskalandi í 108 ár.
Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

- ✔ Íslenskt stjórnborð
- ✔ Stórt hurðarop
- ✔ Íslenskar leiðbeiningar
- ✔ 20 ára ending
- ✔ Þvottavél verð frá kr. 177.950
- ✔ Þurrkari verð frá kr. 151.450



**Care Collection** þvottaefni, sérstaklega framleitt fyrir Miele þvottavélar

***Farðu alla leið með Miele***

vilborga@centrum.is

Miele

EIRVÍK *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 19.50**

### American Idol

Aðeins fjórir söngvarar eru eftir og að þessu sinni syngja þeir lög eftir lagahöfundana Jerry Leiber og Mike Stoller og fá góð ráð frá Lady Gaga.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Þær höfðu áhrif **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Harpa - Opnunarhátíð **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Kvöldfréttir **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**06.45** Deal or No Deal **07.20** Monarch of the Glen **08.10** Tess of the D'Urbervilles **09.05** Jonathan Creek **09.55** ,Allo ,Allo! **10.25** Fawlty Towers **11.00** ,Allo ,Allo! **11.30** ,Allo ,Allo! **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Fawlty Towers **13.10** ,Allo ,Allo! **13.40** ,Allo ,Allo! **14.15** The Weakest Link **15.05** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.20** ,Allo ,Allo! **16.55** ,Allo ,Allo! **17.30** Kiss Of Death **18.20** Waking the Dead **19.10** Waking the Dead **20.00** The Fixer **20.50** Spooks. Code 9 **21.40** Coupling **22.10** Kiss Of Death

### DR 1

**10.10** Møde med Märta Tikkanen **10.35** Grøn glæde **11.00** Lisa goes to Hollywood **11.30** Ønskehaven **12.00** Vores Liv **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Peter Pedal **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Bonderøven **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2009 **19.00** TV Avisen **19.30** Jagten på lykke **21.20** Passionada

### NRK 1

**11.05** ESC bakomfilm del 2. Sirkuset, stjernene og musikken - Eurov **11.35** Urix **12.00** NRK nyheter **12.05** Schrödingers katt **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Oppdrag Sognefjorden **14.40** Urter **15.00** NRK nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.40** Norge rundt **18.05** Popstokk **18.55** Nytt på nytt **19.25** Mysteriet Norge **19.55** Tause vitner **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tause vitner

### svt1

**10.00** Mitt i naturen Australien **10.30** Landgång Australien **11.00** Eurovision Song Contest **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Party animals **14.55** Himmelblå **15.40** Väsen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Down with Love **20.40** Lady Gaga på Madison Square Garden **22.40** Krig för fred **23.10** Rapport **23.15** Hollywoodredaktionen







FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Dauði með Skálmöld. Mér finnst titill þessa lags eitthvað svo lýsandi fyrir föstudagsstemninguna eftir að ég hætti að drekka.“*

Sigmar Guðmundsson sjónvarpsmaður.

# Eurovision ekki bara hommar með meik

„Ég er forfallinn Eurovision-sjúklingur. Hef lifað tímana tvenna og man ekki eftir maí þar sem ég fylgdist ekki með Eurovision,“ segir þúsundþjalasmiðurinn Gunnar Sigurðarson.

Gunnar og Viðar Ingi Pétursson, félagi hans úr útvarpsþættinum sáluga Grútvarp, lýsa Eurovision-keppninni á morgun í beinni útsendingu á útvarpsstöðinni X977. Gunnar segist vera að svara kalli þjóðarinnar, en nokkur óánægja var með fjarveru Sigmars Guðmundssonar í undankeppninni á þriðjudaginn.

„Eins og þú veist kannski hefur verið gríðarleg undiralda í þjóðfélaginu vegna óánægju með að X-maðurinn Sigmar sé ekki að lýsa keppninni,“ segir Gunnar alvarlegur. „Ég held að útvarpsstöðin hafi fundið fyrir þessum þrýstingi.“

Gunnar segist ekkert hafa út á lýsingu Hrafnhildar Halldórsdóttur að setja, enda fylgdist hann með undankeppninni í breska ríkissjónvarpinu BBC. „Ég veit að það var allt brjálað vegna þess að Sigmar var ekki, en ég get ekki dæmt frammistöðu hennar,“ segir hann.

Gunnar segir Eurovision-keppnina gefa ýmsar pólitískar vísbendingar og fullyrðir að hún lýsi stjórnmálasamstarfi þjóða, þjóðerniskennd og jafnvel umræðu um Evrópusambandið. „Eurovision er ekki bara einhverjir meikaðir samkynhneigðir strákar heldur er keppnin pólitísk saga og menning þjóða,“ segir hann, „Við ætlum að upplýsa og fræða hlustandann – ekki bara í stjórnmálasögu, heldur líka um árangur í Eurovison.“ - afb



**LÝSA EUROVISION** Gunnar og Viðar hyggjast miðla þekkingu sinni á Eurovision og málefnum Evrópu í beinni útsendingu á X-inu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






## BJÖRN BRAGI ARNARSSON: ÆTLUM AÐ GERA ÞRUSUGÓÐAN ÞÁTT

# Nýr skemmtiþáttur tekur við af Audda og Sveppa

Björn Bragi Arnarsson, ritstjóri Monitor, og Þórunn Antonía Magnúsdóttir úr Steindanum okkar hafa verið ráðin til að stjórna vikulegum sjónvarpsþætti á Stöð 2. Þátturinn á að koma í staðinn fyrir Audda og Sveppa, sem hefur verið á dagskrá á föstudagskvöldum síðan í janúar 2009. „Við ætlum að gera þrusugóðan þátt og skemmtilegan,“ segir Björn Bragi en þættirnir eiga að hefjast í haust.

Um hálftíma langan skemmtiþátt verður að ræða fyrir ungt fólk á öllum aldri. „Þetta er algjör draumur. Þetta er mjög skemmtilegt og krefjandi verkefni.“ Björn Bragi er ekki alveg ókunnur sjónvarpsforminu, hann hefur verið með Monitor-sjónvarpsþætti á netinu sem notið hafa töluverðra vinsælda. „Þetta hefur verið fín reynsla og það hefur verið ótrúlega skemmtilegur tími að byggja þetta vikublað upp síðan það kom í mars í fyrra. Monitor TV hefur einnig gengið rosalega vel en þetta verður klárlega skref upp á við og meira krefjandi en áður,“ segir hann um nýja þáttinn á Stöð 2. Einnig stendur til að aukaefni verði á síðunni Visir.is. Björn Bragi, sem er 26 ára, mun starfa áfram hjá Monitor þangað til eftirmaður hans verður fundinn. Vinna við sjónvarpsþáttinn hefst síðan í sumar.

Þórunn Antonía hefur leikið í grínþáttunum Steindinn okkar og hefur því góða reynslu úr sjónvarpi. Hún er að vonum spennt fyrir nýja þættinum. „Ég hlakka mikið til að taka þátt í þessu verkefni og mér líst rosalega vel á það.“ Aðspurð segir hún að vissulega sé það draumur að stjórna eigin sjónvarpsþætti. „Þetta er rosalega skemmtilegt starf. Það er í þessum listageira sem mig hefur langað að halda mig inni í. Það verður gaman að sjá hvað verður úr þessu.“



**MEÐ NÝJAN ÞÁTT** Björn Bragi Arnarsson og Þórunn Antonía Magnúsdóttir stjórna nýjum skemmtiþætti næsta vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þórunn er einnig frambærileg söngkona sem hefur m.a. unnið með bandaríska tónlistarmanninum Beck. Nýtt lag frá henni og popparanum Berndsen kemur eimitt út í dag og nefnist það Out of Touch. „Þetta er sumarslagari. Ég var búin að semja eitthvert kassagítarvæl en ákvað að það væri ekki stemningin og ákvað að breyta mér í poppstjörnu í smá stund í anda Kylie Minogue.“ freyr@frettabladid.is






# Gyðjan opnar skrifstofu í Miami

„Bandaríkjamarkaður er talinn einn sá erfiðasti að komast inn á. Þrátt fyrir það viljum við reyna við markaðinn, þar sem við teljum að vörurnar okkar eigi vel heima þar,“ segir Sigrún Lilja Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri og hönnuður tískumerkisins Gyðja Collection.

Gyðja hefur opnað söluskrifstofu í Bandaríkjunum, nánar tiltekið í borginni sólríku Miami. Skrifstofan sér um sölu og dreifingu á vörum Gyðju og Sigrún segir opnun skrifstofunnar hafa verið í undirbúningi í nokkurn tíma.

„Ég er búin að vera þónokkuð í Bandaríkjunum að skoða markaðinn og kynna mér aðstæður,“ segir Sigrún. „Við höfum verið á sýningum í Bandaríkjunum og fengið góð viðbrögð og náð að selja vörurnar okkar. Það er helst viðskiptaumhverfið þarna og að vera staðsett svona langt frá markaðnum sem hefur gert okkur erfitt fyrir.“

Að sögn Sigrúnar var því borðleggjandi að opna skrifstofu í Bandaríkjunum. Höfuðstöðvar Gyðju verða þó eftir sem áður á Íslandi. „Og við ætlum ekki að breyta því þar sem við erum jú íslenskt merki og sækjum innblásturinn úr einstakri náttúru okkar,“ segir Sigrún. - afb



**TIL MIAMI** Gyðja Collection, tískumerki Sigrúnar Lilju Guðjónsdóttur, hefur opnað skrifstofu í borginni sólríku Miami.




ENNEMM / SÍA / NM46714

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VÍSIR**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á von á strák

Sjónvarpskokkurinn **Hrefna Sætran** á von á sínu fyrsta barni um miðjan september ásamt sambýlismanni sínum, Birni Árnasyni nema. Hrefna á von á strák, sem mun vafalítið lýsa upp glæsilegt heimili parsins í Skerjafirðinum. Hrefna slær þó ekki slöku við þrátt fyrir óléttuna og hyggst opna nýjan og glæsilegan veitingastað undir nafninu Grillmarkaðurinn í Austurstræti í júní. Fyrir rekur hún auðvitað Fiskmarkaðinn í Aðalstræti, sem notið hefur mikilla vinsælda.



### Umdeild mál

Fjölmörg mál í umræðunni eru þannig vaxin að menn virðast skiptast í tvö horn í afstöðu til þeirra, jafnvel þvert á flokkslínur. Eitt slíkt er Icesave og annað er umsókn Íslands að Evrópusambandinu. Í gær hafði verið boðað til kynningarfundar klukkan fimm síðdegis þar sem aðalsamningamaður Íslands, **Stefán Haukur Jóhannesson**, fór yfir stöðuna í aðildarferli Íslands. Líkt og með marga viðburði var tæknin nýtt og fundurinn boðaður á Facebook. Ekki var þó þar að sjá að jafnumdeilt og afdrifaríkt mál trekkti að. Hálftíma fyrir fundartímann höfðu 25 boðað þátttöku, 36 sögðust kannski ætla að mæta, 26 höfðu afboðað sig og beðið var svars frá 468. **- fgg, óká**



## Mest lesið vísir

1. Myndirnar af bin Laden eru skelfilegar
2. Óttast að hér sé „hestaripper“ á ferð
3. Sæbrautin lokuð vegna umferðarslyss
4. Stjórnendur Hörpu féllu á prófinu
5. Bannað að geraða í Flórída





